allt

ÞÓRHILDUR ÞORBERGSDÓTTIR

*Finnst ekki nóg að ganga á jafnsléttu*

heilsa

Í MIÐJU BLAÐSINS



ÞÓRDÍS CLAESSEN

*Gefur út bók um íslenska götulist*

Öðruvísi landkynning en Gullfoss og lundi

FÓLK 46



Fyrir mannlegri borg

Marsibil í 2. sætið 28.01.2006

marsibil.is / málefni / greinar / dagbók



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

24. janúar 2006 — 23. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

## Tekur sig vel út

Þórunn Lárusdóttir leikur einhleypa unga konu í sakamálaþáttunum Allir litir hafsins eru kaldir. Hún er hins vegar komin í fjölskylduhugleiðingar enda ekki kona einsömul.

FÓLK 34



## Forsöluútsölur

Þrátt fyrir að flestir virðist eiga of mikið af öllu lætur fólk sig ekki vanta á útsölurnar, sem voru komnar í gang á þriðja í jólum, segir Inga Rósa Þórðardóttir.

Í DAG 18



## Engin verðlaun á EM

Geir Sveinsson, fyrrverandi landsliðsfyrirliði, segir það ekki raunhæfa kröfu á handboltalandsliðið að það nái verðlaunasæti á EM. Geir segir raunhæft að stefna á sjöunda til áttunda sætið.

ÍÞRÓTTIR 30



## Jón Ingi Hákonarson

Stjórnandi Íslenska bachelors-þáttarins er alveg til í að gera aðra þáttaröð. Jón Ingi á afmæli í dag.

TÍMAMÓT 35



## VEÐRIÐ Í DAG




**ÁFRAM BJARTVIÐRI Í** dag verður strekkingur eða allhvasst allra vestast annars mun hægari. Bjarviðri á Norður- og Austurlandi annars skýjað og lítils háttar rigning eða slydda á Vestfjörðum og á Vesturlandi. Hiti 0-7 stig, mildast vestan til.

VEÐUR 4






# Dómarinn varð við kröfum Hannesar

**Héraðsdómur Reykjavíkur féllst í gær á kröfu Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar um að dómsmáli hans og Jóns Ólafssonar skyldi frestað þar málið væri til lykta leitt í Englandi. Jón ætlar að áfrýja til Hæstaréttar en niðurstaðan kom lögmanni hans á óvart.**

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur úskurðaði í gær að máli Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar og Jóns Ólafsonar skuli frestað þangað til niðurstaða fæst um það hvort dómsmál sem Jón Ólafsson höfðaði gegn Hannesi Hólmsteini í Englandi verði endurupptekið eða ekki, en Hannes Hólmsteinn og lögmaður hans, Heimir Örn Herbertsson, hafa þegar sótt um endurupptöku málsins í Englandi.

Heimir Örn segir það hafa verið kröfu Hannesar að málinu hér heima yrði frestað þangað til málið væri til lykta leitt í Englandi. „Frá upphafi þessa máls hefur það verið okkar krafa að málinu yrði frestað. Það hefur því alltaf legið ljóst fyrir frá minni hálfu að ekki væri hægt að komast undan því að fresta málinu þar til það hefur verið til lykta leitt í Englandi,“ segir Heimir Örn.



JÓN ÓLAFSSON



HANNES HÓLMSTEINN

Ágreiningur um forsendur til þess að fullnusta dóminn sem féll í Englandi, þar sem Hannes var dæmdur til þess að greiða Jóni tólf milljónir króna vegna meiðyrða, hér á landi fær nú að bíða þar til niðurstaða umsóknar Hannesar um endurupptöku málsins á Englandi liggur fyrir.

Jón Ólafsson sagði að frestuninni yrði áfrýjað til Hæstréttar. „Það er aldrei hægt að ímynda sér fyrirfram hver niðurstaða dómstóla verður hverju sinni. En ég tek þessari niðurstöðu, en henni verður áfrýjað til Hæstaréttar.“

Sigríður Rut Júlíusdóttir, lögmaður Jóns, segir þessa niðurstöðu ekki breyta miklu fyrir málið í heild sinni. „Þetta kom nokkuð á óvart en alveg sama á hvorn veginn þetta hefði fallið þá hefði málið alltaf verið kært til Hæstaréttar. Lögum samkvæmt höfum við tvær vikur til þess að áfrýja þessari niðurstöðu til Hæstaréttar og það verður gert.“

- mh



**RAFSUÐA VIÐ HELLISHEIÐARVIRKJUN** Fjöldi erlendra manna vinnur nú við Hellisheiðarvirkjun. Eigandi starfsmannaleigunnar 2B telur að hundruð ef ekki þúsundir erlendra starfsmanna komi til landsins þegar flæði vinnuafls verður frjálst í maí.

Sjá síðu 4

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Landsmenn neyta um tuttugu tonna af súrum pungum á þorranum:

# Meira en nóg til af eistum

**ÞORRINN** „Íslendingar borða um tvö hundruð þúsund eistu á þorranum eða um tuttugu tonn. Í ár er enginn skortur á eistum en heldur enginn afgangur og því má segja að eistnastaða landsmanna sé ljómandi góð,“ segir Ingvar Már Gíslason, markaðsstjóri Norðlenska.

Fyrir þremur árum höfðu fjölmiðlar í Bandaríkjunum eftir Gunnari Níelssyni, þáverandi aðstoðarsölustjóra Norðlenska, að skortur væri á pungum á Íslandi. Íslendingar þjást af eistnaskorti var fyrirsögn í vinsælum vefmiðli vestra, og í kjölfarið barst skrifstofu Ferðamálaráðs í New York tilkynning þess efnis að þáttastjórnandinn Jay Leno myndi hugsanlega taka málið fyrir.

Framleiðsla á þorramat er veigamikill þáttur í starfsemi margra kjötiðnaðarfyrirtækja og segir Ingvar að hjá Norðlenska hefjist undirbúningurinn í september. „Við framleiðum um 75 tonn af þorramat á vertíðinni og sviðasultan ein og sér er samtals um einn kílómetri að lengd,“ segir Ingvar.

- kk



**MÓTMÆLI Í TÍFLIS** Í höfuðborg Georgíu var efnt til mótmæla í gær gegn meintu gasgerræði Rússa. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Rússneskt gas til Georgíu:

## Gruna Rússa enn um græsku

**GEORGÍA, AP** Gasflutningar hófust á ný frá Azerbaídsjan til Georgíu í gær, eftir að sprengingar í jarðgasleiðslum syðst í Rússlandi stöðvuðu þá skyndilega á sunnudag.

Að gasflutningarnir skyldu hafa stöðvast olli harðvítugri rimmu milli ráðamanna í Georgíu og Rússlandi. Sökuðu þeir fyrrnefndu Rússa um að bera ábyrgð á sprengingunum. Þær væru vísvitandi liður í stefnu rússneskra stjórnvalda til að refsa Georgíustjórn fyrir tilraunir sínar til að koma hinu fyrrverandi Sovétlýðveldi út úr segulsviði Moskvuvaldsins. Talsmenn rússneskra yfirvalda vísuðu þessu á bug en staðfestu að um skemmdarverk hafi verið að ræða. ■

Landsvirkjun ræðir við Alcan:

## Lokið verði við stækkun 2010

**RAFORKA** Landsvirkjun og Alcan á Íslandi hafa tekið upp viðræður á samningi um raforku fyrir stækkun álversins í Straumsvík. Fyrirtækin ætla að ljúka viðræðunum fyrir árslok . Álverið þarf fjörutíu prósent meiri raforku eftir stækkunina árið 2010.

Landsvirkjun hyggst veita orkunni úr Búðarhálsvirkjun í Tungnaá og úr virkjunum í neðri hluta Þjórsár sem hlotið hafa samþykki í mati á umhverfisáhrifum.

Þorsteinn Hilmarsson, upplýsingafulltrúi Landsvirkjunar, segir að fundað hafi verið með heimamönnum í síðustu viku: „Fyrir liggur stuðningur við stækkunina frá öllum sveitarfélögum á svæðinu.“

- gag

Verðkönnun ASÍ:

## Munaði allt að 54 prósentum

**VERÐKÖNNUN** Allt að 54 prósenta verðmunur var á verði vörukörfu þegar verðlagseftirlit Alþýðusambands Íslands kannaði verð í matvöruverslunum á höfuðborgarsvæðinu í gær.

Ódýrasta vörukarfan var í verslun Bónuss þar sem hún kostaði 3.286 krónur, en karfan var dýrust í 10-11, þar kostaði hún 5.071 krónu.

Í körfunni voru nítján algengar neysluvörur til heimilisins. Oft var lítill munur á milli verslana. Innan við fjögurra krónu munur var á verði þrettán vörutegunda í körfunni milli Bónuss og Krónunnar og á tólf vörum hjá Bónus og Kaskó.

- th



## SPURNING DAGSINS

*Bergsveinn, ætlið þið að skilja frakkana eftir heima?*

Geymum Frakkana þangað til í undanúrslitum.

Landslið karla í handknattleik er á leið á Evrópumótið sem haldið verður í Sviss. Hefst mótið á fimmtudaginn. Á dögunum spilaði liðið vináttulandsleiki við Frakka en tapaði báðum. Bergsveinn Bergsveinsson er aðstoðarþjálfari Viggós Sigurðssonar.

Landsvirkjun hverfur frá Norðlingaölduveitu:

# Breytt stefna kostar milljarða

**ORKUBÚSKAÐUR** Landsvirkjun ætlar að leggja undirbúning að Norðlingaölduveitu til hliðar. Ákvörðunin var tekin á stjórnarfundi í gær. Einblínt verður á aðra virkjunarkosti á Þjórsár- og Tungnaársvæðinu til að svara orkuþörf sem fyrirsjáanleg er á Suðvesturlandi.

Samkvæmt útreikningum Landsvirkjunar kostar stefnubreytingin 6 til 6,5 milljarða króna. Rannsóknir og undirbúningur að Norðlingaölduveitu hafa kostað 700 milljónir og kostnaðurinn við að nýta aðrar virkjanir til að fá samsvarandi orkumat og Norðlingaölduveita hefði veitt séu rúmir fimm milljarðar.



**ÞORSTEINN HILMARSSON** Upplýsingafulltrúi Landsvirkjunar segir að andstaða meirihluta sveitarstjórnarmanna hafi haft mikið segja um stefnubreytinguna.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson, segir að ekki verði farið í mál við yfirvöld vegna stefnubreytingar um Norðlingaölduveitu: „Á grundvelli þessarar ályktunar gerum við það ekki,“ segir Jóhannes, enda hafi ekki verið tekin endanlega ákvörðun um að hætta við veituna.

Þorsteinn Hilmarsson, upplýsingafulltrúi Landsvirkjunar, segir að andstaða meirihluta sveitarstjórnarmanna í Skeiða- og Gnjúpverjahreppi og þeirra sveitarfélaga austan Þjórsár auk umræðunnar í samfélaginu orsaki stefnubreytinguna. **- gag**

Fjársvikamál í Íslandsbanka:

## Starfsfólk kom upp um fjársvik

**FJÁRSVIKAMÁL** Starfsfólk Íslandsbanka gerði lögreglu viðvart um að hugsanlega væri um fjársvikamál að ræða þegar þrír menn vildu fá lán upp á nokkrar milljónir evra út á falsaða bankaábyrgð frá belgískum banka.

Að sögn Einars Páls Tamimi, yfirmanns lögfræðisviðs Íslandsbanka, lúta verkferlar starfsmanna innan bankans meðal annars að því að koma í veg fyrir það að bankinn sé notaður til peningaþvættis.

„Við teljum verkferla hér innanhúss vera örugga og þetta mál sem nýlega kom upp, staðfestir það.“ **- mh**

Drykkja á kosningaskrifstofu:

## Lögregla aðhefst ekkert frekar

**LÖGREGLA** Sveinn Erlendsson, varðstjóri hjá lögreglunni í Reykjavík, segir að ekkert verði aðhafst frekar vegna eftirlitsferðar sem lögreglan fór í kosningaskrifstofu Björns Inga Hrafnssonar, aðstoðarmanns forsætisráðherra, á laugardagskvöld en grunur lék á að fólk undir lögaldri væri þar að drekka áfengi.



**BJÖRN INGI HRAFNSSON**

„Lögreglan hellti niður áfengi sem ungmenni voru með fyrir utan kosningaskrifstofu á Suðurlandsbraut. Lögreglan brýndi reglur fyrir fólkinu sem var í samkvæminu og aðhafðist síðan ekkert frekar. Meira mun lögreglan ekki gera í málinu.“ **- mh**

# Nefskatturinn vefst fyrir þingmönnum

**Fyrsta umræða um umdeilt frumvarp menntamálaráðherra um Ríkisútvarpið stóð fram á kvöld á Alþingi í gær. Efasemdir komu meðal annars fram um 13.500 króna nefskatt á einstaklinga á fjölmennum heimilum.**

**STJÓRNMÁL** Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráherra fylgdi úr hlaði frumvarpi til laga um Ríkisútvarpið á alþingi í gær.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að Ríkisútvarpinu verði breytt í hlutafélag sem óheimilt verði að selja.

Einnig er gert ráð fyrir að afnotagjöldin verði afnumin 1. janúar 2008 og lagður á 13.500 króna nefskattur á hvern notanda þess í stað.

Fram komu efasemdir um að nefskatturinn væri sanngjarn þar sem mörg ungmenni yfir 16 ára aldri væru í heimili, en ætlunin er að leggja skattinn á alla yfir þeim aldursmörkum.

Hjálmar Árnason, Framsóknarflokki, sagði fyrirkomulagið ekki með öllu gallalaust en á þessu yrði tekið í umfjöllun um málið í menntamálanefnd.

Stjórn Ríkisútvarpsins verður kjörin af alþingi og er ætlað að bera svipaða ábyrgð og almennt gerist í stjórnum hlutafélaga. Ákvarðanir um dagskrá og mannahald verða á ábyrgð útvarpsstjóra. Gert er ráð fyrir auknu svigrúmi útvarpsstjóra til þess að ákvarða hvernig skipulagi rekstrarins verður háttað. Til dæmis er ekki gert ráð fyrir ríkjandi deildaskiptingu innan þess.



**ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR MENNTAMÁLARÁÐHERRA** Stjórnendur ráða dagskránni og innri málum. Þorgerður Katrín er sjálf hlynnt áframhaldandi rekstri Rásar 2.

Ögmundur Jónasson, þingmaður vinstri grænna, gerði réttindi starfsmanna að umtalsefni og sagði að æ ljósara yrði að stjórnarliðum þætti mest um vert að útvarpsstjóri gæti rekið starfsfólk. Útvarpsstjóri yrði undir menntamálaráðherra settur sem færi með 100 prósenta hlut ríkisins.

Sjálfstæðismenn töldu ljóst af málflutningi Samfylkingarinnar að hún aðhylltist að Ríkisútvarpið yrði rekið sem sjálfseignarstofnun.

Mörður Árnason kvað svo ekki vera en sagði að stjórnvöld hefðu yfirleitt selt öll fyrirtæki ríkisins sem breytt hefði verið í hlutafélög.

Menntamálaráðherra var spurð um sölu á Rás 2 og skyldur Ríkisútvarpsins samkvæmt frumvarpinu til að reka eina útvarpsrás að lágmarki. Þorgerður kvaðst sjálf hlynnt því að Rás 2 yrði rekin áfram en stjórnendur Ríkisútvarpsins ættu að hafa um það að segja. Fyrsta umræða um frumvarpið stóð fram eftir kvöldi.

**johannh@frettabladid.is**



**MÖRÐUR ÁRNASON** Ríkisstjórnin hefur alltaf selt fyrirtæki sem hún breytir í hlutafélög að sögn Marðar.



**ÖGMUNDUR JÓNASSON** Ljósara en áður að stjórnarliðum þykir mikilsvert að geta rekið starfsmenn, sagði Ögmundur.



**KÁTUR FORSETI** Evo Morales glaðbeittur með nýskipuðum ráðherrum í La Paz í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Morales skipar í stjórn:

## Marxistar til valda í Bólivíu

**BÓLIVÍA, AP** Evo Morales, sem tók formlega við embætti forseta Bólivíu á sunnudag, kynnti í gær ráðherralista nýrrar ríkisstjórnar. Hann skipaði marxískan blaðamann orkumálaráðherra og forvígismann götumótmæla í embætti vatnsmálaráðherra. Sextán ráðherrar skipa stjórnina og koma þeir úr ólíkum fylkingum indíána, miðstéttar-menntamanna og verkalýðsleiðtoga.

Morales, sem sjálfur er indíáni og fyrrverandi kókaræktandi, hlaut yfirburðakosningu í forsetaembættið. Hann hét kjósendum að færa náttúruauðlindir landsins í hendur heimamanna, en nýting þeirra er að mestu í höndum erlendra stórfyrirtækja. **- aa**

Veitingastaðir í Árnessýslu:

## Voru ekki með tilskilin leyfi

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á Selfossi hafði um helgina afskipti af fjórum skemmti- og veitingastöðum í Árnessýslu en þeir reyndust ekki hafa tilskilin leyfi til reksturs.

Þröstur Brynjólfsson, yfirlögregluþjónn á Selfossi, segir lögreglu fara reglulega í eftirlit þar sem veitinga-, skemmti- og vínveitingaleyfi staðanna eru yfirfarin. „Það kom í ljós að þessu sinni að fjórir staðir höfðu ekki leyfi til þess að starfa þar sem leyfin þeirra voru útrunnin.“ **-mh**

## Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jónínu Benediktsdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugsmálsins eins og það hefði kosið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttnæmt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á munu aðgerðir sýslumanns ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla.

**-ritstj.**


BUFFALO™

TERASTATION
1 TB(4x250GB)
Prentþjónn
FTP Server
Auto Backup
Auto Setup



Heildsöludreifing á Íslandi :
Computer Iceland
Faxafeni 12 – S:533-5550 – www.computericeland.com


Sjávarútvegsráðherra hefur lagt fram breytingatillögu á lögum um stjórn fiskveiða:

# Hámark á krókaaflahlutdeild

**SJÁVARÚTVEGSMÁL** Einar K. Guðfinnsson, sjávarútvegsráðherra, segir frumvarp sem lagt hefur verið fram á Alþingi vera til þess fallið að styrkja smábátaútgerð í minni bæjarfélögum, en í frumvarpinu er meðal annars ákvarðað hámark á samanlagða krókaaflahlutdeild.

„Það er ljóst að þetta frumvarp mun einungis hafa áhrif til framtíðar þar sem enginn þeirra sem nú gerir út er ofan við það hámark sem við viljum koma á. Markmiðið með þessum breytingum er að stuðla að og tryggja þá dreifingu sem hefur verið til staðar í smábátaútgerð. Það er mikil ásókn í hana og það segir sína sögu um hveru kerfið er skilvirkt og gott. En það er mikilvægt, meðal annars af byggðalegum ástæðum, að tryggja tiltekna dreifingu á veiðiheimildunum,“ sagði Einar.



**SMÁBÁTAR Á VEIÐUM** Frumvarp sjávarútvegsráðherra er meðal annars lagt fram til þess að tryggja dreifingu á veiðiheimildum úti um allt land. FRÉTTABLAÐIÐ/KRISTJÁN

Arthur Bogason, formaður Landssambands smábátaeigenda, fagnar þessum breytingartillögum sem sjávarútvegsráðherra hefur sett fram. „Mér finnst rétt að bregðast við samþjöppuninni með því að setja hámark á krókaaflahlutdeild með sama hætti og gert í er í kerfinu fyrir stærri útgerðarfyrirtæki. Ég fagna því þessum tillögum sem fram hafa komið.“

Samkvæmt frumvarpi Einars er lagt til að enginn geti haft yfir meiru að ráða en sex prósent af hlutdeild í þorski, níu prósent í ýsu og sex prósent af heildarverðmæti krókaaflahlutdeildar. **- mh**

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is

ÍSLANDSBANKI

# Hvernig fer ég í útrás?

Íslenskt atvinnulíf er á mikilli siglingu þessa dagana. Við erum að sækja verulega á erlenda markaði og gengi hlutabréfa hefur verið á stöðugri uppleið. Ein leið fyrir þig til að taka þátt í þessum mikla uppgangi er að fjárfesta í íslenskum fyrirtækjum. Þegar slík leið er farin gæti verið öruggara að fjárfesta í mörgum fyrirtækjum og veðja þannig á markaðinn í heild sinni.

Sjóður 6 er í raun fjárfesting í íslensku atvinnulífi. Sjóðurinn fjárfestir í öllum fyrirtækjum á aðallista Kauphallarinnar. Sjóður 6 hefur skilað mjög góðri ávöxtun undanfarin ár, en gengið hefur hins vegar sveiflast verulega. Fjárfesting í þessum sjóð felur því í sér verulega áhættu.



Agla Elísabet Hendriksdóttir
Sjóðstjóri hjá Rekstarfélagi Íslandsbanka.

**FJÁRFESTU Í SJÓÐUM**

**SJÓÐUR 6** – Árleg nafnávöxtun síðustu 5 ár*

# 32,8%

**FJÁRFESTINGAR** – Nokkur helstu fyrirtækin í Sjóði 6

| | |
|---|---|
| Kaupthing Banki hf. | Össur hf. |
| Landsbanki Íslands hf. | Dagsbrún hf. |
| Íslandsbanki hf. | Tryggingamiðstöðin hf. |
| Actavis Group hf. | SÍF hf. |
| Straumur | Icelandic Group hf. |
| FL Group hf. | Avion Group hf. |
| Bakkavör Group hf. | Grandi hf. |
| Mosaic Fashions hf. | |

*Ávöxtun í fortíð er ekki vísbending um ávöxtun í framtíð.
Gengi verðbréfa getur lækkað jafnt sem hækkað.

**Byrjaðu núna! Farðu inn á www.isb.is og kláraðu málið.** Þú getur einnig haft samband við næsta útibú eða við ráðgjafa hjá Eignastýringu Íslandsbanka í síma 440 4920.

Sjóður 6 er vísitölusjóður og fjárfesir í hlutabréfum sem skráð eru á aðallista Kauphallar Íslands og endurspeglar vægi þess í vísitölu aðallista.

## GENGIÐ

**GENGI GJALDMIÐLA 23.01.2006**

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 60,95 | 61,25 |
| Sterlingspund | 108,63 | 109,15 |
| Evra | 74,81 | 75,23 |
| Dönsk króna | 10,024 | 10,082 |
| Norsk króna | 9,3 | 9,354 |
| Sænsk króna | 8,062 | 8,11 |
| Japanskt jen | 0,5331 | 0,5363 |
| SDR | 88,94 | 89,48 |

*Gengisvísitala krónunnar*
104,3602

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Þingmaður frjálslyndra gagnrýnir kostnað við prófkjör framsóknarmanna:

# Dýrasta barátta sögunnar

**STJÓRNMÁL** Sigurjón Þórðarson þingmaður Frjálslynda flokksins kallar prófkjörsbaráttu Framsóknarflokksins í Reykjavík fjáraustur. „Hún er einsdæmi í Íslandssögunni. Maður veltir því fyrir sér hvaðan þessir fjármunir koma," sagði Sigurjón á alþingi í gær.

Sigurjón spurði Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra á alþingi í gær hvað liði því að rammi yrði settur utan um stjórnmálastarfsemi og minnti á að nefnd, sem um málið fjallaði á vegum forsætisráðherra, hefði átt að skila niðurstöðu um áramótin.



**SIGURJÓN ÞÓRÐARSON ÞINGMAÐUR FRJÁLSLYNDA FLOKKSINS** „Maður veltir því fyrir sér hvaðan þessir fjármunir koma."

„Þetta eru miklu meiri fjármunir en Frjálslyndi flokkurinn hefur í allri kosningabaráttu sinni... Eru menn að þakka fyrir sig? Er S-hópurinn að skila til baka fjármunum inn í prófkjörsbaráttuna," spurði Sigurjón.

Halldór Ásgrímsson forsætisráherra sagði að sér væri ekki kunnugt um hverju einstakir frambjóðendur eyddu í kosningabaráttu. Hann vísaði til áðurgreindrar nefndar en þar ættu sæti fulltrúar allra flokka. „Ég vænti þess að fulltrúi frjálslyndra hafi komið sjónarmiðum sínum á framfæri í því nefndarstarfi," sagði Halldór.

Sigurjón Þórðarson taldi víst að stjórnarflokkarnir vildu í raun engu breyta og sagði að hagsmunir peningaafla yrðu á endanum ofan á og á kostnað almannahagsmuna. **- jh**

Norskur vísindamaður:

# Falsaði þrennar niðurstöður

**OSLÓ, REUTERS** Norski læknirinn Jon Sudbø hefur viðurkennt að hafa falsað niðurstöður rannsókna á munnkrabbameini í þremur greinum sem allar voru birtar í virtum læknatímaritum. Lögmaður Sudbøs tilkynnti blaðamönnum þetta í gær, og sagði ástæður læknisins ekki hafa verið fégræðgi, heldur þrá eftir frægð og frama.

Sudbø er vel þekktur munnkrabbameinssérfræðingur og tannlæknir á Ríkissjúkrahúsinu í Ósló. Nefnd óháðra sérfræðinga rannsakar nú mál hans. Sudbø er í veikindaleyfi og hefur ekki tjáð sig opinberlega um málið. **- smk**



**RÚSSAR AUKA ÞRÝSTINGINN** Sergei Lavrov, utanríkisráðherra Rússlands, t.h., og íranski aðstoðarforsætisráðherrann Mehdi Safari .FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kjarnorkudeilan við Íran:

# Spennan eykst

**ÍRAN, AP** Íransstjórn jók á spennuna í deilunni um kjarnorkuáætlun sína í gær, er hún varaði afdráttarlaust við því að verði henni stefnt fyrir öryggisráð Sameinuðu þjóðanna myndi hún taka aftur af fullum krafti til við að gera tilraunir með auðgun úrans.

Ali Asghar Soltaniyeh, sendiherra Írans hjá Alþjóðakjarnorkumálastofnuninni (IAEA), bar heiminum þessi skilaboð. Stjórnarfundur IAEA verður haldinn í Vínarborg eftir viku en þar kann að verða ákveðið að vísa málinu til öryggisráðsins. Það getur ákveðið alþjóðlegar þvingunaraðgerðir gegn Íran. ■

Tveir + einn:

# Árangurslaust fjárnám

**VINNUMARKAÐUR** Fjárnám í starfsmannaleiguna Tveir + einn í Hafnarfirði hefur reynst árangurslaust. Unnið er að því í samvinnu við FH verk að gera upp við menn sem áttu inni laun hjá fyrirtækinu frá því í desember.

Kolbeinn Gunnarsson, formaður verkalýðsfélagsins Hlífar, segir að greiða hafi átt mönnunum á föstudaginn var. Nú sé beðið eftir því að sjá tölurnar til að vita hvort eitthvað standi út af borðinu.

Í framhaldi af því sé hægt að reikna út kröfur til að lýsa fari fyrirtækið í gjaldþrot. **- ghs**

# Býst við þúsundum erlendra starfsmanna til landsins

**Eigandi starfsmannaleigunnar 2B telur að hundruð eða þúsundir manna komi til landsins þegar flæði vinnuafls verður gefið frjálst í maí. Starfsmaður Rais býst við að starfsmönnum fjölgi verulega á árinu.**

**VINNUMARKAÐUR** Eiður Eiríkur Baldvinsson, eigandi starfsmannaleigunnar 2B, telur að þúsundir manna komi til landsins þegar flæði vinnuafls verður frjálst í maí. Hann telur að stór hluti af því fólki komi hingað og starfi utan við lög og reglur nema reynt sé að stemma stigu við því með fræðslu. Markaðurinn sé nú þegar að stærstum hluta neðanjarðar.

Starfsmannaleigan 2B og Rais vinnumiðlun eru einu starfsmannaleigurnar á Íslandi sem hægt er að finna með auðveldum hætti í símaskránni. 2B er ársgamalt fyrirtæki. Eiður rekur hana ásamt Lenu Shchavynska frá Úkraínu. Þau stofnuðu hana upphaflega til að aðstoða landa hennar við að fá vinnu hér en svo vatt reksturinn upp á sig.

Eiður og Lena hafa fengið um 100 Pólverja til landsins frá upphafi, aðallega bílstjóra, tækjamenn og byggingaverkamenn en enga Úkraínumenn, það hefur reynst of mikil skriffinnska.

„Við vildum fá fólk frá Úkraínu því að þar er ofboðsleg eymd og fátækt en við urðum að bíða í sex til átta mánuði til að fá vegabréfsáritun fyrir það," segja þau.



**ERLENDIR STARFSMENN** Búist er við fjölgun erlendra starfsmanna á árinu og þá ekki síst eftir að flæði vinnuafls verður frjálst í vor. Erlendir starfsmenn sinna ýmsum störfum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**STARFSMENN FRÁ PÓLLANDI** Eiður Eiríkur Baldvinsson, annar eigenda 2B.

Þau segjast greiða starfsmönnum 700 krónur á tímann í dagvinnu og 1.260 krónur í yfirvinnu. Starfsmennirnir fá, að sögn, eina heita máltíð á dag, kaffi og meðlæti í vinnunni og frítt húsnæði.



**STARFSMENN FRÁ PORTÚGAL** Fernando Costa, starfsmaður Rais vinnumiðlunar.

Eiður og Lena fara til Póllands, auglýsa þar eftir starfsmönnum og taka alla í ráðningarviðtal og kynna sér vel hæfni fólks. Þau segjast ekki hafa orðið fyrir vonbrigðum með einn einasta starfsmann og enginn hafi verið sendur heim eftir skamma dvöl.

Viðskiptavinir þeirra eru stærstu jarðvinnslufyrirtæki á Kárahnjúkum og stærri byggingafyrirtæki.

Þau segjast hafa óskað eftir samstarfi við verkalýðshreyfinguna, Vinnumálastofnun, Útlendingastofnun og skattyfirvöld í upphafi en því verið fálega tekið.

Fernando Costa, starfsmaður Rais vinnumiðlunar, býst við að starfsmönnum á vegum starfsmannaleigunnar fjölgi verulega á árinu. Hann hefur nú um tuttugu starfsmenn en hefur verið með þrjátíu að meðaltali. Rais er hluti af stórri vinnumiðlun í Portúgal. Starfsmennirnir hjá Rais eru eingöngu Portúgalar og leggur Costa áherslu á að farið sé eftir öllum lögum og borgaðir skattar og skyldur af öllum starfsmönnum.

**ghs@frettabladid.is**


# Aðalfundur Samfylkingarfélagsins í Reykjavík

**Samfylkingarfélagar í Reykjavík eru hvattir til að mæta!**

Aðalfundur Samfylkingarfélagsins í Reykjavík verður haldinn **laugardaginn 28. janúar nk. Fundurinn verður haldinn að Hallveigarstíg 1, niðri, og hefst kl. 13.**

Venjuleg aðalfundarstörf.

Að loknum aðalfundarstörfum, kl. 14, fer fram kynning á frambjóðendum í prófkjöri Samfylkingarinnar í Reykjavík sem fer fram 11. og 12. febrúar nk.

**Stjórnin**

**Sjá nánar á www.sffr.is**

**Samfylkingarfélagið í Reykjavík**


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**HORFIR VEL FYRIR AUSTAN**
Það verður að líkindum sólríkt á austan- og jafnvel norðaustanverðu landinu í dag og næstu daga. Sömu sögu verður vart hægt að segja um höfuðborgina og landið vestanvert. Þar verður þungbúnara. Veður fer hægt hlýnandi. Byrjar vestast í dag og sú þróun heldur áfram til fimmtudags.

**HÖFUÐBORGIN Í DAG**
Suðaustan strekkingur. Skýjað en úrkomulítið. Hiti 2-5 stig.

*um hádegi »*



*» á morgun*



Strekkingur vestan til annars hægari.

*» fimmtudagur*



Strekkingur vestan til annars hægari.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | -2°C | heiðskírt | París | 7°C | hálfskýjað | Alicante | 14°C | heiðskírt |
| Osló | - 3°C | alskýjað | Berlín | -7°C | heiðskírt | Mílano | 6°C | heiðskírt |
| Stokkhólmur | 0°C | alskýjað | Frankfurt | -1°C | heiðskírt | New York | 8°C | léttskýjað |
| Helsinki | - 1°C | alskýjað | Madríd | 11°C | heiðskírt | San Francisco | 16°C | heiðskírt |
| London | 7°C | hálfskýjað | Barcelona | 12°C | heiðskírt | Orlando/Flórída | 26°C | skúrir |

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# FRJÁLSI LÍFEYRISSJÓÐURINN SKILAÐI GÓÐRI ÁVÖXTUN 2005

FRJÁLSI
LÍFEYRISSJÓÐURINN







Frjálsi lífeyrissjóðurinn skilaði góðri ávöxtun 2005. Jafnframt var ávöxtun sjóðsins mun hærri en viðmiðunarvísitölur hans.

Frjálsi lífeyrissjóðurinn er traustur lífeyrissjóður sem rekinn er af KB banka. Sjóðurinn er opinn öllum þeim sem ekki er skylt að greiða í tiltekinn lífeyrissjóð samkvæmt kjarasamningi.

Stærð Frjálsa lífeyrissjóðsins 31. des. 2005: **44,9 milljarðar kr.**

Fjöldi sjóðfélaga 31. des. 2005: **33 þúsund**

Frjálsi lífeyrissjóðurinn hefur verið valinn besti lífeyrissjóður Evrópu í flokknum „Uppbygging lífeyrissjóða“ í árlegri keppni á vegum tímaritsins IPE (Investment & Pension Europe). Með sigrinum skipar Frjálsi lífeyrissjóðurinn sér á bekk með mörgum af stærstu og best reknu lífeyrissjóðum Evrópu á undanförnum árum.



Nánari upplýsingar um Frjálsa lífeyrissjóðinn hjá lífeyrisráðgjöfum
í síma 444 7000 eða á kblifeyrir.is.

KB BANKI

ENNEMM / SÍA / NM20048

* Skuldabréf gerð upp á kaupkröfu.



## KJÖRKASSINN

*Ætlarðu að borða súrmat á þorranum?*

| | |
|---|---|
| Já | 52% |
| Nei | 48% |

SPURNING DAGSINS Í DAG

*Ertu sátt(ur) við fyrirhugaða stækkun álversins í Straumsvík?*

Flugmenn SAS lögðu niður störf í Noregi og Danmörku:

# Þúsundir farþega strandaglópar

**KAUPMANNAHÖFN, REUTERS** Þúsundir farþega flugfélagsins SAS sátu fastir á Kastrup flugvelli í Kaupmannahöfn í gær þegar um 150 flugmenn lögðu niður vinnu án fyrirvara til að mótmæla yfirvofandi kjarabreytingum. Jafnframt eru flugmennirnir ósáttir við orðróm um að einhverjum þeirra verði sagt upp störfum í sparnaðaraðgerð fyrirtækisins.

Jafnframt varð félagið að aflýsa yfir 50 flugferðum frá Noregi, þegar flugmenn SAS Braathens í Noregi tilkynntu sig veika, og taldi talsmaður félagsins að há veikindatíðni norskra flugmanna gæti verið tengd verkfalli danskra starfsbræðra þeirra. Flug var nýkomið í samt lag eftir mikið óveður sem gekk yfir Noreg og Danmörku á föstudag.

Fjöldi Íslendinga varð fyrir óþægindum vegna aðgerða flugmannanna. Óvíst er hvenær flugmennirnir hugsa sér að snúa aftur til starfa. **- smk**



**EKKERT FLUG** Flugmenn SAS í Danmörku og Noregi fóru í fyrirvaralaust verkfall og tilkynntu sig veika í gær í mótmælaskyni við yfirvofandi kjarabreytingar.

Leikskólakennarar álykta:

# Launadeila eykur ólguna

**SKÓLAMÁL** Um 500 leikskólakennarar í Reykjavík hafa lægri laun en 150 ófaglærðir starfsmenn leikskóla sem eru í Eflingu og Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar. Laun leikskólakennara eru allt að hálfri milljón lægri á ári en laun þeirra ófaglærðu, samkvæmt tölum Félags leikskólakennara.

Stjórn félagsins og samninganefnd þess ítrekuðu í ályktun eftir fund í gær að ákvörðun sveitarstjórnarmanna um að fresta því að laun leikskólakennara yrðu hækkuð skapaði enn meiri ólgu og álag í leikskólum en fyrir væri og hefði verið viðvarandi frá því í haust. **- gag**

Krabbameinsfélag Íslands:

# Fær fjörutíu milljóna tæki

**STYRKUR** Krabbameinsfélag Íslands fékk í gær nýtt tæki til leitar að meinum í brjóstum kvenna að gjöf úr Menningarsjóði Íslandsbanka. Það kostar fjörutíu milljónir króna.

Guðrún Agnarsdóttir, forstjóri félagsins, segir tækið stafrænt og því hægt að taka við myndunum til úrlestrar hvaðan sem er. Greining á litlum æxlum sé nákvæmari og tækið gagnist betur við skoðun á brjóstum þeirra kvenna sem hafi þéttan brjóstvef. Tækið komi þó ekki í veg fyrir að brjóstin séu pressuð við myndatökuna: „Það verður að vera lágmarkspressa svo brjóstvefurinn sjáist.“

Guðrún segir lífslíkur íslenskra kvenna hafa batnað meira en flestra annarra í Evrópu: „Hér eru áttatíu prósent kvenna á lífi fimm árum eftir að þær greinast með brjóstakrabbamein.“ **- gag**

Stefán Jón Hafstein:

# Biðin eftir dagforeldri verst

**SOÐANAKÖNNUN** „Niðurstaðan er málum blandin,“ segir Stefán Jón Hafstein, formaður menntaráðs, um skoðanakönnun Fréttablaðsins. Hann telur óánægðu foreldrana helst þá sem ekki komi börnum sínum að hjá dagforeldri: „Sú þjónusta er ekki á vegum borgarinnar en við höfum aukið niðurgreiðslu til hennar og bætt við námskeiðum til að fjölga dagforeldrum.“

Stefán Jón segist þess fullviss að níutíu prósent foreldra leikskólabarna séu ánægðir. Það hafi borgin mælt. „Staðan á leikskólum er samt sú að við höfum fleiri rými en börn í Reykjavík. Það eina sem kemur í veg fyrir að þau komist öll að á leikskólum er að starfsfólk vantar. Höfum við þó hækkað launin eins og frægt er.“ **- gag**

# Meirihluti sáttur við dagvistun í borginni

**Samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins eru flestir sáttir við frammistöðu Reykjavíkurborgar í dagvistun. 28 prósent töldu borgina hafa staðið sig vel, 32 prósent sögðu hana sæmilega og 40 prósent sögðu borgina hafa staðið sig illa.**

**SKOÐANAKÖNNUN** Heldur fleiri íbúar Reykjavíkur telja að Reykjavíkurborg hafi staðið sig illa eða mjög illa í dagvistunarmálum en þeir sem telja að borgin hafi staðið sig vel eða mjög vel. Þetta kemur fram í nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins. Tæp átta prósent telja að Reykjavíkurborg hafi staðið sig mjög vel í dagvistunarmálum, rúm 20 prósent telja borgina hafa staðið sig vel. Tæp 32 prósent telja borgina hafa staðið sig sæmilega. Tæp 29 prósent telja borgina hafa staðið sig illa og rúm ellefu prósent telja borgina hafa staðið sig mjög illa í dagvistunarmálum.

Karlar telja Reykjavíkurborg hafi staðið sig betur í þessum málum en konur. Tæp 30 prósent karla telja borgina hafa staðið sig vel eða mjög vel, en rúm 27 prósent kvenna. Tæp 34 prósent telja borgina hafa staðið sig sæmilega í dagvistunarmálum, en 30 prósent kvenna. Tæp 37 prósent karla telja borgina hafa staðið sig illa eða mjög illa, en tæp 43 prósent kvenna.

Tæpt 21 prósent svarenda sögðust eiga börn á leikskólaaldri og af þeim tóku um 97 prósent afstöðu. Svör þeirra geta gefið til kynna að sá hópur sé aðeins ánægðari með frammistöðu Reykjavíkurborgar í dagvistunarmálum en hópur þeirra sem ekki eiga börn. Rúm 33 prósent foreldra telja Reykjavíkurborg hafa staðið sig vel eða mjög vel, en tæp 27 prósent þeirra sem ekki eiga börn á leikskólaaldri. Tæplega 31 prósent foreldra telja borgina hafa staðið sig sæmilega og 32 prósent þeirra sem ekki eiga börn. Rúm 36 prósent foreldra telja borgina hafa staðið sig illa eða mjög illa í dagvistunarmálum, en rúmt 41 prósent þeirra sem ekki eiga börn á leikskólaaldri. En þar sem foreldrar barna á leikskólaaldri er lítill hópur svarenda ber að taka þeim niðurstöðum með varúð.

Hringt var í 600 Reykvíkinga 21. janúar og skiptust svarendur jafnt milli kynja. Spurt var; „Hvernig finnst þér Reykjavíkurborg hafa staðið sig í dagvistunarmálum?“ 83,5 prósent svarenda tóku afstöðu til spurningarinnar.

svanborg@frettabladid.is

**HVERNIG FINNST ÞÉR REYKJAVÍKURBORG HAFA STAÐIÐ SIG Í DAGVISTUNARMÁLUM?**






**LEIKSKÓLABÖRN AÐ LEIK** Flestir Reykvíkingar eru sáttir við hvernig Reykjavíkurborg hefur staðið sig í dagvistunarmálum. Þeir eru nokkuð fleiri sem telja þó að borgin hafi staðið sig illa eða mjög illa en þeir sem telja að borgin hafi staðið sig vel eða mjög vel.


# Á fleygiferð

## - Vesturland morgundagsins

**Ráðstefna um framtíð Vesturlands**
**Haldin á Bifröst föstudaginn 27. janúar 2006**

**Rannsóknamiðstöð Viðskiptaháskólans á Bifröst og Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi.**

11:00 **Setning.**
*Helga Halldórsdóttir formaður Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi.*
11:05 **Vegalengdir - máttur Sundabrautar.**
*Salvör Jónsdóttir forstöðumaður skipulags- og byggingasviðs Reykjavíkurborgar.*
11:25 **Menntun og framtíð á Vesturlandi.**
*Runólfur Ágústsson rektor Viðskiptaháskólans á Bifröst.*
11:45 **Auðlindin landbúnaður á Vesturlandi.**
*Guðný H. Jakobsdóttir formaður Búnaðarsamtaka Vesturlands.*
12:05 **Hvar standa fjölmiðlar á Vesturlandi?**
*Halldór Jónsson blaðamaður Skessuhorns.*
12.20 **Vaxtarsamningur Vesturlands.**
*Valgerður Sverrisdóttir iðnaðarráðherra.*
12:30 **Matarhlé.**
13:00 **Sjálfbær ferðamennska – tækifæri fyrir Vesturland?**
*Stefán Gíslason umhverfisstjórnunarfræðingur.*
13:30 **Nærandi samfélag!**
*Helena Guttormsdóttir myndlistamaður og kennari við Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri.*
13:40 **Hlutverk Orkuveitu Reykjavíkur.**
*Þorleifur Finnsson sviðsstjóri nýsköpunar hjá Orkuveitu Reykjavíkur.*
14:00 **Betri í dag en í gær.**
*Guðmundur Smári Guðmundsson framkvæmdastjóri Guðmundar Runólfssonar hf.*
14:20 **Faxaflóahafnir - áhrif á iðnað og athafnalíf.**
*Gísli Gíslason hafnarstjóri Faxaflóahafna sf.*
14:40 **Kaffihlé.**
15:00 **Vesturland nær og fjær.**
*Grétar Þór Eyþórsson forstöðumaður Rannsóknamiðstöðvar Viðskiptaháskólans á Bifröst.*
15:20 **Borgarflóttinn.**
*Sigmundur Ernir Rúnarsson fréttastjóri NFS.*
15:40 **Samantekt erinda.**
*Hólmfríður Sveinsdóttir verkefnisstjóri Rannsóknamiðstöðvar Viðskiptaháskólans á Bifröst.*
16:00 **Ráðstefnuslit.**
*Grétar Þór Eyþórsson forstöðumaður Rannsóknamiðstöðvar Viðskiptaháskólans á Bifröst.*

**Á ráðstefnunni verður boðið upp á hádegisverð og í ráðstefnulok verða léttar veitingar í boði Faxaflóahafna.**

**Aðgangur er ókeypis. Skráning fer fram á vef Viðskiptaháskólans á Bifröst www.bifrost.is og í síma 433-3000.**

SKESSUHORN ehf./©2006

VIÐSKIPTAHÁSKÓLINN BIFRÖST
SSV Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi
SPM
KB BANKI
Orkuveita Reykjavíkur


Lokasprettur kosningabaráttunnar í Palestínu:

# Fatah heldur í arfleifð Arafats

**GAZABORG, AP** Frambjóðendur Fatah-hreyfingarinnar og hundruð fylgismanna hennar fóru í pílagrímsheimsókn á heimili Jassers Arafats heitins í Gazaborg í gær, á síðasta degi kosningabaráttunnar fyrir kosningar til palestínska þingsins sem fara fram á morgun, miðvikudag. Vonuðust Fatah-menn, með Arafat-arftakann Mahmoud Abbas í broddi fylkingar, til að áherslan á arfleifð leiðtogans látna myndi hjálpa til að hindra að hreyfingin tapaði of mörgum atkvæðum til hinnar róttæku Hamas-hreyfingar sem skoðanakannanir benda annars til að allt stefni í.

Hamas-hreyfingin hefur það enn á stefnuskránni að eyða Ísraelsríki. Innanríkisráðherra heimastjórnarinnar sagði í gær Fatah ekki munu mynda stjórn nema með flokkum sem styðja friðarferlið.

Hin herskáu samtök Íslamskt heilagt stríð skoruðu í gær á Palestínumenn að sniðganga kosningarnar, þar sem þær væru liður í friðarferli sem þau vilja ekki að Palestínumenn styðji. Áskorunin er ekki talin munu hafa mikil áhrif; reyndar er metkjörsókn spáð. **- aa**



**STANDA VÖRÐ UM ARFLEIFÐ ARAFATS** Varðmenn á kosningafundi Fatah-hreyfingarinnar í Nablus á Vesturbakkanum í gær, með ásjónu Arafats heitins í bakgrunni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# FJÖLBREYTTIR SKÓLAR FLEIRI MÖGULEIKAR

## RÁÐSTEFNA Á NORDICA

**LAUGARDAGINN 28. janúar**
**MILLI 13:00 OG 17:00**

**UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Á**
**WWW.SSSK.IS**

**12.30: Afhending ráðstefnugagna við tóna Hjörleifs Valssonar**

**13.00: Setning ráðstefnu, ávarp menntamálaráðherra Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur**

**13.10: „The Effect of Choice on Public Education in the United States". Amy Borman; lögfræðingur frá Bandaríkjunum og sérfræðingur í rekstrarumhverfi bandarískra skóla**

**13.50: „The Independent School in Denmark - a Challenge to the State School". Per Kristensen; formaður Frie Grundskolers Fællesråd í Danmörku og aðalritari Evrópusamtaka sjálfstæðra skóla**

**14.30: Hlé. Kaffi og meðlæti**

**15.00: „Um hvað snýst fjölbreytni í skólastarfi?". Jón Torfi Jónasson; prófessor við Uppeldis- og menntunarfræðiskor HÍ**

**15.40: Pallborðsumræður fulltrúa stjórnmálaflokkanna sem ræða afstöðu flokkanna gagnvart fjölbreyttu rekstrarformi í skólamálum og afstöðu þeirra til sjálfstæðra leik- og grunnskóla**

- **Framsóknarflokkur: Una María Óskarsdóttir**
- **Frjálslyndi flokkurinn: Ólafur F. Magnússon**
- **Samfylking: Stefán Jón Hafstein**
- **Sjálfstæðisflokkur: Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir**
- **Vinstri hreyfingin – grænt framboð: Svandís Svavarsdóttir**

**16.50: Ávarp. Margrét Pála Ólafsdóttir formaður Samtaka sjálfstæðra skóla.**

**17.00: Ráðstefnuslit. Veitingar við tóna Hjörleifs Valssonar og Tatu Kantoma**

**Ráðstefnustjóri: Edda Huld Sigurðardóttir skólastjóri Ísaksskóla**

**OPIÐ HÚS HJÁ OKKUR 30.janúar**
**allan daginn**

Ásar Garðabæ Barnaskóli Hjallastefnunnar Garðabæ Efrihlið Reykjavík Fossakot Reykjavík Gefnarborg Garði Gimli Reykjanesbæ Heilsuleikskólinn Krókur Grindavík Hjalli Hafnarfirði Hjalli II Hafnarfirði Ísaksskóli Reykjavík Kjarrið Kópavogi Kjarrið Garðabæ Korpukot Reykjavík Landakotsskóli Reykjavík Leikskólinn 101 Reykjavík Lundur Reykjavík Myndlistaskólinn í Reykjavík Reykjavík Mýri Reykjavík Barnaheimilið Ós Reykjavík Regnboginn Reykjavík Reykjavík International School Reykjavík Sjáland Garðabæ Skerjagarður Reykjavík Sólgarður Reykjavík Suðurhlíðarskóli Reykjavík Sælukot Reykjavík Tjarnarskóli Reykjavík Undraland Kópavogi Vinagarður leikskóli KFUM/K Reykjavík Vinagerði Reykjavík Vinaminni Reykjavík Waldorfskólinn Sólstafir Reykjavík Waldorfleikskólinn Sólstafir Reykjavík Waldorfleikskólinn Sólstafir/Höfn Reykjavík Waldorfleikskólinn Ylur Kópavogi Waldorfskólinn Lækjarbotnum Kópavogi

samtök sjálfstæðra skóla

NÝSIR

VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS

ÍSLANDSBANKI

MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ






Damon Albarn er ósáttur við kostnaðarauka vegna breytinga á húsi sínu:

# Vill að Hönnun beri ábyrgð

**DÓMSMÁL** Dómskvaðning matsmanna í máli tónlistarmannsins Damons Albarn gegn verkfræðistofunni Hönnun hf. fór fram í gær, en Albarn ákvað að fara í mál við fyrirtækið eftir að kostnaður við breytingar á húsi hans í Grafavoginum fór langt fram úr áætlunum.

Albarn keypti parhús í Grafarvogi sem hann ákvað að breyta í einbýlishús og lét hann hanna fyrir sig breytingarnar. Hönnun hf. tók að sér að búa til kostnaðaráætlun fyrir verkið og var ráðist í verkið þegar því var lokið. Hönnun hf. hafði yfirumsjón með breytingunum á húsinu, og fór kostnaðurinn við breytingarnar langt fram úr áætlunum á endanum.



**HÚSIÐ Í GRAFARVOGI** Kostnaðurinn við breytingar fór langt fram úr áætlun. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Heimir Örn Herbertsson, lögfræðingur Albarns, segir kostnaðinn við húsið hlaupa á mörgum milljónum króna. „Framkvæmdirnar urðu mun dýrari en þær áttu að verða samkvæmt áætlunum og Albarn var ekki látinn vita af því að kostnaðurinn við þessar breytingar á húsinu væri orðinn mun meiri. Við teljum því að Hönnun hf. eigi að bera ábyrgð á því að kostnaðurinn fór svo langt fram úr áætlunum.“

- mh

Frumvarp iðnaðarráðherra:

## Hönnuðir skuli vera faglærðir

**ATVINNA** Grafískir hönnuðir munu þurfa að hafa lokið BA-prófi í faginu vilji þeir vera þekktir sem slíkir ef nýtt frumvarp iðnaðarráðherra um löggildingu starfsheitisins nær fram að ganga. Í því er lagt til að starfsheitið grafískur hönnuður verði verndað með lögum með það að markmiði að efla íslenska hönnun og bæta auglýsingamennsku.

Félag íslenskra teiknara verður umsagnaraðili um erindi þegar menn hafa ekki sjálfkrafa rétt á starfsheitinu.

-sh

**SVÍÞJÓÐ**

**Undir fölsku flaggi** Sænskur blaðamaður er sakaður um að hafa villt á sér heimildir þegar hann skrifaði um ránið á framkvæmdastjóra sænska fyrirtækisins Siba í fyrra. Sænskir vefmiðlar hafa eftir vitnum að blaðamaðurinn hafi þóst vera lögreglumaður en hann neitar því.



**MEINTUR NJÓSNARI** Mynd úr frétt sjónvarpsstöðvarinnar Rossiya á sunnudag, sem sögð er sýna ungan breskan sendiráðsstarfsmann sækja upplýsingar úr „njósnasteininum“. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Saka Breta um njósnir

**Rússneska leyniþjónustan FSB segist hafa staðið breska sendiráðsstarfsmenn að njósnum. Málið hefur vakið furðu í Bretlandi.**

**RÚSSLAND, AP, REUTERS** Talsmenn rússnesku leyniþjónustunnar FSB fullyrtu í gær að hún hefði flett ofan af fjórum breskum njósnurum sem störfuðu í breska sendiráðinu í Moskvu. Sökuðu þeir Bretana um að koma fé til frjálsra félagasamtaka sem starfa í Rússlandi, þar á meðal einum best þekktu mannréttindasamtökunum þar í landi.

Þessar ávirðingar komu fram daginn eftir að rússnesk ríkissjónvarpsstöð sendi út frétt með myndefni sem sagt var að sýndi fjóra breska sendiráðsstarfsmenn sækja upplýsingar úr rafeindanjósnabúnaði sem komið hefði verið fyrir í holum steini á torgi í Moskvu. Með búnaðinum hefði verið safnað upplýsingum frá rússneskum leyniþjónustumönnum.

Hvorki í sendiráði Breta í Moskvu né utanríkisráðuneytinu í Lundúnum vildu menn tjá sig um málið í gær. Tony Blair forsætisráðherra sagði á blaðamannafundi að hann hefði aðeins heyrt um þetta meinta njósnamál í fjölmiðlum og vildi ekki tjá sig frekar um það.

Yfirmaður FSB, sem er arftaki gömlu sovésku leyniþjónustunnar KGB, sakaði í fyrra leyniþjónustur Bandaríkjanna og annarra vestrænna ríkja um að beita frjálsum félagasamtökum til njósna í Rússlandi og til að kynda undir pólitískri ólgu í fyrrverandi Sovétlýðveldum. Með því var hann að vísa til atburða eins og „appelsínugulu byltingarinnar“ í Úkraínu sem kom Moskvuhollum mönnum frá völdum þar. Vladimír Pútín forseti, sem sjálfur er fyrrverandi KGB-foringi, hefur einnig látið svipuð orð falla.

Talsmaður FSB, Sergei Ignatsjenkó, sagði að málið ætti að útkljá „á stjórnmálasviðinu“, en þar með virtist átt við að bresku sendiráðsstarfsmönnunum kynni að verða vísað úr landi.

Talsmenn frjálsra félagasamtaka í Rússlandi eru uggandi og segjast óttast að þessu meinta njósnamáli sé beint gegn þeim í kjölfar þess að sett voru ný lög sem þrengja mjög að starfsemi slíkra samtaka í landinu.

Ljúdmíla Alexeijeva, formaður Moskvudeildar mannréttindasamtakanna Helsinki-hópsins, sem í frétt rússneska sjónvarpsins var sagður í tengslum við hina njósnandi Breta, tjáði Reuters-fréttastofunni að málinu væri ætlað að setja þrýsting á þá sem beita sér fyrir vernd borgararéttinda í Rússlandi. „Ég tel þetta vera lið í herferð gegn frjálsum félagasamtökum í Rússlandi sem er skipulögð að ofan og sjónvarpsstöðvarnar eru þátttakendur í,“ segir hún. „Þetta er algert „déjà vu“ frá dögum Sovétríkjanna.“

audunn@frettabladid.is



www.icelandexpress.is

FIFA WORLD CUP GERMANY 2006 ©

Iceland Express FÆRIR ÞÉR HM Á SÝN




# SÓFINN OG STÚKAN!

## Við færum þér HM á SÝN og við getum líka fært þig á HM í Þýskalandi

Nú styttist í að bestu þjóðir heims í fótbolta komi saman og leiki til þrautar. Iceland Express er það mikil ánægja að færa HM á SÝN inn á heimili landsmanna.

En við gerum gott betur. Í vor bætir Iceland Express við tveimur nýjum áfangastöðum í Þýskalandi, Berlín og Friedrichshafen, til viðbótar við Frankfurt Hahn. Við færum þér því ekki einungis HM á SÝN heldur getum við fært þig beinustu leið í fjörið á HM í Þýskalandi.

Hvort sem stúkan eða sófinn verður fyrir valinu, verður Iceland Express með þér á HM.

Iceland Express

Iceland Express, Grímsbæ, Efstalandi 26, Sími 5 500 600



**FIMBULVETUR** Miklir kuldar herja nú á Austur-Evrópu og Skandinavíu og hafa fjölmargir látist vegna þeirra síðustu vikur. Þessi rúmenska kona er þó vel búin og virðist ekki finna mikið fyrir frostinu, sem fór niður í 25 stig í Rúmeníu í gærmorgun. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kanadamenn gengu til þingkosninga í gær:

# Líkur á minnihlutastjórn

**KANADA, AP** Þegar kjörstaðir lokuðu í Kanada í gær benti flest til að stjórnarskipti yrðu í landinu og að Íhaldsflokkurinn næði að mynda minnihlutastjórn. Fari svo verður Stephen Harper, leiðtogi flokksins, næsti forsætisráðherra.

Kosningabaráttan stóð einna helst milli tveggja stærstu flokkanna, Íhaldsflokksins og Frjálslynda flokksins. Fyrir kosningar gáfu skoðanakannanir til kynna að Kanadabúar væru búnir að fá nóg af fjármálasukki frjálslyndra, sem setið hafa við stjórnvölinn seinustu 13 árin. Minnihlutastjórn þeirra var felld í vantraustsatkvæðagreiðslu í nóvember eftir að upp komst um spillingu innan flokksins.

Harper hefur lofað að bæta samskiptin við Bandaríkin, en margir kjósendur segjast óttast hversu hægrisinnaður hann er og telja að hann verði handbendi George W. Bush Bandaríkjaforseta. Íhaldsflokkurinn verður að ná minnst 155 sætum af þeim 308 sem í þinginu eru til að ná meirihlutastjórn.

Byrjað var að telja síðustu atkvæðin á vesturströndinni klukkan þrjú í nótt að íslenskum tíma, og lokaúrslita er að vænta síðar í dag. - smk



**KOSNINGAR Í KANADA** Stephen Harper, formaður Íhaldsflokksins í Kanada, sést hér flytja eina af síðustu kosningaræðum sínum í Winnipeg á sunnudag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Iceland Express:

## Millilandaflug frá Akureyri

**FERÐAMÁL** Iceland Express mun hefja beint vikulegt flug milli Akureyrar og Kaupmannahafnar 29. maí. Ferðirnar verða farnar fram á haust og til athugunar er að framlengja þær jafnvel eitthvað fram á næsta vetur.

Flugmiðinn frá Akureyri, höfuðstöð Norðurlands og Danmerkur, á að kosta það sama og aðrir farmiðar hjá Iceland Express, 7.995 krónur aðra leið.

Í sumar mun Iceland Express einnig fljúga til Frankfurt, Friedrichshafen, Berlínar, Stokkhólms og Alicante auk Lundúna og Kaupmannahafnar. -sh

Samræmd vísitala EES-landa:

## Verðbólga hér er næstminnst

**EFNAHAGSMÁL** Frá desember 2004 til 2005 var verðbólga, mæld með samræmdri evrópskri vísitölu, 2,1 prósent að meðaltali í ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins. Hér var hún 1,0 prósent.

„Húsnæði er ekki inni í samræmdu vísitölunni,“ segir Guðrún R. Jónsdóttir á vísitöludeild Hagstofunnar. Með húsnæði var verðbólga hér á þessu tímabili 4,1 prósent. Guðrún segir húsnæðisverð trúlega ekki verða tekið inn í samræmdu evrópsku vísitöluna fyrr en árið 2008.

Mesta verðbólgan á tímabilinu mældist 7,1 prósent í Lettlandi, 3,9 prósent í Slóvakíu og 3,7 prósent á Spáni. Minnst var verðbólgan 0,8 prósent í Póllandi, 1,0 prósent hér á landi og 1,1 prósent í Finnlandi. - óká

Samtök um kvennaathvarf gagnrýna breytingar á frumvarpi á sviði sifjaréttar:

# Ofbeldi kemur ekki í veg fyrir sameiginlega forsjá barna

**LAGASETNING** Samkvæmt frumvarpi sem liggur fyrir Alþingi um breytingar á barnalögum verður sameiginleg forsjá foreldra meginreglan án þess að tillit sé tekið til þess hvort ofbeldi hafi verið beitt á heimilinu fyrir skilnað eða í skilnaðarferlinu.

Þetta gagnrýna Samtök um kvennaathvarf sem segja að ljóst sé af umfangi kynbundins ofbeldis að sameiginleg forsjá sé börnum ekki alltaf í hag. Benda þær á máli sínu til stuðnings að eðli kynbundins ofbeldis sé langvarandi kúgun eða valdníðsla og dæmin sýni að aðeins lítill hluti þolenda kæri ofbeldið. Sagan sýni einnig að kynbundið ofbeldi hefjist eða magnist við skilnað.

Þannig sé afar takmörkuð vitneskja um þann fjölda barna sem býr við ofbeldi á heimilum sínum og lýsa samtökin furðu á að ekki sé vikið einu orði að kynbundnu ofbeldi í frumvarpi því er nú liggur fyrir þingi. Það uppfylli hvorki samþykktir né jafnréttislög. -aöe



**ÍSLAND TÍU ÁRUM Á EFTIR** Gangi breytingar á barnalögum í gegn verða Íslendingar tíu árum á eftir hvað varðar hugmyndir um sameiginlega forsjá og umgengni. AFP/NORDICPHOTOS.AFP

Baldur til sölu:

## Kauptilboð kom frá Finnlandi

**SAMGÖNGUMÁL** Samningar um sölu á Breiðafjarðarferjunni Baldri eru nú í undirbúningi og hefur tilboði í ferjuna frá finnsku fyrirtæki verið tekið.



**FERJAN BALDUR** Sést hér við höfnina í Stykkishólmi.

Pétur Ágústsson, framkvæmdastjóri Sæferða sem sér um rekstur Baldurs, segir að nú sé til skoðunar að kaupa nýtt og stærra skip. „Baldur er í eigu ríkisins en við erum nýbúin að ganga frá nýjum verktakasamningi um rekstur ferjunnar og kaup á nýju hollensku skipi eru í skoðun. Sú ferja er aflmeiri og getur flutt mun fleiri farþega og bíla.“

Sæferðir gengu nýverið frá samkomulagi við íslenska ríkið um rekstur ferjunnar út árið 2010. - mh




# Hástökkvarinn

**Úrvalssjóður VSP náði 72% ávöxtun síðustu 12 mánuði**

Úrvalssjóður Verðbréfaþjónustu sparisjóðanna náði 72,10% ávöxtun síðustu 12 mánuði* sem er glæsilegur árangur. VSP er verðbréfafyrirtæki í eigu sparisjóðanna sem annast eignastýringu, miðlun verðbréfa og fjárfestingarráðgjöf. Undir merkjum VSP eru reknir 8 verðbréfa- og fjárfestingarsjóðir.**

Þjónusta VSP er framsækin, byggð á traustri og óháðri ráðgjöf vel menntaðs fagfólks. Slástu í hópinn og tryggðu þér úrvals ávöxtun á sparifé og frábæra ráðgjöf.

* Miðað við 10. janúar 2006. Ath. ávöxtun í fortíð er ekki ávísun á ávöxtun í framtíð.
** Úrvalssjóðurinn er verðbréfasjóður sem starfar skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Úrvalssjóðurinn er rekinn af Rekstrarfélagi Sparisjóðsins. Útboðslýsingu sjóðsins og útdrátt úr útboðslýsingu má nálgast á www.vsp.is

VSP
VERÐBRÉFAÞJÓNUSTA SPARISJÓÐANNA

Fjárfestu í sjóðum eða fáðu nánari upplýsingar á afgreiðslustöðum Sparisjóðsins um allt land, á **www.vsp.is** eða í síma **575 4400**.

FIFA WORLD CUP
GERMANY
2006
MasterCard FÆRIR ÞÉR HM Á SÝN



Knattspyrna er langvinsælasta íþrótt veraldar.

Fáar íþróttir vekja sama ákafa eða ástríðu meðal áhangenda. MasterCard vill leyfa sem flestum að upplifa stemmninguna í kringum knattspyrnu.

Þess vegna er MasterCard stærsti styrktaraðili við knattspyrnu í heimi.

***Þess vegna er MasterCard ákafur stuðningsaðili HM 2006.***

*Góða skemmtun!* MasterCard




**PLAYBOY MÓTMÆLT** Indónesískar múslimakonur héldu mótmælafund við upplýsingaráðuneyti Indónesíu í Jakarta í gær og mótmæltu tilvonandi útgáfu Playboy þar í landi. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Stuðningsmiðstöð fyrir krabbameinsgreinda telur andlegan stuðning mikilvægan:

# Vonar að yfirvöld sjái ljósið

**HEILSA** Ljósið, sem er endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð fyrir krabbameinsgreinda og aðstandendur þeirra, kynnti á dögunum starfsemi sína á fundi í Neskirkju, þar sem starfsemin er til húsa.

Ljósið hóf þjónustu sína í september og að sögn Ernu Magnúsdóttur iðjuþjálfa, sem hefur yfirumsjón með starfinu, koma þangað á milli 30 og 40 manns í hverri viku.

Í fréttatilkynningu frá miðstöðinni segir að þjónusta sem stuðlar að aukinni virkni og þátttöku krabbameinssjúkra í samfélaginu ætti með réttu að vera jafnmikilvægur þáttur meðferðar og til dæmis lyfjagjöf.



**FULLT ÚT ÚR DYRUM** Mikið fjölmenni var á fundinum í Neskirkju.

„Ég tel að þetta sé mjög ódýrt í rekstri því við erum ekki með neitt bákn yfir okkur," segir Erna.

„Skjólstæðingarnir koma með hugmyndir sínar og láta vita hvers konar stuðnings þeir þarfnast. Ég er viss um að þetta sparar þjóðfélaginu mikla peninga og spornar við örorku þegar til lengri tíma er litið. Við drögum úr þunglyndi, þreytu og kvíða með því að virkja fólk í heilsueflandi verkefnum."

Erna segist vonast eftir þjónustusamningi við yfirvöld. „Eins og er getum við bara haft opið tvo til þrjá tíma í senn fjóra daga í viku. Við erum að reyna að fjármagna eitt stöðugildi svo við getum haft opið alla daga því þá getum við tekið á móti margfalt fleirum." -sh

Danir ganga í ásatrúarfélög:

# Ásatrú nýtur æ meiri vinsælda

**DANMÖRK** Félögum ásatrúarmanna hefur fjölgað mjög í Danmörku undanfarin ár.

Nú eru starfandi ásatrúarfélög í landinu á milli þrjátíu og fjörutíu. Danska dagblaðið Politiken segir frá því í sunnudagsútgáfu sinni að félögum eins stærsta ásatrúarfélagsins hafi fjölgað um rúman helming á liðnum þremur árum.

Elstu félögin í Danmörku hafa verið starfandi í fimmtán ár en fram kemur í fréttinni að þessi þróun eigi upptök sín á Íslandi þar sem Félag ásatrúarmanna hafi verið stofnað á áttunda áratugnum. - ks

Frumkvöðla-
verðlaun
Icelandair
2006

Icelandair leitar að samstarfsaðila sem lumar á nýrri vöru og/eða viðburði sem gæti höfðað til erlendra ferðamanna.
Við leitum í hugmyndasmiðju ykkar að vöru/viðburði sem gæti verið gangsettur eða verður í gangi frá september 2006.

Besta hugmyndin hlýtur nafnbótina Frumkvöðlaverðlaun Icelandair (Icelandair Pioneer Award Winner) og verður sem slík tekin undir „væng" Icelandair og markaðssett erlendis á vefsíðum félagsins.

***Verðlaunin eru vegleg eða 500.000 kr. og 10 farseðlar á leiðum Icelandair til að kynna vöruna/viðburðinn erlendis.***

Tillögum skilist á einu A4 blaði á ***frumkvodull@icelandair.is*** eða sendist til ***Frumkvöðlaverðlaun Icelandair, Aðalskrifstofa Icelandair, 101 Reykjavík.***
Allar nánari upplýsingar á ***www.icelandair.is/frumkvodull***.

***Skilafrestur er til 1. mars*** og vinningshafar verða tilkynntir í apríl/maí.

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS ICE 30814 01/2006

ICELANDAIR
www.icelandair.is

FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000



**LÖGREGLUMENN AÐ STÖRFUM** Grenndargæsla lögreglunnar í Grafarvogi hefur borið mikinn árangur. Horft er til hennar sem fyrirmyndar í öðrum hverfum borgarinnar.

# Vilja samstarf við lögreglu

**Borgaryfirvöld hafa boðið lögreglu í samstarf í þjónustumiðstöðvum borgarinnar. Áhersla er lögð á grenndargæslu til að stemma stigu við afbrotum.**

**OFBELDISMÁL** Borgaryfirvöld hafa boðið lögreglunni að starfa með sér undir einu þaki í þjónustumiðstöðvum sem hafa verið stofnaðar á sex stöðum í borginni til að sinna svokallaðri grenndarþjónustu, að sögn Dags B. Eggertssonar borgarfulltrúa sem sæti á í samstarfsnefnd Reykjavíkurborgar, lögreglunnar og dómsmálaráðuneytisins. Lögreglan er nú komin í tvær stöðvar af þessum sex, í Grafarvogi og nú síðast í Breiðholti.



**DAGUR B. EGGERTSSON** Öryggistilfinning er grundvallaratriði í lífsgæðum.

Dagur segir niðurstöður nýlegrar könnunar, þar sem fram kemur að mikill meirihluti kvenna óttast að vera einar á ferð um miðborgina um helgar, mikið áhyggjuefni.

„Öryggi og öryggistilfinning er algjört grundvallaratriði í lífsgæðum," segir hann. „Það skiptir engu máli hversu lifandi borgin er og skemmtileg ef fólk treystir sér ekki út úr húsi til þess að njóta þess. Því hef ég beitt mér fyrir því á undanförnum árum að gert verði átak í samstarfi lögreglu og borgarinnar. Þess er þörf."

Dagur segir slíkt átak felast í aukinni og sýnilegri löggæslu á götum úti og áherslu á að lögreglan vinni meira með borgaryfirvöldum úti í hverfunum, þannig að hverfalöggæslan verði aukin. Hann bendir á samstarf borgaryfirvalda og lögreglu í Grafarvogi til sex ára og segir að kannanir þar sýni að þar sé öryggistilfinningin ríkust. Þar hafi lögreglan unnið ásamt sérfræðingum borgarinnar, skólum og foreldrum, að því að taka snemma á málum. Þaðan sé sprottið tilraunaverkefnið Hringurinn sem í felist sáttaumleitanir þar sem ungir afbrotamenn þurfa að horfast í augu við þann skaða sem þeir hafi valdið og bæta fyrir hann í samvinnu við þolandann.

„Á þennan hátt verða afbrotavarnirnar miklu markvissari," segir Dagur og kveðst vona að pólitísk ákvörðun verði tekin í tengslum við skipulagsbreytingar löggæslunnar í landinu um að lögregla verði í öllum þjónustumiðstöðvunum. Markmiðið sé aukin og sýnilegri löggæsla á götum úti í öllum hverfum borgarinnar. Öryggið skipti öllu máli.

jss@frettabladid.is

x2

Reykvíkingar styðjum Gest Kr. í 2. sætið

Prófkjörið er opið öllum íbúum Reykjavíkur án skráningar í Framsóknarflokkinn. Það munar um hvert atkvæði!
Þinn stuðningur skiptir máli!

Hringdu í Gest, **8458742** eða **5878742** hann vill heyra í þér!

www.gestur**INN**.is gestur**INN**@visir.is


Kraftmikinn mann í borgarstjórn


FIFA WORLD CUP
GERMANY
2006
Landsbankinn færir þér HM á SÝN
Þegar flautað er til leiks erum við hjá Landsbankanum mætt á völlinn. Það jafnast fátt á við hraðan samleik, flotta fyrirgjöf eða fallegt mark. Við njótum þess í botn þegar stemningin á vellinum er á suðupunkti.
Við elskum fótbolta. Þess vegna spilum við með Landsbankadeildinni og þess vegna bjóðum við til stærstu knattspyrnuveislu í heimi – HM í Þýskalandi 2006.
Landsbankinn
Banki allra landsmanna
410 4000 | landsbanki.is

## Svona erum við

> Fjöldi skráðra nemenda á framhaldsskólastigi 2005




Heimild: Hagstofa Íslands

# baksvið
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** FUGLATALNING NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUNAR ÍSLANDS

# *Rannsóknir sem á eftir nýta enn betur*

Fuglatalning Náttúrufræðistofnunar Íslands hófst fyrir meira en fimmtíu árum en þá hafði talningin einungis það markmið að kanna hvaða tegundir væri að finna hér á landi á hinu ýmsu tímum ársins.
Síðan þá hefur skipulega verið haldið utan um allar þær tegundir sem hingað hafa komið og er nú svo komið að vel á annað hundrað fuglategundir hafa sést hér á landi á þessu fimmtíu ára tímabili.



**Hvernig nýtast þessar árlegu talningarnar?**
Ítarlegt yfirlit yfir lífríki fugla hér á landi nýtist til margrar nytsamlegra rannsókna. Talningarnar draga fram hvaða fuglategundir það eru sem eru mikilvægastar í íslenskri náttúru en í kringum fjörutíu tegundir teljast þess hóps. Talningarnar fara að mestu leyti fram á sömu svæðunum ár eftir ár og er notast við staðlaðar aðferðir til þess halda nákvæmlega utan fjölda tegunda á hverju svæði fyrir sig. Upplýsingarnar sem safnast saman með þessu aðferðum gefa skýra mynd af lífríki fugla í íslenskri náttúru og sýna vel stofnstærðir hverjar tegundar fyrir sig. Talningin þjónar því fyrst og fremst þeim tilgangi að vakta stofnstærðir tegunda hér á landi, til þess að athuga hvort stofnarnir eru að minnka eða stækka.

**Hvað á eftir að rannsaka nánar með talningunum?**
Unnið er að því að koma eldri upplýsingum úr talningum hér á landi á tölvutækt form en Náttúrufræðistofnun Íslands á enn eftir að yfirfara mikið magn upplýsinga um talningu hér á landi frá gamalli tíð. Að sögn fræðimanna hjá Náttúrufræðistofnun eru upplýsingarnar sem safnað hefur verið saman ekki fullnýttar. Sérstaklega er það mat á árstíðabundnum breytingum á stofnunum sem á eftir að rannsaka enn betur.

## SPURT OG SVARAÐ

BORGARSTJÓRNARMÁL

### *Tvö öfl um borgina*

Könnun Fréttablaðsins sýnir að flestir nefna leiðtoga sjálfstæðismanna, Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson, sem óskaborgarstjóra. Hins vegar röðuðu þrír Samfylkingarmenn sér í sætin á eftir Vilhjálmi.



BALDUR ÞÓRHALLSSON STJÓRNMÁLA-FRÆÐINGUR.

**Hjálpar sjálfstæðismönnum að þeirra listi er klár?**
Já, það styrkir stöðu þeirra í augnablikinu. Það skapar óvissu að hvorki Samfylking né Framsóknarflokkur hafa gengið frá framboðum fyrir borgarstjórnarkosningarnar.

**Er staða Samfylkingar sterk þar sem þrír félagar hennar eru nefndir á eftir Vilhjálmi sem óskaborgarstjóri?**
Klárlega. Sjálfstæðisflokkurinn og Samfylkingin takast á í borginni. Hinir flokkarnir þrír eru í rauninni mjög litlir og virðast ekki hafa það sterka foringja til þess að þeir séu nefndir sem möguleg borgarstjóraefni.

**Aðeins helmingurinn var tilbúinn að svara spurningunni um óskaborgarstjóra. Hvaða þýðingu hefur það?**
Ætla má að atkvæði þeirra óákveðnu og þeirra sem neita að svara falli gömlu R-listaflokkunum frekar í skaut en Sjálfstæðisflokknum.






# Hart tekist á um Gust

**Stjórn hestamannafélagsins Gusts í Kópavogi hefur nú fengið lögmann til að gæta hagsmuna félagsmanna í þeim ólgusjó uppkaupa og skipulagsbreytinga sem nú ógna félaginu. Bæjarstjóri hefur boðað að hann muni kynna sínar hugmyndir, væntanlega til lausnar, á næstu tveimur vikum.**



**ARNARNESVEGUR** Fyrirhugaður reiðvegur á að liggja þar sem reiðmaðurinn sést á myndinni. Að auki á að tvöfalda Arnarnesveginn sem er til vinstri og jafnvel setja hljóðmön. Dregið er í efa að þetta sé gjörlegt.

Átökin um svæði hestamannafélagsins Gusts í Kópavogi hafa nú færst í alvarlegri farveg en áður. Með auglýsingu á skipulagsbreytingum hafa bæjaryfirvöld lokað á allt samráðsferli við hestamenn, að því er þeir segja. Breytingarnar hafa vissulega afdrifaríkar afleiðingar fyrir starfsemi félagsins. Stjórn Gusts hefur því fengið til liðs við sig einn færasta lögmann landsins í eignarrétti, Karl Axelsson hæstaréttarlögmann til að gæta hagsmuna félagsins.

Gustur nýtur stuðnings Landssambands hestamannafélaga og reyndar allra hestamannafélaga á höfuðborgarsvæðinu, þar sem menn líta ekki lengur á þetta sem einkabaráttu félagsins fyrir tilverurétti sínum, heldur horfa til heildarinnar og benda réttilega á að öll hestamannafélög á höfuðborgarsvæðinu geti átt á hættu að verða kaffærð í íbúabyggð í framtíðinni. Menn ætla því virkilega að leggjast á árarnar til að stöðva þá uppkaupsbylgju sem komin var af stað í Gusti og er farin að teygja sig yfir í annað hesthúsahverfi í Kópavogslandi, Heimsenda.

### Undirrót uppkaupanna

Þegar fyrstu fregnir bárust af því að fjársterkir verktakar væru teknir til við að kaupa hesthús hjá Gusti á verði sem var langt yfir því sem áður hafði þekkst á þessum markaði, urðu nokkrir til að bíta á agnið og selja. Ekki er þó hægt að kenna skipulagsbreytingum um, því menn seldu áður en farið var að tala þær. En það breytir því ekki að fyrirhugað er að þrengja svo að reiðleiðum út úr hverfinu, að það er í rauninni engum manni bjóðandi.

Þar vegur þyngst þetta breytta aðalskipulag sem bæjaryfirvöld auglýstu á síðasta ári. Samkvæmt því á að taka tvö skógræktarsvæði, Hnoðraholt og Smalaholt undir íbúðabyggð. Samkvæmt þessu breytta skipulagi á að byggja um 360 íbúðir á svæðinu.

Aðalreiðleið Gustsfólks hefur verið um Hnoðraholtið, en hún er tenging við aðrar reiðleiðir á höfuðborgarsvæðinu. Menn segja eina setningu í skipulagsauglýsingunni segja allt sem segja þarf um skilning bæjaryfirvalda í Kópavogi á þörfum hestamanna: „Reiðleið um Hnoðraholt er felld út.“ Í stað hennar á eingöngu að leggja reiðleið norðan Arnarnesvegar, sem verður breikkaður. Ljóst er að engin leið verður fær út úr hverfinu á meðan á slíkum framkvæmdum stendur. Þótt ekki sé kominn tími á tvöföldunina er hún heimæð að nýju hverfi svo menn mega búast við að hafist verði handa hið fyrsta.




**BREYTT SKIPULAG** Þannig lítur breytta skipulagið út. Það er fengið af vefsíðu Kópavogsbæjar, en flestar innmerkingar eru Fréttablaðsins. Kortið gefur einungis grófa staðsetningu.

### Riðið í kringum „grínin“.

Hvað varðar Smalaholtið gerir breytta skipulagið ráð fyrir því að reiðleiðin verði undir Arnarnesveginn við kirkjugarð, og áfram milli íbúðabyggðarinnar og golfvallarins. Hestamönnum sem skoðað hafa þessar áætlanir líst hreint ekki á blikuna því þeir þurfi nánast að ríða í kringum grínin á golfvellinum og smeygja sér fyrir húshorn í hinni nýju byggð, auk þess sem göngustígar, akvegur og reiðleið eiga að liggja þétt hlið við hlið.

Þrátt fyrir þessar fyrirhuguðu breytingar hefur Gunnar I. Birgisson bæjarstjóri í Kópavogi sagt í samtali við Fréttablaðið að bæjaryfirvöld muni standa heilshugar að því að Gustur geti verið áfram á sama stað og styðja við félagið í hvívetna. Hann tilkynnti stjórnarmönnum Gusts fyrir helgina að hann myndi kynna þeim hugmyndir sínar innan tveggja vikna, að því fram kemur í skilmerkilegum pistli Þóru Ásgeirsdóttur á heimasíðu félagsins.

Þar kemur einnig fram að stjórnin hafi til skoðunar nokkra samninga sem hesthúseigendur á svæðinu hafi gert við verktakana, en stjórnin hefur þegar gengið inn í sex slíka samninga.

Samkvæmt þessu er fólk farið að setjast niður og ræða saman af fullri einurð. Og brátt mun tíðinda að vænta frá borði bæjarstjóra. Hestamenn bíða spenntir.




FRÉTTASKÝRING
JÓHANNA SIGÞÓRSDÓTTIR
jss@frettabladid.is

olís
HM 2006

# Við höldum með þér!

**Olís færir þér HM 2006.** Ljóst er að íþróttaiðkun er mikilvægur þáttur í uppbyggingu og viðhaldi heilbrigðar sálar í hraustum líkama. Olís leggur mikið upp úr samstarfi og stuðningi við íþróttahreyfinguna í landinu og styður við bakið á fjölmörgum íþróttafélögum með sérstakri áherslu á barna- og unglingastarf.  Það er eitt af markmiðum Olís að láta gott af sér leiða í samfélaginu með því að efla starf að íþrótta-, góðgerðar-, og umhverfismálum. Þess vegna komum við að þessu verkefni með orðunum: *Við höldum með þér.*

FIFA WORLD CUP
GERMANY
2006
©
olís FÆRIR ÞÉR HM Á SÝN

Himinn og haf / SÍA


FIFA WORLD CUP
GERMANY
2006
2006
GOTT FOLK McCANN

VIÐ FÆRUM ÞÉR HM

MasterCard

Iceland Express

ALLIR 64 LEIKIRNIR Í BEINNI

HEFST 9. JÚNÍ



515 6100 I SYN.IS I SKÍFAN I OG VODAFONE

sýn
besta sætið

# skoðun

SJÓNARMIÐ
GUÐMUNDUR MAGNÚSSON

Verður íslensk tunga ekki töluð eftir hundrað ár?

## Örlög tungunnar í okkar höndum

Þegar danski málfræðingurinn Rasmus Kristján Rask, sem lært hafði íslensku af sjálfum sér, kom til Reykjavíkur í byrjun 19. aldar blöskraði honum svo dönskuskotið málfar bæjarbúa að hann efaðist um að nokkur maður í bænum mundi skilja íslenska tungu eftir hundrað ár og „varla nokkur í landinu að öðrum 200 þar upp frá ef allt fer eins og hingað til og ekki verða rammar skorður við reistar“, eins og hann komst að orði í frægu bréfi til Bjarna Thorsteinssonar amtmanns. „Íslenska verður hvergi töluð eftir 100 ár, ef fram fer sem horfir“ var haft eftir Páli Valssyni, útgáfustjóra hjá Eddu, á ráðstefnu um íslenskt mál í Norræna húsinu á sunnudaginn. Ráðstefnan og þær áhyggjur sem þar komu fram um íslenska tungu hafa orðið tilefni mikilla umræðna manna á meðal og í fjölmiðlum. Menn spyrja: Getur verið að íslensk tunga sé dauðadæmd?

Áhyggjur danska málfræðingsins á sínum tíma byggðust ekki á neinum rannsóknum. Þær voru sprottnar af tilfinningu sem hann fékk eftir dvöl í höfuðstaðnum. Viðhorf hans breyttust þegar hann ferðaðist um landið og fann að hin gamla norræna tunga lifði góðu lífi í sveitunum. Engu að síður taldi hann nauðsynlegt að gera átak til eflingar tungunnar og beitti sér í því skyni fyrir stofnun Hins íslenska bókmenntafélags árið 1816 með það að markmiði „að viðhalda hinni íslensku tungu og bókaskrift og þar með menntun og heiðri þjóðarinnar“. Það varð upphaf mikillar hreyfingar til eflingar íslenskrar tungu.

Áhyggjur manna nú og spásagnir virðast einnig fremur sprottnar af tilfinningu fyrir ástandi og þróun fremur en nýjum rannsóknum. Þar með er ekki sagt að þær séu lítils virði fremur en uggur Rasks fyrir tvöhundruð árum. Öðru nær. En það er mikilvægt að við umræður af þessu tagi haldi menn sig við aðalatriðin en láti aukaatriðin ekki villa sér sýn eins og mörgum hættir til. Tungumál eru lífræn og alls ekki unnt að sporna við breytingum á þeim í tímans rás. Frá dögum Rasmusar Rask hefur til dæmis orðið gerbreyting á orðaforða íslenskunnar. Mál gamla bændasamfélagsins dugaði ekki landsmönnum í tækniheimi tuttugustu aldar. Afrekið sem þá var unnið fólst í því að skapa nýjan orðaforða á grundvelli hins gamla og viðhalda samfellu málsins. Ýmislegt varð líka að láta undan síga og það var óhjákvæmilegt.

Aðalatriðið hlýtur að vera að viðhalda lifandi tengslum á milli þess máls sem forfeður okkar töluðu og skrifuðu og nútímamálsins. Ef þau tengsl rofna er hætt við að íslensk tunga verði að skammlífu hrognamáli. Það er rétt sem Matthías Johannessen ritstjóri sagði á ráðstefnunni í Norræna húsinu að án sjálfstæðrar tungu og rithefðarinnar sem dafnaði í skjóli hennar hefði Íslendingum hvorki tekist að vinna sér fullveldi né sjálfstæði. Og bæta má við að útrásin margumtalaða í viðskiptalífinu væri ekki til sem hugtak nema vegna þeirrar menningar, sögu og tungu sem fóstrar hana.

Við íslenskri tungu blasa fleiri og flóknari hættur en nokkru sinni fyrr. Þær hættur eiga sér rætur í tækniþróun og hnattvæðingu. Enginn veit hvernig þjóðinni mun vegna í þeirri viðureign á næstu árum og áratugum. Þess vegna er ekkert hægt að fullyrða um það hvort íslenska verður töluð eða ekki eftir eina öld. Ekki er útilokað að hinir svartsýnu hafi rétt fyrir sér. Svarið við spurningunni veltur fyrst og fremst á afstöðu landsmanna sjálfra og hvernig þeir sýna vilja sinn í verki. Tungan lifir ekki nema á vörum þjóðarinnar. Og hitt er jafnsatt að þjóðin lifir ekki án tungunnar.






## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Bókaútsala**
Þeir sem ekki eru búnir að fá sig fullsadda af jólabókunum - nú eða eldri bókum - geta gert góð kaup á útsölunni sem bókaverslanirnar standa fyrir þessa dagana. Góð upphitun fyrir hinn árlega bókamarkað í febrúar! Ekki er annað að sjá en að kostakjör séu í boði. Þegar keyptar eru eldri bækur er hægt að fá þrjár á verði tveggja. Hin nýja bók Arnaldar Indriðasonar, Vetrarborgin, fæst fyrir aðeins 2.990 krónur, æviminningar Auðar Eir eftir Eddu Andrésdóttur er á 2.690, saga Hannesar Hafstein eftir Guðjón Friðriksson á 3.290 og skáldsögurnar Rokland eftir Hallgrím Helgason og Sólskinshestur eftir Steinunni Sigurðardóttur eru á 2.990, svo aðeins séu nefndir nokkrir þekktir titlar af metsölulista desembermánaðar.



**Skírnir**
Nýlega er komið út haustheftí Skírnis, tímarits Hins íslenska bókmenntafélags. Geymir ritið að venju margt forvitnilegt efni. Unnur Birna Karlsdóttir sagnfræðingur á þar til dæmis grein sem fjallar um stöðu Gullfoss í umræðum um íslenska náttúruvernd og áformum um virkjanir á fyrri hluta 20. aldar. Er þetta holl og lærdómsrík upprifjun í tengslum við umræður á líðandi stund um virkjanir og náttúruvernd. Skírnir kemur út tvisvar á ári og fyrra hefti þessa árs væntanlegt á vordögum. Sveinn Yngvi Egilsson og Svavar Hrafn Svavarsson láta nú af ritstjórn en við tekur Halldór Guðmundsson bókmenntafræðingur, einn af fastapennum Fréttablaðsins. Verður spennandi að sjá hvort einhverjar breytingar verða á ritinu undir hans stjórn.

**Á netinu**
Skírnir er elsta tímarit á íslensku sem enn kemur út. Það byrjaði í Kaupmannahöfn haustið 1827 og tók þá við af Íslenzkum sagnablöðum sem Bókmenntafélagið hafði áður gefið út. Fyrst flutti Skírnir eingöngu erlendar fréttir, en um aldamótin 1900 var ritinu breytt í menningartímarit. Nú þarf ekki lengur að fara á bókasafn til að lesa gamla árganga því þeir hafa að drjúgum hluta verið gerðir aðgengilegir á netinu. Á slóðinni timarit.is er að finna öll hefti Skírnis frá 1827 til 1916. Þeir sem það kjósa geta svo prentað út einstakar greinar.

gm@frettabladid.is

## Allt of mikið af öllu

Í DAG
OFGNÓTT



INGA RÓSA ÞÓRÐARDÓTTIR

*Pappírsgámar eru þannig útbúnir að það er nánast útilokað að ganga um þá nema með ærinni fyrirhöfn og óþægindum.*

„Það þarf sterk bein til að þola góða daga“ segir einhvers staðar. Nú er ofgnótt af flestu í kringum okkur en sú var ekki raunin á þeim tíma sem fyrrgreint orðtak varð til. Þá var skortur algengari en hitt og kannski er þetta orðtak sprottið upp úr jarðvegi þeirra sem sjaldan lifðu góða daga í efnislegri merkingu, þeirra sem oft voru svangir og sáu fá tækifæri til að efnast.

Nú eiga margir nóg og ýmsir miklu meira en nóg, jafnvel alltof mikið. Þá ályktun má að minnsta kosti draga af neyslu í þessu samfélagi. Peningar fljóta um allt, velta desembermánaðar uppfyllti væntingar kaupmanna, sem voru örugglega talsverðar í ljósi veltu desembermánaða undanfarin ár. Samt virðist fólk ekki láta sig vanta á útsölurnar, sem voru komnar í fullan gang á þriðja í jólum ef marka mátti auglýsingar. Þær útsölur hljóta að hafa hafist fljótlega upp úr hádegi á aðfangadag. Mér þótti þó fyrst kasta tólfunum þegar ég fékk boð um að koma á forsölu útsölu í tiltekinni verslun eftir hádegi á nýársdag. Það verður langt þangað til ég fæ af mér að fara þar inn fyrir dyr. Viðskiptavinir þessara verslana hljóta líka að hugsa sig alvarlega um þegar vörur lækka um 40-70% á þriðja degi jóla. Hver er þá álagningin? Væri ekki hægt að hafa þetta minna og jafnara?

Annað dæmi um ofgnótt okkar tíma er pappírinn sem streymir inn um póstlúguna án þess að nokkur hafi um það beðið. Frambjóðendur í prófkjörum bera pappír í stórum stíl inn í hús og við sitjum uppi með að þurfa að koma honum í lóg með óþarfa fyrirhöfn og tímaeyðslu. Fyrir nokkrum árum var mikið um það rætt að tölvur gerðu pappír óþarfan en mér virðist pappírsnotkun og jafnvel pappírssóun hafi stóraukist með tilkomu tölvanna. Pappírskarfa heimilisins fyllist á einni viku og er þó stór og rúmgóð og aðeins keypt eitt dagblað í helgaráskrift. Allur annar pappír sem inn berst er óumbeðinn og að stórum hluta í okkar óþökk – ekki þó allt. Vissulega er hægt að fá sérhannaða miða þar sem slíkur póstur er afþakkaður og það er auðvitað framtaksleysi að hafa ekki sett slíkt upp. En er ekki samt svolítið langt gengið að þurfa beinlínis að grípa til varna? Frambjóðendur halda gjarnan úti ágætum vefsíðum með upplýsingum um sig, stefnumál sín og feril. Þar gefa þeir líka upp netfang þannig að auðvelt er fyrir áhugasama íbúa sveitarfélagsins að senda þeim pappírslausan póst og fá upplýsingar um skoðanir og afstöðu í tilteknum málefnum. Af hverju ekki að leggja meiri áherslu á heimasíðurnar og draga úr pappírsflóðinu?

Æ fleiri verða sér meðvitaðir um nauðsyn þess að draga úr mengun og sorpi eins og kostur er. Fleiri og fleiri leggja á sig þá vinnu að flokka sorp og koma því til skila samkvæmt ákveðnum reglum. Reykjavíkurborg hefur stigið áhugavert skref til að auðvelda íbúum sínum sorpflokkun með því að bjóða tunnur til flokkunar við heimilin. Vonandi sjá fleiri sveitarfélög sér fært að fara þessa leið því það er ótrúlega umhent að losa sig við flokkað sorp víða. Pappírsgámar eru þannig útbúnir að það er nánast útilokað að ganga um þá nema með ærinni fyrirhöfn og óþægindum nema tveir séu við verkið. Annar þarf þá að halda lúgunni opinni með hinn heldur á pappírnum með annarri hendi og tínir ofan í með hinni. Í kalsaveðri er þetta verkefni nánast óhugsandi og undarleg hönnun að gera ráð fyrir að þrjár hendur þurfi til að vinna verkið. Ekki er mikið auðveldara að losa sig við dósir og flöskur og þarf ekki að fara nánar út í þá umræðu, það þekkja allir þá fyrirhöfn með snúningum og biðröðum. Annar valkostur er reyndar að bíða eftir heimsókn íþróttafélaganna sem sækja flöskur og dósir í heimahús af og til. Þær heimsóknir eru auðvitað handahófskenndar og árstíðabundnar, eins og eðlilegt er, og því hætt við að á sumum heimilum safnist talsvert upp ef eingöngu á að treysta á þær.

Það er því ekkert skrítið þótt mörgum vaxi í augum að taka þátt í umhverfisvernd með virkum hætti. Það væri líka synd að segja að verðandi stjórnendur sveitarfélaganna gangi á undan með góðu fordæmi þessa dagana þegar þeir bera inn á heimilin pappír í stórum stíl, pappír sem fer að mestu leyti ólesinn í ruslið - vonandi þó flokkaður.

## Góður sigur F-listans

UMRÆÐAN
VERNDUN ÞJÓRSÁRVERA



MAGNÚS ÞÓR HAFSTEINSSON

Á dögunum samþykkti meirihluti borgarstjórnar tillögu Ólafs F. Magnússonar, borgarfulltrúa F-listans, um að Reykjavíkurborg sem 45 prósenta eignaraðili Landsvirkjunar leggist gegn öllum frekari virkjunarframkvæmdum í Þjórsárverum og að fallið verði frá gerð Norðingaölduveitu. Það voru borgarfulltrúar R-listans sem lögðust á sveif með frjálslyndum í þessu máli. Sjálfstæðismenn sátu hjá.

Augljóst er að þeir eru andvígir tillögu frjálslyndra. Þeir þora bara ekki að segja það upphátt af ótta við kjósendur. Með Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson oddvita í fararbroddi leggja þeir á flótta með þvælukenndum málflutningi þar sem þeir reyna að sveipa málið torskildri þoku með tilvísun í tæknileg atriði sem skipta engu þegar afstaða til málsins er annars vegar. Svipað er uppi á teningnum hjá framsóknarmönnum. Þar er greinilega kominn upp djúpstæður klofningur. Borgarfulltrúar framsóknar í R-listanum greiddu atkvæði með tillögu frjálslyndra á meðan málflutingur Halldórs Ásgrímssonar, forsætisráðherra og formanns Framsóknarflokksins, er á svipuðum nótum og hjá sjálfstæðismönnum. Ofan á þetta bætist svo að Kristinn H. Gunnnarsson, alþingismaður framsóknar, er enn eina ferðina kominn í andstöðu við eigin félaga þar sem hann styður þingsályktunartillögu stjórnandstæðinga í umhverfisnefnd um að stækka friðlandið í Þjórsárverum.

Ólafur F. Magnússon og Frjálslyndi flokkurinn höfðu hins vegar fullan sigur í þessu mikilvæga umhverfismáli í borgarstjórn Reykjavíkur. Sagan mun leiða í ljós að þarna urðu vatnaskil í málinu sem leiða munu til þess að Þjórsárverum verður bjargað. Ólafur F. Magnússon hefur enn á ný sýnt að hann er mjög öflugur stjórnmálamaður. Hann er snjall, hreinskiptinn og heiðarlegur í öllum viðskiptum, trúr eigin sannfæringu og ötull baráttumaður fyrir þeim góða málstað sem Frjálslyndi flokkurinn stendur fyrir. Ég er sannfærður um að Frjálslyndi flokkurinn mun ná góðum árangri í borgarstjórnarkosningunum í vor með Ólaf F. Magnússon og Margréti Sverrisdóttur í efstu sætum.

*Höfundur er varaformaður Frjálslynda flokksins.*


FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871









## ALLT HITT
[ HEILSA ]

**Lýðheilsustöð** auglýsir eftir umsóknum um styrki úr Forvarnarsjóði. Tilgangur sjóðsins er að efla forvarnir á sviði áfengis- og vímuvarna í samræmi við stefnu og forgangsröðun ríkisstjórnarinnar. Veittir verða styrkir til almennra verkefna og rannsókna auk þess sem hluta úr Forvarnarsjóði verður varið til styrktar áfangaheimilum. Styrkir eru veittir félögum, samtökum og opinberum aðilum. Einstaklingum eru að jafnaði einungis veittir styrkir til rannsóknaverkefna.



**Regnbogabörn**, verkefni gegn einelti, er á leið til Bandaríkjanna. Stefán Karl Stefánsson er nú að undirbúa fyrirlestrarferð um Bandaríkin. Með honum mun ferðast sérþjálfað fólk. Nú þegar hafa borist boð frá einstaklingum og fyrirtækjum um fjárhagsaðstoð.

**Jólatrén** fá nú nýtt hlutverk að loknum jólum. Mörg eru nýtt til ýmisskonar endurvinnslu en önnur koma til með að gegna veigameira hlutverki. Barrið af trjánum inniheldur sýruefni sem vísindamenn telja virki vel við þróun bóluefnis gegn fuglaflensu.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er þriðjudagurinn 24. janúar, 24. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 10.31 | 13.40 | 16.49 |
| Akureyri | 10.32 | 13.24 | 16.17 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


Smáauglýsingarsími **550 5000**

Auglýsingasími Allt **550 5880**

"Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is"




Þórhildur er svo heppin að hafa Elliðaárdalinn við bæjardyrnar og þar gengur hún og skokkar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Ný heilsugæsla opnuð í Glæsibæ

***Heilsugæslan – Glæsibæ var formlega tekin í notkun fyrir helgi. Þjónustusvæði stöðvarinnar er Voga- og Heimahverfi.***

Jón Kristjánsson, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, tók í notkun nýja heilsugæslustöð í Glæsibæ síðastliðin fimmtudag.

Á Heilsugæslustöðinni Glæsibæ verður veitt almenn læknis- og hjúkrunarþjónusta, slysa- og bráðaþjónusta ásamt símaráðgjöf og síðdegisvakt. Þar að auki mun stöðin einnig sjá um almenna heilsuvernd, mæðravernd, ungbarnavernd, skólaheilsugæslu og heilsuvernd aldraðra ásamt bólusetningum. Við hönnun og skipulagningu starfseminnar var haft að leiðarljósi að þar yrði áhersla á rafræn samskipti og verða sjúkraskrár vistaðar á rafrænu formi.

Heilsugæslan verður þjónustusvæði Voga- og Heimasvæðis. Íbúum í þessum hverfum er boðið að skrá sig hjá þeim heilsugæslulæknum sem starfa við stöðina. Sex læknar verða á stöðinni þegar hún verður fullmönnuð. Yfirlæknir og hjúkrunarforstjóri heilsugæslunnar verða til viðtals varðandi skráningu á stöðina frá 23. – 27. janúar milli kl 15 og 17.



Formlega var tekin í notkun heilsugæsla í Glæsibæ sem mun veita þjónustu fyrir Voga- og Heimahverfi.

# Finnst ekki nóg að ganga á jafnsléttu

***Þórhildur Þorbergsdóttir, kennari í Árbæjarskóla, hreyfir sig reglulega og er sér meðvituð um mataræðið.***

„Ég syndi reglulega og finnst líka gott að vera úti eftir langan vinnudag og ganga og skokka," segir Þórhildur og heldur áfram: „Ég er svo heppin að búa og starfa nærri Elliðaárdalnum og nota hann mikið til útivistar en mér finnst ekki nóg að ganga á jafnsléttu og tek því brekkurnar líka. Þá fæ ég aðeins meiri áreynslu og eyk þróttinn. En auðvitað fer þetta eftir veðráttunni. Ef snjóþungt er fer ég minna í dalinn og nota sundið meira." Þórhildur stundar Breiðholtslaugina enda býr hún í Breiðholtinu og á sumrin tekur hún fram reiðhjólið og nýtur þess að stíga það. Þar með er ekki allt upptalið því hún bætir við hlæjandi. „Svo hleyp ég á eftir syni mínum sem er þriggja ára og brenni heilmiklu við það."

Þórhildur kveðst líka leggja áherslu á hollt mataræði enda sé það grundvallaratriði til að viðhalda góðri heilsu. „Ég held mig við nammidaga um helgar og læt sætindin að mestu vera þar fyrir utan, nema eitthvað sérstakt komi til, ég er ekkert heilög!"

Þórhildur tekur með sér nesti í vinnuna, grænmeti, ávexti og brauð. Hún borðar heitan mat á kvöldin og reynir að hafa hann í hollari kantinum. „Svo er ekki um kyrrsetu að ræða í starfinu heldur er ég í lifandi og skemmtilegri vinnu með ungum börnum og öðru góðu fólki og það hressir bæði líkama og sál," segir Þórhildur að lokum.

*gun@frettabladid.is*


JANÚAR

Kafbátur mánaðarins
Skinkubátur
...og öllu því grænmeti sem við höfum upp á að bjóða

6 tommu bátur kr. 299
12 tommu bátur kr. 598




SUBWAY

Gildir í janúar 2006
Gildir ekki í Stjórnumáli
Gildir ekki með öðrum tilboðum

Sex tommu kafbátur með skinku er einn af 7 undir 6 kafbátunum og inniheldur hann aðeins 5 grömm af fitu. Nánari uppl. á www.subway.is

**Skokk** er góð líkamsrækt og það er líka gott að hreyfa sig utandyra. Þegar vorið fer að nálgast má fara að draga fram hlaupaskóna og fara út að skokka, að minnsta kosti þá daga sem veðrið er sæmilegt.

Heilsuvöru-markaður
Opið virka daga kl. 10–20
laugardaga kl. 10–17
maður lifandi
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6

Stórmarkaður í stofunni heima
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ

FAGMENNSKA Í 11 ÁR
FEGRUNAR TATTÚ
LEYNDARMÁL MARGRA FAGURRA KVENNA
KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Í S. 561 3060
SNYRTISTOFAN HELENA FAGRA
S. 561 3060
LAUGAVEGI 163

Betra úthald
Góð næring • Brennsluaukandi
Póstsendum um land allt
Heilsuhornið
S: 462-1889 • heilsuhorn@simnet.is • www.simnet.is/heilsuhorn
Útsölustaðir m.a: Yggdrasill, Fjarðarkaup, Maður lifandi í Borgartúni og Hæðarsmára, Lífsins Lind í Hagkaupum, Lyfjaval í Mjódd og Hæðarsmára og Lyfja á Selfossi.

Epli á dag
kemur línunum í lag
AppleSlim Xtra stuðlar að heilbrigðri meltingu, örvar niðurbrot fitubirgða, dregur úr vökvasöfnun og sykurlöngun.
Náttúruleg innihaldsefni:
Eplaedikskraftur, vítamín og steinefni ásamt öflugum sindurvörum.
AppleSlim Xtra
árangursrík leið til að grennast
Fæst í apótekum

Aðeins það besta fyrir barnið þitt
Completia PRENATAL MULTIVITAMIN
Hágæða fjölvítamín fyrir óléttar konur, fyrir og eftir barnsburð. Inniheldur öll nauðsynlegustu vítamín, steinefni og Omegafitusýrur fyrir móður og barn.
Heilsubúðin Góð heilsa
Njálsgötu 1 - Sími 561 5250
Maður lifandi Hæðarsmára 6.

Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu sennilega fengið Fréttablaðið í morgun.
En til vonar og vara skaltu nú klippa út þetta símanúmer, ramma inn og hengja upp á vegg (t.d. hjá bréfalúgunni), þú getur þá **hringt í það ef Fréttablaðið kemur einhvern tímann ekki.**
&
NÚMERIÐ SEM ÉG ÆTLA AÐ HRINGJA Í EF FRÉTTABLAÐIÐ KEMUR EKKI:
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



Gígja Þórðardóttir er framkvæmdastjóri heilsuræktar Hreyfigreiningar sem býður upp á ýmis lífstílsnámskeið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Skiptir máli að setja sér viðráðanleg markmið

***Gígja Þórðardóttir er sjúkraþjálfari og framkvæmdastjóri heilsuræktar Hreyfigreiningar. Hún mælir með því að fólk sem er að byrja í líkamsrækt fari ekki of hratt af stað og setji sér markmið sem það ræður ekki við heldur fari rólega af stað og setji sér viðráðanleg markmið.***

Gígja segir að starfsemi Hreyfigreiningar sé í raun og veru tvíþætt. „Annars vegar erum við með almenna sjúkraþjálfun þar sem sjúkraþjálfarar taka á móti fólki með ýmis meiðsl og önnur vandamál í meðferð. Hins vegar erum við með heilsurækt þar sem fólk kemur beint inn af götunni til þess að hreyfa sig og bæta heilsuna. Þar er boðið upp á þjálfun í tækjasal og svo erum við með alls konar tíma eins og pilates og jóga," segir Gígja.

Hún segir að þetta tvennt tvinnist mjög saman. „Þegar sjúkraþjálfararnir fá fólk til sín í meðferð geta þeir vísað því í áframhaldandi meðferð í heilsuræktinni. Það er til dæmis mjög algengt að sjúkraþjálfararnir útskrifi fólkið sitt í meðferð í tækjasalinn. Í heilsuræktinni er ekki markmiðið að keyra alla áfram á sama hraða því það eru alltaf einhverjir í hverjum tíma sem þurfa leiðbeiningar um hvað þeir mega gera og hvað ekki."

Hreyfigreining býður einnig upp á ýmis lífstílsnámskeið eins og Í formi til framtíðar og Bumban burt auk þess að vera með heilsuskólann Leið til léttara lífs. „Það er allt að því þriggja ára prógram sem ætlað er of feitu fólki. Þetta er teymisvinna og erum við með sjúkraþjálfara, næringarfræðing og sálfræðing. Prógramið er svona langt vegna þess að fólk þarf að læra á sjálft sig, hvað það hefur verið að gera vitlaust og af hverju. Það tekur bara þetta langan tíma að festa heilbrigðan lífstíl í sessi. Við byrjuðum með heilsuskólann síðasta haust og það hefur gengið mjög vel, hópurinn sem byrjaði þá er mjög samstilltur og ánægður," segir Gígja.

Að sögn Gígju byrja margir í líkamsrækt hjá Hreyfigreiningu nú í janúar. „Það er alltaf tölvert af fólki sem kemur nýtt inn á nýju ári og sem betur fer eru flestir viðskiptavinir okkar fólk sem hreyfir sig allt árið. Það skiptir nefnilega máli að fólk hreyfi sig ekki bara í törnum heldur reyni að gera það jafnt og þétt yfir árið. Það er líka mikilvægt að setja sér raunhæf markmið í upphafi, því ef fólk er með of háleit markmið sem það ræður svo ekki við gefst það oft alveg upp."

emilia@frettabladid.is

# Engin tengsl við heilaæxli

***Ný rannsókn sýnir að farsímanotkun hefur ekki áhrif á myndun heilaæxla. Ekki hefur þó enn tekist að taka af allan vafa um að farsímanotkun hafi skaðleg áhrif á heilsu.***

Vísindamenn hjá Krabbameinsstofnuninni í London og hjá þremur breskum háskólum gerðu fjögurra ára könnun sem rannsakaði tengsl milli heilaæxla og farsímanotkunar.

Síðastliðna tvo áratugi hefur farsímanotkun aukist til muna um allan heim. Víða hefur verið rætt um möguleika þess að of mikil farsímanotkun valdi ýmsum heilsufarsvandamálum allt frá tíðum höfuðverkjum til heilaæxla og krabbameins. Nú greinast um fjögur þúsund tilfelli árlega af heilaæxlum og um 20 þúsund tilfelli ár hvert í Bandaríkjunum.



Lengi hefur verið rætt um hugsanleg tengsl á milli mikillar farsímanotkunar og æxla í heila eða jafnvel krabbameins. Hins vegar hafa enn engar rannsóknir sýnt fram á að þau tengsl séu til staðar.

Í rannsóknina voru fengnir 996 einstaklingar með heilaæxli og 1716 heilbrigðir einstaklingar og var farsímanotkun þeirra borin saman. Mældur var fjöldi símtala og lengd þeirra. Niðurstöður rannsóknarinnar bentu ekki til neinna tengsla á milli æxla og farsímanotkunar alveg sama hversu mikil notkun átti sér stað. Eru þessar niðurstöður mjög áþekkar þeim sem aðrar bandarískar og evrópskar rannsóknir sýna.

Þrátt fyrir að rannsóknir hafi enn ekki sýnt fram á tengsl milli heilsufarsvandamála og farsímanotkunar er þó ekki búið að taka fyrir allan vafa um möguleika á því. Afleiðingar farsímanotkunar á líkamlega heilsu manna eru því enn ókunnar en æ fleiri rannsóknir sýna fram á að tengslin eru óveruleg.





## Heilbrigð sál

BORGHILDUR SVERRISDÓTTIR
EINKAÞJÁLFARI OG BA Í SÁLFRÆÐI

# Fer þetta ekki að verða búið!

Ég heyrði af mjög einkennilegu viðhorfi um daginn, sem ég er hrædd um að sé alltof víðtækt. Hörkudugleg kona á sextugsaldri, sem æfir mjög reglulega í líkamsræktarstöðinni þar sem ég vinn, sagði mér frá samtali við samstarfskonu sína. Þessi hörkuduglega var einn daginn nýkomin úr ræktinni þegar hún kemur í vinnuna, tvíefld til að takast á við daginn. Þá nefnir samstarfskona hennar hvort þetta sé nú ekki að verða búið. Mín kona lítur á hana og skilur ekki alveg spurninguna og spyr hvað sé að verða búið. „Þessi líkamsrækt, þetta átak," segir samstarfskonan. „Jú, jú, einmitt. Ég er búin í dag, en á morgun tekur við nýr dagur," svarar hún og brosir. Samstarfskonan heldur áfram og spyr hvort hún ætli bara alltaf að vera í þessu, hvort hún ætli aldrei að slaka á. Hún segir þá að þetta sé nú hluti af daglegri rútínu hjá sér og að hún geti einmitt slakað svo vel á vegna hreyfingarinnar.

Þetta samtal fannst mér svolítið merkilegt vegna þess að einmitt þessu viðhorfi þurfum við að breyta, það er að segja að halda að við getum einhvern tímann hætt að hreyfa okkur, að einhvern tímann séum við þara búin að hreyfa okkur nóg. Í rauninni er þetta svipað og að segja að ef ég tannbursta mig í dag, þá þarf ég ekki að gera það í viku, eða ef ég fer í hreina sokka í dag, þarf ég ekki að skipta fyrr en í næsta mánuði.

**Lengi býr að fyrstu gerð.** Okkur er kennt þegar við erum lítil að bursta tennurnar á hverjum degi og fara í hreina sokka. Þess vegna gerum við það á hverjum degi án þess að hugsa um það. Það sama þurfum við að læra með hreyfingu, hún á að vera hluti af daglegri rútínu. Þótt hún þurfi ekki að vera mjög öflug hvert sinn þarf hún hún að eiga sér stað. Mikilvægt er að virkja börnin strax og ekki síður hvert annað til skemmtilegrar hreyfingar og gera það að hluta af daglegu lífi, rétt eins og að bursta tennurnar. Regluleg hreyfing stuðlar að því að líkaminn endist okkur og bregst okkur síður á miðri leið.

Með tímanum byrjum við svo að finna fyrir nauðsyn hennar. Þá dettur okkur ekki í hug að einhvern tímann getum við bara hætt að hreyfa okkur eins og samstarfskonan hér áðan, en það er nú bara eins og að setja bílinn í hlutlausan og vona að hann renni eitthvað á leið. En maður þarf að vera í gír!

*Látið ykkur líða vel!*
*Kveðja, Borghildur.*




Félagar innan Öryrkjabandalagsins fá nú sjálfsgreiðsluafslátt, afgreitt með fullri þjónustu, hjá Skeljungi. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT REYNISSON

# Skeljungur lækkar bensínverð fyrir öryrkja

***Öryrkjabandalag Íslands og Skeljungur hafa gert samning sín á milli þess efnis að meðlimir bandalagsins fái afslátt hjá fyrirtækinu.***

Öryrkjabandalag Íslands og Skeljungur gerðu samning í síðustu viku sem veitir öllum félagsmönnum innan bandalagsins sjálfsafgreiðsluafslátt af eldsneyti, afgreitt með fullri þjónustu, hjá Skeljungi.

Afslættinum verður stjórnað á þann hátt að þeir sem eru félagar í einhverju af aðildarfélögum Öryrkjabandalagsins geta sótt um vildarkort eða viðskiptakort Skeljungs sem gildir sem afsláttarkort þegar eldsneyti er tekið á Shellstöðvum.

Auk þess veita kortin einnig afslátt á smurstöðvum Skeljungs í Skógarhlíð og við Laugaveg svo og á þvottastöðvunum í Smáranum og á Vesturlandsvegi.

Umsóknareyðublöð fyrir vildar- og viðskiptakortið eru aðgengileg á heimasíðu Skeljungs og á heimasíðu Öryrkjabandalagsins en einnig er hægt að nálgast umsóknareyðublöð á öllum Shellstöðvum.




Með sameiningu Íslenskrar erfðagreiningar og líftæknifyrirtækisins Urðar Verðandi Skuldar er orðin til ein öflugasta eining á sviði krabbameinsrannsókna í heiminum í dag.

# Öflugri rannsóknareining myndast

***Íslensk erfðagreining hefur keypt líftæknifyrirtækið Urði Verðandi Skuld af Iceland Genomics Corporation Inc. Markmiðið með kaupunum er að efla rannsóknir á sviði erfðafræði krabbameina.***

Með kaupum Íslenskrar erfðagreiningar á Urði Verðandi Skuld er orðin til ein öflugasta eining til rannsókna á erfðafræði krabbameina í heiminum í dag og er vonast til að með þessu aukist skilningur á líffræðilegum orsökum krabbameina og eflingu nýrra aðferða til að greina og meðhöndla krabbamein.

Þúsundir íslenskra krabbameinssjúklinga og ættingja þeirra hafa tekið þátt í rannsóknum Íslenskrar erfðagreiningar og UVS á krabbameinum. Í dag er unnið að erfðarannsóknum á níu krabbameinum hjá Íslenskri erfðagreiningu. Meðal annars voru kynntar niðurstöður úr umfangsmikilli rannsókn þar sem í ljós kom að hættan á mörgum mismunandi gerðum krabbameina er aukin hjá bæði náskyldum og fjarskyldum ættingjum krabbameinssjúklinga. UVS hefur svo verið að vinna að Íslenska krabbameinsverkefninu frá árinu 1998. Markmið þeirrar rannsóknar hefur verið að öðlast skilning á líffræðilegum orsökum krabbameina.

Persónuvernd og Vísindasiðanefnd hafa veitt leyfi til að samnýta gögn í rannsóknum þessara tveggja stofnana. Þátttakendur í rannsóknum þeirra sem óska eftir frekari upplýsingum varðandi þessar breytingar er bent á að hafa samband við Þjónustumiðstöð rannsóknarverkefna, www.rannsokn.is.

Janúartilboð
20% afsláttur
Nicorette Freshmint




Bragð sem endist lengur
nicorette nicotin
Lyf & heilsa AUSTURVERI Opið til kl. 24
Tilboðið gildir í öllum apótekum Lyf & heilsu
Lyf & heilsa Við hlustum!

Nicorette nikótínlyf eru fáanleg án lyfseðils og eru notuð þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr reykingum. Til að ná sem bestum árangri skal ávallt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt, hvort hætta á reykingum eða draga úr þeim. Því ber að kynna sér upplýsingar um notkun í fylgiseðli. Í fylgiseðlinum eru upplýsingar um: verkun og notkun, varúðarreglur, mikilvægar upplýsingar sem nauðsynlegt er að lesa áður en lyfin eru notuð, hugsanlegar aukaverkanir og aðrar upplýsingar. Leitið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarleg hjartsláttarglöp eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf. Börn yngri en 15 ára, þungaðar konur og konur með barn á brjósti eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf nema að ráði læknis. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.** Handhafi markaðsleyfis: Pfizer ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, Garðabæ.

SJÓNARHÓLL
gleraugnaverslun
í Hafnarfirði
www.sjonarholl.is
Líklega hlýlegasta
gleraugnaverslun
norðan Alpafjalla
2 fyrir 1
Heimspeki
þessarar aldar
er almenn þekking
þeirrar næstu !
Höfundur ókunnur
Reykjavíkurvegur 22
S.565-5970
Þar sem gæðagleraugu kosta minna
Mynd: Hellisgerði haust 2005

Konukvöld
Létt 96,7
Létt 96,7
Réttu lögin...alltaf!

Mest
lesna tímarit
landsins!
birta 51%
DAGSKRÁIN 40% *
Meðallestur á tbl. 20-50 ára
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
birta
* Tölur skv. Gallupkönnun október 2005.

allt ferðir
Alla miðvikudaga og laugardaga


Þegar um hjartaáfall er að ræða skiptir hver sekúnda máli og nauðsynlegt að fólki leiti sér hjálpar sem allra fyrst.

# Að bregðast við hjartaáfalli

***Margir eru einir síns liðs þegar einkenni hjartaáfalls láta kræla á sér. Nauðsynlegt er að fólk kunni ráð til að halda meðvitund nógu lengi til að leita sér hjálpar.***


Skipt getur sköpum að fólk kunni að bregðast rétt við þegar það finnur fyrir einkennum hjartaáfalls.

Margir hafa lært skyndihjálp og hafa kunnáttu og getu til að bjarga mannslífum þegar mikið liggur við. Þegar einstaklingur fær hjartaáfall getur hjartahnoð og blásturaðferð þar til sjúklingurinn kemst undir læknishendur bjargað lífi hans.

Þó má ekki gleyma að mjög margir þeirra sem fá hjartaáfall eru einir þegar það á sér stað. Þegar fyrstu einkenni hjartaáfalls láta á sér kræla líður ekki langur tími þar til einstaklingurinn missir meðvitund, oft innan við tíu sekúndur. Fyrstu einkenni hjartaáfalls geta meðal annars verið óreglulegur hjartsláttur og ákafur verkur í brjóstholi. Verkurinn leiðir svo út í vinstri handlegg og í sumum tilfellum leiðir verkurinn upp í kjálka. Sé enginn nálægt sem getur aðstoðað þig er nauðsynlegt að kunna sjálfshjálp til að lengja þann tíma sem þú ert með meðvitund.

Mikilvægast er að missa ekki stjórn á sér og leyfa óttanum að ná tökum á sér. Hver sekúnda getur hér skipt máli og lífsnauðsynlegt er að ná sambandi við einhvern sem getur komið til hjálpar. Til að halda meðvitund er gott að byrja að hósta, hósta oft og kröftuglega og draga djúpt andann í hvert skipti sem hóstað er. Þetta er gott að endurtaka með tveggja sekúndna millibili og reyna að útvega hjálp á meðan. Hóstinn sér um að hnoða hjartað og viðhalda blóðflæði og þrýstingurinn hjálpar hjartanu við að ná eðlilegum takti. Með því að draga djúpt andann með hverjum hósta berst meira súrefni niður í lungun.

Með þessari aðferð getur sá sem er við það að fá hjartaáfall unnið sér inn nægan tíma til að leita sér hjálpar og þar með bjargað eigin lífi. ■

# Ástfangnir heilbrigðari

***Sár og marblettir hverfa fyrr hjá fólki sem býr í góðu hjónabandi. Ef halla tekur undan fæti í sambandinu kemur það niður á ónæmiskerfinu.***


Samlynd hjón eru betri græðarar en þau sem rífast. NORDICPHOTOS / GETTY IMAGES

Þetta er niðurstaða nýlegrar bandarískrar rannsóknar og á jafnt við um fólk sem býr við álag á vinnustað eins og hina sem vinna átakaminni störf.

Morguninn eftir rifrildi eykst prótínmagn í líkama þeirra sem rífast oft meira en í líkama hinna sem sjaldnar rífast. Langvarandi breyting á próteinmagni í líkamanum getur einnig aukið líkur á hjartasjúkdómum, krabbameini, sykursýki 2 og þunglyndi.

Sálfræðingar við Ohio State University College of Medicine gerðu marbletti á 42 pör. Í fyrri hluta rannsóknarinnar voru pörin beðin að ræða um málefni sem þau greindi ekki á um en í annarri umferð var þeim gert að ræða málefni sem skoðanir þeirra væru skiptar um. Í þessum hluta tilraunarinnar tók það pörin að meðaltali 40% lengri tíma að losna við marblettina. Rannsóknin sýndi fram á að bara lítið rifrildi gæti hægt á lækningarferli líkamans.

Margir sálfræðingar eru þó á þeirri skoðun að öllum hjónum sé hollt að rífast við og við og losa þannig um spennu. Pör sem eiga við undirliggjandi vanda sem ekki er rætt um eigi fremur í vandræðum með heilsuna en hin sem sem rífast svolítið við og við. Þá er einnig bent á að hjón rífist gjarnan um praktíska hluti eins og verkaskiptingu á heimili og barnauppeldi. Hins vegar sé til dæmis sjaldan rætt um kynlíf þrátt fyrir að margir eigi í vanda á því sviði. ■

# GSM skapar fjölskylduvandamál

***Margir eiga erfitt með að slökkva á gsm-símanum, hvort sem er í eða eftir vinnu. Ný rannsókn bendir til að þeir sem alltaf svara í símann eigi frekar við fjölskylduvandamál að stríða.***

Nýleg rannsókn, sem birtist í The Journal of Marriage and Family, bendir til að of mikil farsímanotkun geti leitt til erfiðleika í fjölskyldulífinu.

Rannsóknin var gerð á 1300 fullorðnum einstaklingum og stóð yfir í tvö ár. Niðurstöðurnar sýndu fram á að þeir sem svöruðu í símann í tíma og ótíma áttu erfitt með að draga mörkin milli vinnu og einkalífs og áttu við fleiri vandamál að stríða en þeir sem gátu aðgreint þetta tvennt.

Það sem vakti hvað mesta athygli í rannsókninni var að þetta vandamál virtist frekar einkenna konur en karla. Heimilislífið kom niður á vinnunni af því að þær svöruðu símtölum frá börnum og fjölskyldu á vinnutíma og að auki áttu þær við fleiri fjölskylduvandamál að stríða. Hjá körlum var það frekar vandamál að vinnan kom niður á heimilislífinu af því að þeir gátu illa sleppt því að svara vinnutengdum símtölum utan vinnutímans.

Rannsakendur telja að atvinnuveitendur geti lært af niðurstöðum þessarar rannsóknar með því móti að hanna vinnuferilinn á þann máta að starfsmenn geti skilið vinnuna eftir á vinnustaðnum. Sé passað upp á þetta ættu atvinnuveitendur að fá afslappaðra starfsfólk.

Rannsóknin bendir til að álagið sé meira á útivinnandi mæðrum en útivinnandi feðrum. Foreldrar ættu því að nýta sér rannsóknarniðurstöðurnar og skipta á milli sín að svara símtölum sem berast frá börnunum yfir vinnudaginn.

Tekið af www.persona.is



Ný rannsókn sýnir fram á að konur verða fyrir meira áreiti en karlar á vinnutíma frá börnum og fjölskyldu meðan karlar verða fyrir meira áreiti frá vinnu í frítíma sínum. Hvort tveggja getur leitt til ýmissa fjölskylduvandamála.




Endalaus orka er heilsusamleg kokteilabók sem í má finna hollar uppskriftir að söfum og þeytingum.

# Endalaus orka

***Í bókinni endalaus orka má finna yfir 200 bráðhollar uppskriftir að ávaxta- og grænmetissöfum.***

Bókin Endalaus orka er stútfull af girnilegum og hollum uppskriftum að ávaxta- og grænmetissöfum. Allir vita hversu hollt það er að borða ávexti og grænmeti en oft má hollt gera betra með því að búa til safa eða þeyting og setja í fallegt glas.

Í bókinni Endalaus orka eru yfir 200 uppskriftir að hollum drykkjum. Sumir eru einfaldlega hressandi og veita góðan kraft. Sumir eru fyrirbyggjandi, aðrir vatns- og eiturefnalosandi, enn aðrir eru ætlaðir smáfólkinu og svo eru líka drykkir sem henta vel í veisluna.

Höfundur bókarinnar er Judith Millidge.


**Prótein úr hafinu**

**Harðfiskur, stórlúða, ýsa, hrogn, þorskur, smálúða, hákarl, súr hvalur, rengi, fiskréttir, lax.**

*Hollt, gott & einfalt*

**Fiskbúðin Hafrún**
**Skipholti 70**
**Sími 553 0003**

**Fiskbúðin Árbjörg**
**Hringbraut 119**
**Sími 552 5070**

**Fiskbúðin Vör**
**Höfðabakka 1**
**sími 587 5070**

vísir

ÍSLENSKU TÓNLISTARVERÐLAUNIN 2005

„FJÓRAR STJÖRNUR, EKKI SPURNING!"

**Gagnrýnendur segja eitt. En nú er komið að þér.**

Farðu á vísir.is og taktu þátt í Íslensku tónlistarverðlaununum. Veldu „Vinsælasta flytjandann", þann tónlistarmann eða hljómsveit sem þér þykir hafa skarað fram úr árið 2005 og spilaðu með í veðbankanum. Ef þú giskar rétt áttu möguleika á glæsilegum vinningi, ferð fyrir tvo með Icelandair til San Fransisco og gjaldeyri frá Landsbankanum.

Hver var bestur 2005?
Láttu skoðun þína í ljós á visir.is
Glæsileg verðlaun í boði!

FRÉTTABLAÐIÐ Landsbankinn ICELANDAIR

## Trésmíði

Allt fyrir garðinn þinn! Sólpalla og girðingasmíði, hellulagnir og trjáklippingar. Erum byrjaðir að taka pantanir fyrir sumarið. S. 848 3727.

Tek að mér alla almenna trésmíðavinnu, flísalagnir o.fl. Vönduð vinna. Sími 869 1698.

# HEILSA

## Heilsuvörur







Herbalife - Shapeworks - NouriFusion. Upplifðu muninn WWW.ARANGUR.IS S.586 8786.

Árangur með Herbalife! Kaupauki með grunnplani í janúar. Edda Borg S. 896 4662.

Frábær líðan. Alveg síðan, Herbalife www.eco.is Erla Bjartmarz erla@eco.is 899 4183.

www.betriheilsa.is Betri heilsa með næringuna að leiðarljósi Svandís s:867 3048

HERBALIFE! Frábær fæðubót með líkamsrækt. Jonna 896 0935 - 562 0935. www.heilsufrettir.is/jonna

**Ertu þreytt og pirruð?**
Vantar þig meiri orku, langar að líta betur út og jafnvel grennast? Uppl. gefur Birna í s. 899 2118.

## Líkamsrækt

**Einkaþjálfun á netinu.**
Hafðu samband 868 8162. adalgeir@lifsorka.is.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

Herbalife - nýr lífsstíll. Sveinbjörn s. 898 5434, netfang: svbjarna@simnet.is.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

**SCHOOL ICELANDIC**
Íslenska f. útlendinga stig I og II. I: 6/2-22/3 mán., mið. & fös. 18-19:30. Stig II: 7/2-13/4 Þri./fim. 18-19:30. Ármúla 5, S. 588 1169.

**Microsoft CERTIFIED Systems Administrator**
Microsoft kerfisstjóranámið fyrir MCP og MCSA próf hefst 6. feb. Rafiðnaðarskólinn. www.raf.is s. 863 2186.

**Microsoft CERTIFIED Systems Administrator**
Bættu Microsoft prófgráðu í ferilskrána. MCSA nám hefst 6. feb. Rafiðnaðarskólinn. www.raf.is, s. 863 2186.



**MYND-MÁL myndlistaskóli.**
Málun, teiknun. Undirstöðuatriði og tækni.
Ný námskeið að hefjast.
**Upplýsingar og innritun í s. 561 1525 og 898 3536.**

## Kennsla

Að eignast milljón er enginn galdur, en það krefst vinnu, þolinmæði og einbeittan vilja. Sjá nánar á www.meirilaun.com

## Ökukennsla

Ævar Friðriksson. Kenni allan daginn. Toyota Avensis 2004. Tek í akstursmat og hjálpa við endurtökupróf. S. 863 7493 og 557 2493.

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

Yfir 150.000 gestir daglega.

Stórmarkaður í stofunni heima.

PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ – smáauglýsingar sem allir sjá

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

Til sölu leðursófasett 3+2+1 verð 20.000 kr. Einnig borðlambi og gólflampi úr casa verð 45.000. S. 699 2563.



Til sölu borðstofuhúsgögn, mjög vel með farin ca 100 ára. Tilboð. Uppl. í síma 696 3655.

Til sölu sófasett 3+2+1 með auka áklæði, kínversk teppi og mottur og TV skápur í Old charm. S. 564 2231.

Konjaksrauður hornsofi til sölu, mjög gott verð, sími 554 2913, gsm 821 6919.

Fallegur rauður stóll til sölu, nánast nýr. Verð 15 þús. Einnig stakur barstóll. Uppl. í s. 690 2084.

## Fatnaður

Allar viðgerðir, leðurviðgerðir og breytingar. Styttum buxur meðan beðið er. Saumsprettan v. Ingólfstorg. S. 552 0855.

Rýmingarsala Til sölu brúðarkjólar, smókingar og kjólföt. Uppl. í síma 554 0993.

## Dýrahald




**Járn-plast og léttbúr**
Dýrabær Hlíðarsmára 9. Kóp. 553 3062 og Smáralind 554 3063.

Vantar frábært heimili fyrir, frábærann 4 ára Enskan Cocker Spaniel. S. 891 9193.

Til sölu tæplega eins árs gamall Boxer hundur. Uppl. í s. 899 6370.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Ferðalög

**Kúba**
Til sölu páskaferð 11.-18. apríl 7 nætur á Hotel Occidental Miramar Havana. Uppl. í s. 893 3324, Rósa.

## Byssur

Til sölu Byssur og skápur Riflar Wincester 243. Henry 22 .Haglab, Winchester 1400. einskota haglabyssa. 10 Byssuskápur. selst samann 160.000 kr eða skipti á Crossara. Sími 891 9193.

## Fyrir veiðimenn




# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Glæsileg 139 fm skrifstofuhæð á annarri hæð til leigu við Fiskislóð 101 RVK. Getur leigst í heilu lagi eða einstaka skrifstofa. Nánari uppl. í s. 897 3290.

Herbergi til leigu nálægt Hlemmi fyrir reyklausa. Aðgangur að baði, eldhúsi og þvottahúsi. Sími 896 3998.

## Húsnæði óskast

Studióíbúð til 2 herb óskast. skilvísar greiðslur og reglusemi. Uppl í s. 867 1183.

Reglusöm og reyklaus kona óskar eftir einskaklings íbúð eða herbergi með WC aðstöðu til leigu helst á svæði 104-105- eða þar nálægt. Uppl. í s. 846 2161.

Óska eftir góðu herbegi eða lítilli íbúð til leigu sem fyrst. Öruggar greiðslur. Uppl. í s. 863 2829.

Óska eftir 2ja-3ja herbergja íbúð eða góðu herbergi með aðgangi að öllu, trygging og góð fyrirframgreiðsla. S. 691 1508.

## Sumarbústaðir



Heilsárshús, gestahús til sölu. Upplýsingar í s. 692 1360.

## Atvinnuhúsnæði

Vantar herbergi í miðbæ Reykjavíkur til lengri eða skemmri tíma, til að mála í. Vaskur þarf að vera og aðgangur að baðherbergi. Uppl. í síma 866 4796.

## Geymsluhúsnæði







Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir á brettum. Starfað í 18 ár. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

## Gisting

Flóki Inn. Heimilisleg gisting á besta stað í borginni. Fáðu tilboð í gistingu til lengri eða skemmri tíma í síma 552 1155 eða sendu fyrirspurn á floki@inns.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**ClaMal leitar að kynningarfulltrúum!**
Ef þú ert jákvæð, hress og kraftmikil getur þú verið manneskjan sem við leitum að. Skemmtilegt starf og miklir tekjumöguleikar. Þjálfun, fræðsla og stuðningur fyrir réttan aðila. Engin áhætta eða útlagður kostnaður.
**Nánari upplýsingar gefur Sylvía í síma 565 3900 eða 660 7401. www.clamal.is**

REGNBOGINN
– leikskóli –

**Leikskólakennari og leiðbeinandi.**
Glaðir og gefandi einstaklingar með trausta reynslu af ungum börnum óskast til starfa sem fyrst í 100% stöður. Annarsvegar leitum við einstaklingi helst eldri en 30 ára til starfa strax og hinsvegar í aðra stöðu þegar nær dregur vori. Regnboginn er 3 deilda skóli staðsettur á Ártúnsholti. Áherslur eru á gæði í samskiptum og skapandi starf í anda Reggiostefnunnar. Einkunnarorð skólans eru Börn eru merkilegt fólk.
**Allar nánari upplýsingar veitir undirituð í s. 557 7071, 899 2056 og regnbogi@regnbogi.is Lovísa Hallgrímsdóttir leikskólastjóri.**

FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000

**Bortækni**
Óskar eftir mönnum í steypusögun.
**Uppl. í s. 892 7544.**

**Verkamaður vanur jarðvinnu óskast!**
Verktakafyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu vill ráða reglusama og duglega verkamenn til framtíðarstarfa. Reynsla af hellulögnum og þess háttar æskileg en ekki skilyrði.
**Uppl. í s. 892 0989.**


**Störf í boði**



Höfum í boði störf við ræstingar á öllum tímum sólarhringsins.
Einnig helgarvinna í boði.
Upplýsingar á www.iss.is eða í síma 5 800 600.
ISS ÍSLAND


**Ræstingar**
Óskum eftir að ráða fólk til starfa við ræstingar, vinnutími frá 08-17.
**Upplýsingar í síma 699 8403, Bónbræður ehf.**

**Ríkið Snorrabraut.**
Starfmenn vantar í kvöld og helgarvinnu.
**Umsóknareyðublöð á staðnum. Ríkið Myndbandaleiga. Snorrabraut 56.**

**Veitingahús**
Starfsfólk óskast í eldhús og sal. Aldur 35+ æskilegast.
**Uppl. í s. 894 0292.**

DÝRARÍKIÐ

**Lagerstarf.**
Tvær lausar stöður á lager Dýraríkisins, Almennt lager og þjónustustarf.
**Upplýsingar í síma 568 7179.**

**Helgarvinna.**
Bakarameistarinn Smáratorgi óskar eftir duglegu starfsfólki, eingöngu um helgar.
**Upplýsingar gefur Erla í síma 555 6100 eða á staðnum milli kl. 8-16.**

**Ert þú á aldrinum 40-60 ára?**
Vantar þig aukatekjur?
Langar þig að vinna með skemmtilegu fólki?
Viltu ferðast til spennandi landa?
Okkur vantar konur í vinnu!
**Hafðu samband við okkur!**
**Lilja Dóra Hjörleifsdóttir deildarstjóri**
**Volare s. 8657036 lilja-hjoll@simnet.is**
**Eydís Davíðsdóttirr sölu og markaðsfulltrúi**
**Volare s. 8695226 eydis@tpostur.is**
**www.volare.is**

**Prikið auglýsir.**
Vantar tvo dyraverði um helgar sem fyrst. Einnig vantar aðstoðarmenn í eldhús í hlutastarf. Tilvalið fyrir skólafólk.
**Uppl. um dyravörslu í síma 698 8698**
**Uppl. um aðstoðarmann 868 3587 Raggi**

Vilt þú vinna heima og byggja upp vaxandi aukatekjur? Þjálfun í boði 7-10 klst. í viku. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur, sími 861 4019 www.HalldoraBjarna.is

**Góðir tekjumöguleikar**
Lærðu allt um neglur, gervineglur, skraut, lökkun o.fl. Íslandsmeistarar kenna. Naglasnyrtiskóli Kolbrúnar. Símar 565 3760 & 892 9660.

Björnsbakarí - Vesturbæ óskar eftir að ráða aðstoðarfólk í framleiðslu. Vinnutími er frá kl. 05-13 daglega og einnig er unnið þriðju hverja helgi. Áhugasamir hafi samband við Sigurð í síma 561 1433 / 699 8076 eða á netfangið: bjornsbakari@bjornsbakari.is.

Sælgætisgerðin Freyja óskar eftir starfsfólki við framleiðslu og pökkun. Vinnutími má-fi: 8.00-18.00, frí á föstud. Nánari upplýsingar í símum 825 2048 og 825 2047.

**Atvinna - Vesturbær**
Starfskraftur óskast til ýmissa starfa í fatahreinsun. Unnið mánudaga-föstudaga. Ekki unnið á laugard. Uppl. á staðnum, Hraði fatahreinsun Ægissíðu 115. S. 552 4900.

**Ræstingar**
Óska eftir starfsfólki í ræstingar á daginn. www.jmraestingar@simnet.is.

Dvalarheimili á Stokkseyri óskar eftir starfskrafti í aðhlynningu og eldhús. Hlutastarf eða fullt starf. Upplýsingar í síma 483 1310 & kum@simnet.is.

**Tiger Kringlunni**
Starfskraftur óskast til afgreiðslu og almennra verslunarstarfa. Uppl. í s. 660 8211.

Óskum eftir starfskrafti til léttra þrifa hjá snyrtilegu fyrirtæki í Garðabæ. Þrífa þarf einu sinni í viku c.a 4-5 tíma. Góð laun. Uppl. hjá Hauði í s. 824 0825

## Atvinna óskast

Vanur vélamaður laus í afleysingar. Uppl. í s. 849 1213.

## Viðskiptatækifæri

Ef þú villt skapa þér algjört fjárhagslegt frelsi skaltu skoða http://www.sigradu.com.

## TILKYNNINGAR

## Einkamál


XXX DVD
BESTA VERÐIÐ!!!
2.DISKA DVD KR 3.990-
NÝJAR MYNDIR FRÁ USA Á 2.950-
ALLAR VHS Á 1.490-
GRENÁSVIDEO.IS
GRENSÁSVEGI 24.S.568-6635
OPIÐ 15-23:30.


# Álftanesskóli

**Skólaliði í heilsdagsskóla**

**Óskum að ráð nú þegar skólaliða í Frístund (lengd viðvera nemenda), 60% starf.**

Upplýsingar veita skólastjóri og umsjónarmaður Frístundar í símum 540-4700 og netfang: **anna.kristmundsdottir@alftanesskoli.is** og **sveinbjorn.njalsson@alftanesskoli.is**

Umsóknir með upplýsingum um nám og fyrri störf sendist Álftanesskóla.

Sjá einnig vef Álftanesskóla **www.alftanesskoli.is** og vef Álftaness **www.alftanes.is**

Laun eru samkvæmt kjarasamningum Launanefndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

**Skólastjóri.**


**Vantar þig starfskraft?**




**Yfir 111% fleiri lesendur að atvinnublaði Fréttablaðsins!**

Um 150.000 lesendur

Samkvæmt nýjustu fjölmiðlakönnun Gallup (okt. 2005) nærðu til **rúmlega tvöfalt fleiri Íslendinga** á aldrinum 20 – 40 ára með því að auglýsa í **atvinnublaði Fréttablaðsins** frekar en atvinnublaði Morgunblaðsins. Könnunin sýnir að 38% af þeim lesa **Allt – atvinnu, sem fylgir frítt** með Fréttablaðinu alla sunnudaga. Aðeins 18% lesa hins vegar atvinnublað Morgunblaðsins og því eru **111% fleiri** sem sjá auglýsinguna í Fréttablaðinu.

Þegar horft er á allar staðreyndir málsins ætti að vera einfalt að sjá hvar borgar sig að auglýsa.

**Hvar birtist auglýsingin þín?**

allt - atvinna
– mest lesna atvinnublaðið


# Almannatengsl / Aðstoðarframkvæmdastjóri

**Landssamband íslenskra útvegsmanna óskar eftir að ráða aðstoðarframkvæmdastjóra til starfa.**

**Helstu verkefni:**
- Almannatengsl, kynning og fræðsla á málefnum sjávarútvegsins
- Greining á starfsumhverfi
- Innri og ytri upplýsingagjöf
- Stefnumótun samtakanna

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun
- Reynsla af störfum við almannatengsl æskileg
- Hæfni til að greina tölulegar upplýsingar
- Gott vald á rituðu og mæltu máli
- Góð tungumálakunnátta
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi

**Tilgangur Landssambands íslenskra útvegsmanna er:**
- Að vera heildarsamtök útvegsmanna og málsvari þeirra í almennum hagsmunamálum
- Að stuðla að framförum í sjávarútvegi.
- Að stuðla að sjálbærri og hagkvæmri nýtingu fiskistofna og vinna að umhverfismálum
- Að taka þátt í alþjóðasamstarfi og gæta hagsmuna útvegsmanna við samningsgerð íslenska ríkisins við önnur ríki
- Að gæta hagsmuna útvegsmanna við gerð kjarasamninga

IMG MANNAFL LIÐSAUKI

**Nánari upplýsingar veita Hilmar G. Hjaltason (hilmar@img.is) og Guðríður D. Hálfdanardóttir (gudridur@img.is) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 29. janúar nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Mannafls - Liðsauka.**

Borgartúni 27
105 Reykjavik
Sími 540 7100
mannafl@img.is

Skipagötu 16
600 Akureyri
Sími 461 4440
www.mannafl.is

**Vegna fráfalls eiganda er Gylfi E. Sigurlinnason ehf. til sölu.**
**Fyrirtækið sérhæfir sig sölu á handverksvörum og verkfærum.**
***Tilboð óskast sem fyrst.***
**Nánari upplýsingar í síma : 555-1212**

## TILKYNNINGAR

Skipulags stofnun

# Gjábakkavegur (365), Laugarvatn Þingvellir, Bláskógabyggð.

**Mat á umhverfisáhrifum – athugun Skipulagsstofnunar**

Vegagerðin hefur tilkynnt til athugunar Skipulagsstofnunar nýja matsskýrslu um Gjábakkaveg (365), Laugarvatn – Þingvellir, Bláskógabyggð.

Tillaga að ofangreindri framkvæmd og skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hennar liggur frammi til kynningar frá **24. janúar** til **7. mars 2006** á eftirtöldum stöðum: Á skrifstofum Bláskógabyggðar í Aratungu og skipulags- og byggingarfulltrúa á Laugarvatni, í Þjóðarbókhlöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Matsskýrslan er aðgengileg á heimasíðu Vegagerðarinnar: **www.vegagerdin.is.** og VSÓ Ráðgjöf, **www.vso.is.**

Allir hafa rétt til að kynna sér framkvæmdina og leggja fram athugasemdir. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en **7. mars 2006** til Skipulagsstofnunar, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Þar fást ennfremur nánari upplýsingar um mat á umhverfisáhrifum.

Birt samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000.

**Skipulagsstofnun**

## VISSIR ÞÚ...

...að bandaríski loftherinn missti fleiri menn í síðari heimstyrjöldinni en sjóherinn og landherinn?

...að til að fá lausn frá lofthernum þurfti að ljúka þrjátíu sendiferðum?

...að 71% hermanna dó áður en ferðunum þrjátíu var lokið?

...að stjórnstöð bandaríska sjóhersins árið 1941 bar skammstöfunina C.I.N.C.U.S (borið fram sink us)? Sink us þýðir sökkvið okkur.

...að nafninu, og þar af leiðandi skammstöfuninni, var breytt eftir árásina á Perluhöfn?

...að á spælnum á einkennisbúningi 45. deildar bandaríska fótgönguliðsins var hakakross (swastika)? Því var einnig breytt.

...að japanski orustuflugmaðurinn Hiroyoshi Nishizawa skaut niður um 80 flugvélar? Hann dó í flugslysi þar sem hann var farþegi?

...að þýskar Me-264 sprengjuflugvélar hefðu getað varpað sprengjum á New York? Það var ekki talið ómaksins virði.

...að U-120 kafbátur þýska hersins sökk vegna bilaðs klósetts?

...að meðal fyrstu „þýsku“ stríðsfanganna sem fangaðir voru í Normandí voru nokkrir Kóreubúar?

...að það voru Japanar sem neyddu Kóreumennina til að berjast fyrir sig við Rússa?

...að þeir voru seinna handteknir og þvingaðir til að berjast fyrir Rússa á móti Þjóðverjum?

...að þegar Þjóðverjar handtóku þá voru þeir notaðir gegn Bandamönnum?

...að fyrst þeir höfðu náðst svo oft ætti það að vera deginum ljósara að þarna voru ekki öflugir hermenn á ferð?

...að með linnulausum loftárásum og 35.000 manna liði náðu bandarískar og kanadískar hersveitir eyjunni Kiska í Kyrrahafi á sitt vald? Í árásinni lést aðeins 21 hermaður úr röðum innrásarliðsins.

...að mannfall hefði örugglega orðið mun meira ef það hefðu verið einhverjir Japanar á eyjunni?





ÓSKAR BERGSSON Í 1. SÆTIÐ

STEFNUMÁL:

- Frístundanámið inn í skólana
- Nægt framboð byggingalóða
- Sundabraut í göng á ytri leið
- Aldraðir njóti einkalífs á dvalarheimilum

www.oskarbergs.is sími: 553 2900



Tilboðsdagar hefjast allt að 50% afsláttur

VERIÐ

Glæsibæ, s. 552 0978
www.damask.is



LAGERSALA

Í OUTLET 10 - FAXAFENI 10

SKÓR 990

ALDREI LÆGRA VERÐ

RÝMUM VEGNA BREYTINGA - ALLT Á AÐ SELJAST

FULLT AF FLOTTUM VÖRUM Á:

1500 - 1000 - 500 kr.

DRAGTIR -3.990
JAKKAFÖT -7.990

GALLABUXUR -1.990

ÚLPUR PEYSUR BUXUR BOLIR JAKKAFÖT DRAGTIR KULDASKÓR HÚFUR KJÓLAR PILS

ULLARKÁPUR 1.990 kr.
BARA BULL VERÐ !

OUTLET 10
FAXAFENI 10

ATH opið
virka daga 11-18
laugardag 11-18
sunnudag 13-17

galleri sautján CENTRUM SMASH gs skór retro Kultur focus COMPANYS eva Deres



Útsala

19. - 28. JANÚAR

allt að 70% afsláttur

Ljósin í bænum
SUÐURVERI

Stigahlíð 45 105 Reykjavík Sími 553 7637

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 6.010 **-1,25%**

**Fjöldi viðskipta:** 857
**Velta:** 20.045 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Tryggingamiðstöðin** | +8,46% | **Avion Group** | -4,19% |
| **Atorka** | +0,80% | **FL Group** | -4,05% |
| **Atlantic Petroleum** | +0,13% | **Íslandsbanki** | -3,02% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 53,60 -2,40% ... Atorka 6,30 +0,80% ... Bakkavör 54,00 -1,20% ... Dagsbrún 5,80 +0,00% ... FL Group 21,30 -4,10% ... Flaga 4,04 -1,50% ... Íslandsbanki 19,30 -3,00% ... KB banki 825,00 +0,00% ... Kögun 64,80 -0,80% ... Landsbankinn 27,20 -1,10% ... Marel 70,20 -0,40% ... Mosaic Fashions 17,90 -1,10% ... SÍF 4,07 -0,70% ... Straumur-Burðarás 17,80 -1,10% ... Össur 112,00 -0,90%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Hluthafar kolféllu í reikningi

Hálfgerður farsi skapaðist í viðskiptum gærdagsins með hlutabréf í sænska lággjaldaflugfélaginu FlyMe sem er að stærstum hluta í eigu Pálma Haraldssonar í Fons.

Bréfin hrundu um 67 prósent - úr 37 aurum í 12 aura – þegar réttur til að taka þátt í hlutafjárútboði rann út á föstudaginn en ætlunin er að tífalda hlutafé FlyMe á næstunni. En í raun og veru tvöfölduðust bréfin í verði þar sem gengið hefði átt að hrapa niður í sex aura. Hefur hluturinn í FlyMe hækkað um 450 prósent frá áramótum.

Þeir sem eiga kauprétt í útboðinu, sem miðast við hluthafaskrá þann 25. janúar, geta keypt tíu nýja hluti á genginu þrír aurar fyrir hvern stakan hlut sem þeir eiga.



**TVÖFALDAST Í VERÐI** Margir sem keyptu og seldu hlutabréf í FlyMe í gær fá ekki að taka þátt í hlutafjáraukningu sem ætti að auka verðgildi félagsins verulega.

Selt verður nýtt hlutafé fyrir tvo milljarða að markaðsvirði sem gefur flugfélaginu færi á að vaxa hratt út á við.

Svo virðist sem mörgum hafi orðið á í messunni með því að kaupa og selja í FlyMe í gær því hlutabréf, sem skipta um hendur á tímabilinu 20. til 25. janúar, veita ekki forkaupsrétt í útboðinu. Margir seldu og keyptu í þeirri trú að þeir fengju að kaupa tíu ný bréf fyrir þrjá aura.

Björn Olegard, stjórnarformaður FlyMe, gat ekki gefið skýringar á þessari gríðarlegu hækkun í samtali við Dagens Industri. Félagið hyggst fjölga áfangastöðum á næstunni og tölur um farþegafjölda og sætanýting í desember sýndu töluverðan vöxt á milli ára.

Alls skiptu hlutabréf í FlyMe um hendur fyrir 430 milljónir króna í gær og er markaðsvirðið komið í átta milljarða króna. **- eþa**



Kynning á uppgjöri Actavis

## Actavis kaupir Fako að fullu

Lyfjafyrirtækið Actavis hefur lokið við að kaupa að fullu tyrkneska lyfjafyrirtækið Fako, en í því var keyptur meirihluti í desember 2003. Eftir stóð 11 prósenta hlutur sem Actavis hefur nú keypt á 20,4 milljónir bandaríkjadala, eða sem nemur um 1.250 milljón krónur.

Í tilkynningu Actavis til Kauphallar Íslands kemur fram að Fako, sem er fimmta stærsta samheitalyfjafyrirtæki Tyrklands, sérhæfi sig í þróun, framleiðslu og sölu samheitalyfja, auk þess að þróa og framleiða hráefni til lyfjagerðar. Starfsmenn Fako eru um 1.200 talsins. Félagið er með höfuðstöðvar í Istanbúl og rekur tíu söluskrifstofur í Tyrklandi. **- óká**

## Atorka kaupir meira í Romag

Atorka Group er komið með yfir tíu prósenta eignarhlut í Romag Holdings. Íslenska fjárfestingarfélagið hefur verið að auka hlut sinn jafnt og þétt í janúar en í upphafi árs var greint frá því að hann væri kominn yfir sex prósent.

Allur hluturinn er tæplega hálfur milljarður að markaðsvirði.

Romag Holdings, sem er skráð á sprotamarkaðinn AIM, er iðnaðarfyrirtæki sem sérhæfir sig í framleiðslu á gluggaefni og gluggaeiningum úr plasti. Promens, dótturfélag Atorku, er leiðandi í framleiðslu á hverfisteyptum plasteiningum.

Atorka á einnig stóra hluti í tveimur öðrum breskum iðnaðarfyrirtækjum, Low&Bonar og NWF Group. **- eþa**

## Auglýst eftir IRB-umsóknum

Fjármálaeftirlitið hefur birt á heimasíðu sinni vinnuskjal varðandi umsóknir um leyfi til þess að nota svokallaðar „IRB"-aðferðir við mat á útlánaáhættu fjármálafyrirtækja. IRB stendur fyrir *Internal Ratings Based*.

Fyrir þá sem hyggjast nota IRB-aðferðir frá og með næstu áramótum er umsóknarfrestur til 1. febrúar. IRB er hluti af svokölluðum Basel II staðli um eigið fé fjármálafyrirtækja, en hann er hluti af reglum sem gilda eiga um fjármálafyrirtæki á evrópska efnahagssvæðinu frá og með næstu áramótum. Frekari upplýsingar um IRB aðferðafræði og vinnu við innleiðingu á Basel II staðlinum er að finna á vef Fjármálaeftirlitsins, fme.is. **- óká**






**WINSTON CHURCHILL (1874-1965) LÉST ÞENNAN DAG.**

*„Ofstækismaður er sá sem getur ekki skipt um skoðun og vill ekki skipta um umræðuefni.“*

***Winston Churchill var forsætisráðherra Breta á árunum 1940 til 1945 og aftur 1951 til 1955.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST > 24. JANÚAR 1989

# *Ted Bundy tekinn af lífi*

Á þessum degi árið 1989 var fjöldamorðinginn Ted Bundy tekinn af lífi í rafmagnsstóli í Flórídaríki í Bandaríkjunum.

Bundy þótti afburðagreindur en nokkuð félagslega skertur á uppvaxtarárum sínum. Framtíð hans virtist ætla að verða björt enda var hann háskólamenntaður, myndarlegur og efnilegur stjórnmálamaður. Árið 1974 hóf Bundy að drepa ungar konur. Ekki er til nein nákvæm tala um hversu margar konur Bundy drap á fjögurra ára ferli sínum sem raðmorðingi en þó er talið að þær séu allt að eitt hundrað.

Bundy ferðaðist um í Volkswagen bjöllu á milli Washington,



TED BUNDY

Colorado og Utah og lokkaði konur inn í bíl sinn. Hann forðaðist lögregluna en var handtekinn í Flórída þegar lögreglan stöðvaði hann vegna þess að annað sætið vantaði í bíl hans sem var fullur af handjárnum og öðrum tólum. Honum var þó sleppt og við tók æsileg saga af handtökum, flótta úr fangelsum, fleiri morðum og bílþjófnuðum þar til hann var loks handtekinn og dæmdur til dauða.

Bundy neitaði staðfastlega sök en svo fór að hann játaði að lokum morð á þrjátíu konum. Talið er að Bundy hafi verið siðblindur. Hann drap konur með bitlausum vopnum og með því að kyrkja þær. Einnig nauðgaði hann, beit og misþyrmdi fórnarlömbum sínum kynferðislega, fyrir og eftir dauða þeirra.

## MERKISATBURÐIR

**1848** Gull finnst við Sutters Creek í Kaliforníu og er upphafið að gullæðinu.

**1855** Kirkjan á Hvanneyri á Siglufirði fýkur af grunni sínum og lendir á hliðinni í kirkjugarðinum.

**1908** Konur eru kosnar í bæjarstjórn í Reykjavík í fyrsta sinn.

**1908** Fyrsta skátahreyfingin er stofnuð í Englandi.

**1961** Marilyn Monroe skilur við eiginmann sinn, rithöfundinn Arthur Miller.

**1985** Jón Páll Sigmarsson, 25 ára, sigrar í keppni um titilinn sterkasti maður heims fyrstur Íslendinga.

**1998** Vatni er hleypt á Strók, goshverinn við Perluna í Öskjuhlíð.

## ANDLÁT

**Kristinn Pálsson,** fyrrum verslunarstjóri, áður til heimilis í Löngumýri 14, Akureyri, lést á hjúkrunarheimilinu Skjaldarvík þriðjudaginn 17. janúar.

**Unnur Guðjónsdóttir** frá Kleifum andaðist á dvalarheimilinu Silfurtúni í Búðardal, aðfaranótt þriðjudagsins 17. janúar.

**Kristín Petrún Jónsdóttir** frá Kjalvegi, Ennisbraut 18, Ólafsvík, lést á St. Franciskusspítalanum í Stykkishólmi fimmtudaginn 19. janúar.

**Ingibjörg Jónsdóttir,** áður til heimilis að Engjavegi 43, Selfossi, lést á Ljósheimum laugardaginn 21. janúar.



**LÓFAFAR KULDABOLA** Ungur maður lítur gegnum hrímaða lestarrúðu í Minsk í Hvíta-Rússlandi. AP/REUTERS



**VILL EKKI ÞORRAMAT Í KVÖLD** Jón Ingi vonast eftir góðum mat á afmælisdaginn en vill þó ekki þorramat.

## JÓN INGI HÁKONARSON LEIKARI: 35 ÁRA Í DAG

# Alveg til í annan Bachelor

„Ég fæ vonandi bara góðan mat hjá konunni minni í kvöld,“ segir Jón Ingi Hákonarson leikari sem heldur upp á 35 ára afmæli sitt í dag. Jón Ingi segist ekki matvandur en vonar þó að ekki verði þorramatur á boðstólum. „Svo ætla ég að halda eitthvað húllumhæ næsta laugardag. Þá ætlum við hjónaleysin að sameina afmælið og innflutningspartí í nýja húsinu okkar og bjóðum vinum og vandamönnum í það,“ segir Jón Ingi glaðlega. Hann flutti ásamt unnustu sinni og kisu inn í nýtt húsnæði þremur dögum fyrir jól. Þrátt fyrir annríkið áttu þau að sögn Jóns Inga mjög gleðileg jól.

Jón Ingi var eins og margir muna kynnir í hinum umdeilda þætti um íslenska bachelorinn. „Þetta var bara fín reynsla og gaman að stökkva á þennan vagn og kynnast því hvernig sjónvarpsþáttur er búinn til. Það var skemmtilegt og vægast sagt lærdómsríkt,“ segir Jón Ingi og blæs á alla þá gagnrýni sem þátturinn hefur fengið. „Áhorfið var jákvætt og umræðan neikvæð þannig að við höfum verið að gera eitthvað rétt,“ segir Jón Ingi og bætir við að sér finnst þessi umræða svolítill mælikvarði á það í hvernig þjóðfélagi við búum og hvað Íslendingar hafa það gott. „Ef þetta er það sem fær fólk til að fara upp á háa c-ið þurfum við ekki að hafa áhyggjur af neinu,“ segir hann hlæjandi.

Jón Ingi er að fást við hitt og þetta þessa dagana. Hann er að kenna leiklist, leikstýra, talsetja auk þess sem hann er sjálfur að koma saman handriti að sjónvarpsþætti. „Þetta er allt „hush hush“ og á byrjunarstigi,“ segir Jón Ingi glettinn.

Hann segir aldrei að vita nema önnur þáttaröð af bachelornum verði hrundið af stað. „Ég veit bara ekki hvort byrjað er að ræða það,“ segir Jón Ingi og segist ekki myndi skorast undan kynnishlutverkinu ef honum væri boðið það.



†

*Móðir okkar, tengdamóðir, amma, systir og mágkona,*

**Matthea Katrín Pétursdóttir**

Álfaborgum 9,

lést á líknardeild Landspítalans 22. janúar.

**Snæbjörn Ólafsson**
**Ágústa Sigurðardóttir** **Lýður Ásgeirsson**
**Hilmir Freyr Sigurðsson** **Svanhildur Jóna Erlingsdóttir**
**Eva Björg Sigurðardóttir** **Aðalsteinn Jóhannsson**
**Auður Pétursdóttir** **Haraldur Finnsson**
**og barnabörn.**



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Sigurður Jónsson**

Álfaskeiði 127, Hafnarfirði,

sem lést á líknardeildinni í Kópavogi mánudaginn 16. janúar, verður jarðsunginn frá Vídalínskirkju í Garðabæ miðvikudaginn 25. janúar kl. 13.00.

**Sigríður Sesselja Oddsdóttir**
**Lára Björk Sigurðardóttir** **Sigursteinn Björn Sævarsson**
**Sigríður Þórunn Ragnarsdóttir**
**Birna Björk Sigursteinsdóttir**



†

*Alúðarþakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við fráfall ástkærs föður okkar og tengdaföður,*

**Péturs Sigurðssonar**

á Hrafnistu, Hafnarfirði.

Sérstakar þakkir sendum við starfsfólki á deild 4B Hrafnistu fyrir hlýju og góða umönnun.
Fyrir hönd afkomenda,

**Ingibjörg Pétursdóttir** **Magnús Karl Pétursson**
**Halldóra Karlsdóttir**
**Kristján Pétursson** **Erla Magnúsdóttir**
**Sigrún Pétursdóttir** **Björn Ólafsson**
**Sigurður Kr. Pétursson** **Helga Magnúsdóttir**
**Sigþór Pétursson** **Collen Mary Pétursson**

# UT-dagur haldinn í fyrsta sinn

Upplýsingatæknidagurinn er haldinn í fyrsta sinn í dag. Markmiðið er að vekja athygli á þeim tækifærum sem Íslendingar hafa á sviði upplýsingatækni, upplýsingatækni iðnaðar og fjarskipta. Að deginum standa forsætisráðuneytið, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið, samgönguráðuneytið og fjármálaráðuneytið í samstarfi við Póst- og fjarskiptastofnun, Samtök upplýsingatæknifyrirtækja og Skýrslutæknifélagið.

Í tilefni dagsins verður haldin ráðstefna á Nordica hóteli undir yfirskriftinni



**FRAMTÍÐIN BÍÐUR** Tæknin leikur stórt hlutverk í lífi okkar.

Tæknin og tækifærin. Ráðstefnan verður send beint út á www.utdagur.is en einnig verður opnaður nýr vefur um upplýsingatækni, www.utvefur.is.

## AFMÆLI



**Vigfús Geirdal** sagnfræðingur er 58 ára.



**Valdimar Leifsson** kvikmyndagerðarmaður er 53 ára.



**Hrólfur Jónsson** slökkviliðsstjóri er 51 árs.



**Róbert Melax** stofnandi Lyfju er 46 ára.



**Hilmir Snær Guðnason** leikari er 37 ára.

## FÆDDUST ÞENNAN DAG



**76** Publius A Hadrianus 14. rómverski keisarinn.



**1679** Christian von Wolff heimspekingur.



**1705** Farinelli söngvari og geldingur.



**1746** Gustav III konungur Svía.





**1949** John Belushi leikari.

**Ford**Escape www.ford.is

*Nýtt tákn um gæði*

## Vertu á nýjum Ford Escape. Lægsta verð á öldinni.

# Sjálfskiptur sportjeppi Aðeins 2.590 þús. kr.

## Frábært tilboð á stæðilegri sportjeppa. Skiptu um bíl. Komdu í dag. Vertu á Ford Escape.

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL - gci50056



| Ford Escape XLS | Ford Escape XLT | Ford Escape XLT Sport | Ford Escape Limited |
|---|---|---|---|
| 2,3i sjálfskiptur* | 3,0i V6 sjálfskiptur* | 3,0i V6 sjálfskiptur* | 3,0i V6 sjálfskiptur* |
| Kaupverð 2.590.000 kr. | Kaupverð 3.120.000 kr. | Kaupverð 3.250.000 kr. | Kaupverð 3.460.000 kr. |
| Bílasamningur 35.200 kr. | Bílasamningur 42.420 kr. | Bílasamningur 44.190 kr. | Bílasamningur 46.990 kr. |
| Rekstrarleiga 47.900 kr. | Rekstrarleiga 55.860 kr. | Rekstrarleiga 57.990 kr. | Rekstrarleiga 61.570 kr. |



## Vertu á stæðilegri bíl. Escape.

Nýr og fallegri Ford Escape. Skoðaðu vinsæla sportjeppann frá Ford. Afl, rými og ríkulegur búnaður ásamt frábærum aksturseiginleikum og hagstæðu verði gera það að verkum að ánægðir eigendur Toyota RAV4 og Honda CR-V skipta um bíl. Veldu Ford Escape. Kjörin eru góð. Þú leigir Ford Escape eða kaupir og þú færð vestrænan sportjeppa í fullri stærð. Berðu saman bíla: Ford Escape og Toyota RAV4. Komdu í Brimborg, vertu á nýjum Escape.

**Tugþúsundir aukalega. Þú ert klár í snjóinn.**
**Þú þarft ekki að hafa áhyggjur af snjónum. Fyrir utan frábært verð færðu aukalega Nokian gæða vetrardekk þér að kostnaðarlausu - klár undir bílinn og sumardekkinn í farangursrýmið. Verðmæti 85.000 krónur. Kynntu þér frábær kjör á Ford Escape.**

Gildir aðeins til 31. janúar eða meðan birgðir endast.

**Smelltu þér á netið: www.ford.is - skoðaðu verð, búnað og tækni Ford.**



**Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg.**
Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu og skoðaðu Ford í dag. Komdu í Brimborg - skoðaðu nýja hönnun og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Ford.




*Ford er meðal vinsælustu bílamerkja á Íslandi. Endursalan staðfestir það einnig. Vertu í hópi þeirra bestu. Veldu nýjan Ford.*

brimborg
***Öruggur staður til að vera á***

**Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is**

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 10% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.myntkarfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 20.000 km akstur á ári. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

# Þökkum frábærar

## Yfir 10.000 sæti seld í sumar



**Frá 39.696 kr.**

Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti, m.v. hjón með 3 börn, 2-11 ára, vikuferð 25. maí eða 22. júní. Castle Beach íbúðahótelið.





## Costa del Sol

**Vinsælasti sólarstaður Íslendinga!**

- Margar brottfarir í júní og ágúst að seljast upp

**Sala hafin!**



**Frá 43.895 kr.**

Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára, vikuferð í maí eða 21. júní. Riviera íbúðahótelið.



## Rimini





**Vinsælasta sólarströnd Ítalíu!**

# viðtökur!

**Tryggðu þér bestu gististaðina og lægsta verðið**
**Bókaðu núna!**



**Frá 35.495 kr.**
Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára, vikuferð 25. maí eða 22. júní. Brasilia íbúðahótelið

# Mallorca



## Frábærir gististaðir!

- Margar brottfarir að seljast upp

Alcudia og Playa de Palma



**Frá 45.895 kr.**
Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára, vikuferð í maí eða sept. Diamant íbúðahótelið.



# Króatía



## Heitasti staðurinn síðasta sumar!

- Júníbrottfarir að seljast upp!

**Bókaðu núna og tryggðu þér**
**10.000 kr. afslátt á mann***

Heimsferðir

*10.000 kr. afsláttur af fyrstu sætunum eða meðan íbúðir eru lausar (fjöldi afsláttarsæta og íbúða er mism. eftir áfangastöðum). Gildir ekki um flugsæti eingöngu. M.v. bókun og staðfestingu fyrir 15. febrúar eða meðan afsláttarsæti eru laus.

• Sími 595 1000 • Fax 595 1001 • Akureyri sími: 461 1099 • Hafnarfjörður sími: 510 9500








## ■ Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

Lausn á gátu gærdagsins

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 7 | 1 | 9 | 8 | 2 | 5 | 6 | 3 |
| 6 | 5 | 9 | 4 | 3 | 1 | 7 | 8 | 2 |
| 2 | 3 | 8 | 5 | 6 | 7 | 4 | 9 | 1 |
| 9 | 4 | 2 | 8 | 1 | 3 | 6 | 7 | 5 |
| 7 | 1 | 6 | 2 | 5 | 9 | 3 | 4 | 8 |
| 5 | 8 | 3 | 7 | 4 | 6 | 2 | 1 | 9 |
| 8 | 2 | 4 | 6 | 9 | 5 | 1 | 3 | 7 |
| 1 | 9 | 5 | 3 | 7 | 4 | 8 | 2 | 6 |
| 3 | 6 | 7 | 1 | 2 | 8 | 9 | 5 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 4 | | 3 | | | | | 2 |
| | | | 6 | | | 3 | | 1 |
| | | 2 | 1 | | 8 | 9 | | |
| 9 | | 4 | | | | | | |
| 3 | | | | 9 | | | | 7 |
| | | | | | | 6 | | 3 |
| | | 1 | 8 | | 5 | 7 | | |
| 7 | | 5 | | | 3 | | | |
| 4 | | | | | 7 | | 5 | |






## STUÐ MILLI STRÍÐA Hvað er málið?

**ANNA MARGRÉT BJÖRNSSON** SKILUR EKKI NEITT



Las frétt í gær frá íslensku málþingi þar sem Páll Valsson, útgáfustjóri Eddu, lýsir yfir áhyggjum sínum af íslensku málfari. Fimm ára dóttir mín var að spila Írafár inni í herberginu sínu (Ég fékk diskinn frítt. Ekki spyrja meira). Ég var eiginlega orðin sannfærð um að Birgitta væri farin að syngja á ensku eða dönsku þegar það rann upp fyrir mér ljós að allt þetta feeeeeeáááá og sjeeeeeeeeááá og meeeeáááá var í raun og veru íslenska. Ég kippti disknum snarlega úr tækinu þar sem mér finnst alveg nóg að barnið sé farið að segja ó mæ godd og plís og nó vei en fari ekki að segja „mamma meeeg leeeangar svo að feeeeááá meiri snúð“. Ef þetta er nýja unglingamálið þá virðist það vera að stimpla sig rækilega inn hjá tónlistar- og útvarpsmönnum sem ég er upp til hópa hætt að botna í. Bætum svo við þetta furðulega mikilli tyggigúmmísáráttu sem ekki bætir úr skák þegar nýjasta sjónvarpsfólkið á Íslandi er farið að tjá sig. Reyndar er tyggjótalsmátinn líka einhver alveg nýr hreimur sem skilar sér aðallega í afar löngum „jáááá-um“ og „Hva SEEEgirum,“ á innsoginu. Og svo er líka þetta klassíska „Er haggi?“

Ég er ekkert með nasisma á nýyrði né enskuslettum hingað og þangað. Er í raun fullviss um að íslenskan sé afar fátæklegt mál, stórkostleg vöntun á lýsingarorðum og því mun betra að skrifa og syngja á ensku. Ég er mjög hrifin af ýmsum sköpunarverkum síðari ára eins og „FM hnakki“, „GK surtur“, „trönuhommi“ en minna hrifin af tískuyrðum sem klingja um allt eins og „klárlega“ og „ brilljant “ og „algert konfekt“ sem kannski komu í kjölfar aukinna hönnunarþátta þar sem sár vöntun á góðum lýsingarorðum kemur auðvitað fyrst fram. Má ég frekar biðja um Megas sem notar slettur „kreatíft“ og fellir þær að íslensku máli og setningargerð. Við viljum ekki heldur fara að ýta undir stéttaskiptingu með íslensku málfari þar sem „hnakkar“ og „treflar“ eru löngu hættir að skilja hvorn annan. Hvað er eiginlega meeeeálið?

## myndasögur

### ■ Pondus

Eftir Frode Overli




### ■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### ■ Pú og pa

Eftir SÖB




### ■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### ■ Barnalán

Eftir Kirkman/Scott



ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

og vodafone Heyrumst!

FJÓRIR DAGAR Í • 4 • SMÁRALINDINA

MIÐASALAN ER HAFIN
Í IDOL BÚÐINNI Í HAGKAUP SMÁRALIND

# HVER AF ÞEIM VERÐUR IDOL-STJARNAN?

Fylgstu með Idol-Stjörnuleit í beinni útsendingu frá Smáralind – föstudaga kl. 20:30



GOTT FÓLK McCANN

**!** **Kl. 20**

*Fyrsta Skáldaspírukvöld ársins fer fram í bókaverslununni Iðu við Lækjargötu. Rúna K. Tetzschner og Gunnar Hersveinn lesa úr bókum sínum Ófétabörnin og Gæfuspor - gildin í lífinu, sem báðar komu út fyrir jól. Þetta er 51. Skáldaspírukvöldið sem haldið verður en að þeim stendur Benedikt S. Lafleur.*

# menning

menning@frettabladid.is

## *Ósögð orð í Þjóðleikhúskjallarnum*



Rúnar Þórisson, sem áður gerði garðinn frægan með Grafík, mun ásamt hljómsveit halda tónleika í Þjóðleikhúskjallaranum fimmtudaginn 26. janúar í tilefni af útgáfu plötunnar *Ósögð orð og ekkert meir*.
Þetta er fyrsta sólóplata Rúnars og hefur hún fengið góðar viðökur síðan hún kom út seint á síðasta ári. Vinnsla plötunnar hafði staðið allt frá því að Rúnar kom heim úr för í Abbey Road, hljóðver Bítlanna, sem hann fór í ásamt vini sínum Rafni Jónssyni heitnum trommuleikara og fleiri tónlistarmönnum. Rúnar segir að inn í hugverkið sjálft fléttast sú vitneskja að tími er takmarkað fyrirbæri og eins og alltaf taki ein kynslóð við af annarri. Drifkrafturinn felist í ástríðunni að viðhalda lífi og sköpunarmætti.

Rúnar leikur sjálfur á gítar en er studdur fríðu föruneyti á sviði. Hljómsveitina skipa söngvarinn Karl Henry, sem áður var í Without Gravity, Lára Rúnarsdóttir, sem leikur á gítar, Þorbjörn Sigurðsson úr hljómsveitinni Jeff who?, sem einnig leikur á gítar, bassaleikaranum Haraldi Þorsteinssyni, trommuleikurunum Agli Rafnsyni og Arnari Gíslasyni, blásturshljóðfæraleikurunum Jens Hanssyni og Eyþóri Kolbeins og strengjaleikurunum Helgu Ágústsdóttur og Ágústu Jónsdóttur.

Húsið er opnað klukkan 21 og aðgangur er ókeypis.

### > Ekki missa af...

...Náttúruvættum í vanda, sýningu á myndverkum og ljóðum eftir Þórgunni Jónsdóttur ljóðskáld, sem nú stendur yfir í Listagjá Bæjar- og héraðsbókasafnsins á Selfossi. Sýningin er opin á sama tíma og bókasafnið.

...franskri kvikmyndahátíð Alliance française. Hátíðin stendur til mánudagsins 30. janúar og því síðustu forvöð að bera franska kvikmyndalist augum á hvíta tjaldinu í bíli.

...leikritinu Glæpur gegn diskói í uppfærslu Sturtubaðsfélagsins Stúts sem hefur slegið rækilega í gegn í Borgarleikhúsinu. Sérstakt tilboðsverð verður á sýningar á fimmtudag og föstudag.

# Pörupiltar á Kringlukránni

Pörupiltar kallast félagsskapur „karlmanna“ sem hittist á Kringlukránni á miðvikudögum þar sem þeir ræða saman um lífið og tilveruna, áhugamál sín og fara á fjörur við konur. Strákarnir eru þó í sterkum tengslum við kvenlegu hliðina á sér enda eru þeir allir leiknir af konum.

„Þetta byrjaði allt saman á dragnámskeiði hjá Maríu Pálsdóttur,“ segir Sólveig Guðmundsdóttir, ein af Pörupiltunum. „Þá fengum við hugmyndir að þessum karakterum og byrjuðum að þróa þá og barinn notum við sem tilbúna leikmynd fyrir þá.“ Sólveig segir sýninguna vera nær því að vera „stand-up“ en hefðbundin leiksýning.



**FIMM AF NÍU PÖRUPILTUM** Í hlutverkum sínum frá vinstri: Ólafía Hrönn Jónsdóttir, Alexía Björg Jóhannesdóttir, Ingrid Jónsdóttir, Hildigunnur Þráinsdóttir og Arnbjörg Hlíf Valsdóttir.

Alls eru níu leikkonur í Pörupiltum og þær skiptast á að koma fram einu sinni í viku. „Það er þó alltaf einhver sameiginlegur þráður og vissir punktar í sýningunni,“ segir Sólveig. „Þetta eru allt vænstu menn með stórt hjarta, en misjafnlega hættulegir. Þeir hafa auðvitað sínar væntingar og þrár og ræða það sín á milli. Það má segja að þetta sé hugleiðing um karlmennskuna, en það er ekki auðvelt hlutskipti að vera karl í dag.“ Stúlkurnar hafa þróað með sér karakterana saman undanfarið hálft ár og Sólveig segir ekki laust við að þær hafi sótt eitthvað í eigin reynslubanka af samskiptum sínum við hitt kynið.

Sólveig segir að bæði kynin geti haft gaman af sýningunni, en það sé gráupplagt fyrir saumaklúbba að líta inn í „stutta helgi“, eins og hún kallar miðvikudagana. „Ég held að allar konur á aldrinum 20 til 70 ára ættu að drífa sig ef þær vilja hitta alvöru karla í krapinu.“

Fyrsta sýningin verður á miðvikudagskvöld og hefst klukkan 21. Aðgangseyrir er 1200 krónur.

- bs


ÖSKUBUSKA

**ÖSKUBUSKA - La Cenerentola eftir ROSSINI**
**Frumsýning sun. 5. feb. kl. 20 - ÖRFÁ SÆTI LAUS**
2. sýn. fös. 10. feb. kl. 20 – 3. sýn. sun. 12. feb. kl. 20
4. sýn. sun. 19. feb. kl. 20 – 5. sýn. fös. 24. feb. kl. 20
**AÐEINS SÝND Í FEBRÚAR OG MARS**

www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200**

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

ÍSLENSKA ÓPERAN

BORGARLEIKHÚSIÐ




| Stóra svið | Nýja svið/Litla svið |
|---|---|
| **SALKA VALKA** | **MANNTAFL** |
| Fi 26/1 kl. 20 Fi 2/2 kl. 20 AUKASÝNING<br>Fi 9/2 kl. 20 AUKASÝNING | Fö 3/2 kl. 20 AUKASÝNING |
| **WOYZECK** | **ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR** |
| Su 29/1 kl. 20 UPPSELT! AUKASÝNINGAR<br>Lau 11/2 kl. 20 Su 12/2 kl. 20<br>Fö 17/2 kl. 20 Lau 18/2 kl. 20 | Fi 16/2 kl. 20 Fö 17/2 kl. 20 UPPSELT<br>Lau 25/2 kl. 20 Su 26/2 kl. 20 |
| **KALLI Á ÞAKINU** | **BELGÍSKA KONGÓ** |
| Lau 4/2 kl. 14 UPPS. Su 5/2 kl. 14 UPPS.<br>AUKASÝNING Su 5/2 Kl. 17. | Lau 28/1 kl. 20 UPPSELT Su 29/1 kl. 20<br>Mi 1/2 kl 20 UPPS. Lau 4/2 kl. 20 UPPS.<br>Su 5/2 kl. 20 Fi 9/2 kl. 20<br>Fö 10/2 kl. 20 Lau 11/2 kl. 20 |
| **CARMEN** | **GLÆPUR GEGN DISKÓINU** |
| Fö 27/1 kl. 20 Græn kort<br>Lau 28/1 kl. 20 Blá kort Fö 3/2 kl. 20<br>Lau 4/2 kl. 20 Fö 10/2 kl. 20 | Fi 26/1 kl. 20 Fö 27/1 kl. 20<br>Fi 2/2 kl. 20 Su 12/2 kl. 20 |
| **RONJA RÆNINGJADÓTTIR** | **Naglinn** |
| Lau 11/2 kl. 14 FORSÝNING UPPSELT<br>Su 12/2 kl. 14 FRUMSÝNING UPPSELT | Fö 27/1 kl. 20 Lau 28/1 kl. 20<br>Fö 3/2 kl. 20 Lau 4/2 kl. 20<br>Lau 11/2 kl. 20 Su 12/2 kl. 20 |

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00

TÚSKILDINGSÓPERAN

Fös. 27/1 örfá sæti laus, lau. 28/1 örfá sæti laus, fim. 2/2 örfá sæti laus, fös. 3/2 nokkur sæti laus, lau. 4/2 örfá sæti laus, fös. 10/2 nokkur sæti laus, lau. 11/2 örfá sæti laus, fös. 17/2, lau. 18/2.
**Ath. nýtt sýningafyrirkomulag. Sýnt í janúar og febrúar.**

KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR

Sun. 29/1 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 5/2 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 12/2 kl. 14:00, sun. 19/2 kl. 14:00.

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00

ELDHÚS EFTIR MÁLI

Mið. 25/1 **uppselt**, fös. 27/1 **uppselt**, lau. 28/1 **uppselt**, sun. 29/1 **uppselt**, þri. 31/1 **uppselt**, mið. 1/2 **uppselt**, **aukasýning fim. 2/2 uppselt**, fös. 3/2 **uppselt**, **aukasýning lau. 4/2 kl. 16:00** nokkur sæti laus og kl. 20:00 **uppselt**, sun. 5/2 **uppselt**, mið. 8/2 **uppselt**, **aukasýning fim. 9/2** örfá sæti laus, fös. 10/2 **uppselt**, lau. 11/2 **uppselt**, sun. 12/2 **uppselt**.

SUNNUDAGSKVÖLD MEÐ SVÖVU

**Fyrirlestur - Kvöldverður - Leiksýning - Umræður**
Sun. 29/1 kl. 18:00 **uppselt**, sun. 5/2 kl. 18:00 **uppselt**, sun. 12/2 kl. 18:00 **uppselt**.
Nánari upplýsingar á www.leikhusid.is

LEIKHÚSKJALLARINN

**Leikhúskjallarinn - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!**
Leikhúsveisla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl: 18:00.
Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma 585 1295.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

HIMNARÍKI

Fös. 20. Jan. kl.20
Lau. 21. Jan. kl.20 örfá sæti laus
Lau. 28. Jan. kl.20
Fös. 3. Feb. kl. 20
Lau. 4. Feb. kl. 20

eftir Jón Atla Jónasson

Hátíðaropnun

Sun . 22. Jan. kl 19.57
Fös. 27. Jan. kl. 19.57
Sun. 29. Jan. kl. 19.57
*Námsmenn og Vörðufélagar fá miðann á Mind Camp á 1000 kr. í boði Landsbankans*

EF

eftir Valgeir Skagfjörð/
Einar Má Guðmundsson

Þrið. 24. Jan.kl. 9 og 11 Uppsellt
Mið. 25. Jan.kl. 9 og 11 Uppsellt

HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ

Le Sing

Syngjandi þjónar



BROADWAY
Sími: 533-1100

Nína og Geiri
Björgvins Halldórssonar



BROADWAY 5331100

THULE

TYPPATAL

Sýnt á NASA við Austurvöll



| | | |
|---|---|---|
| Fimmtudagur | 26 . janúar | - Örfá sæti |
| Föstudagur | 27 . janúar | - Örfá sæti |
| Laugardagur | 28 . janúar | - Örfá sæti |
| Fimmtudagur | 2 . febrúar | - Laus sæti |
| Föstudagur | 3 . febrúar | - Laus sæti |
| Laugardagur | 4 . febrúar | - Laus sæti |
| Fimmtudagur | 9 . febrúar | - Laus sæti |

Húsið opnar kl. 20:00 - Sýningar hefjast kl. 20:30
Miðasala í verslunum Skífunnar,
www.midi.is og í síma: 575 1550

FM 98,9 BYLGJAN
Allir eru að hlusta!



N á tali hjá Hemma Gunn
Sunnudaga 16-18:30

# Veðbanki tónlistarverðlaunanna

Veðbanki hefur verið opnaður á heimasíðunni visir.is og þar getur fólk giskað á hver vinnur í hverjum flokki Íslensku tónlistarverðlaunanna sem verða afhent í Þjóðleikhúsinu á miðvikudaginn.

Vegleg verðlaun eru í boði fyrir þann sem verður getspakastur.

Einnig er hægt að taka þátt í kosningu á vinsælasta flytjanda Íslands í netkosningu á visir.is og verða sértök verðlaun veitt í þessum flokki á hátíðinni. Netkosningunni um vinsælasta flytjandann lýkur á hádegi á miðvikudag. Þátttakendur í henni fá miða fyrir tvo á hátíð Íslensku tónlistarverðlaunanna.

Sá getspakasti í heildarkosningunni á visir.is, þar sem kosið er í hverjum flokki, fær í verðlaun flug til San Fransisco með Icelandair ásamt 400 dollurum í gjaldeyri frá Landsbankanum. Hægt er að skoða tilnefningar á sérstakri vefsíðu verðlaunanna á visir.is. Upplýsingar um vinningshafa verða birtar á síðunni föstudaginn 27. febrúar.



**EMILÍANA TORRINI** Söngkonan vinsæla er tilnefnd til Íslensku tónlistarverðlaunanna fyrir plötu sína Fisherman's Woman.


# Ótrúlegt barnaverð!

**Barnafjölskyldur eru í sérstöku uppáhaldi hjá okkur. Við bjóðum ótrúlegt barnaverð fyrir börn og táninga allt upp í 17 ára. Athugið að framboð sæta á þessum ótrúlegu kjörum er takmarkað.**

**Bókaðu á heimasíðunni www.apollo.is**



| Brottfarir | 23.-30. maí<br>28. ág.-12. sept. | 6.-29. júní<br>8.-22. ágúst | 4.júlí-1.ágúst |
|---|---|---|---|
| 1 vika | 19.900 kr. | 22.900 kr. | 27.900 kr. |
| 2 vikur | 24.900 kr. | 27.900 kr. | 32.900 kr. |
| 3 vikur | 29.900 kr. | 32.900 kr. | 37.900 kr. |

**Barnaverðið gildir á eftirtöldum gististöðum:**

2ja-17 ára
- **Jalta 2 (2ja herb. íbúðir)**
- **Panorama Marina**
- **Victoria Residence**
- **Central**

2ja-11 ára
- **Dunav**
- **Longoza**
- **Sredetz**

Barnaverðið gildir ef börnin eru á sömu bókun og a.m.k. 2 fullorðnir sem greiða skv. verðlista og búa í sömu vistarveru.

Ef bókað er á söluskrifstofunni bætist við 2.500 kr. bókunargjald á mann.

Kynningarafsláttur nær ekki til Barnaverðanna.

LANGferðir
Holtasmára 1 • 201 Kópavogur
Sími: 5 100 300 • Símbréf: 5 100 309
Netfang: langferdir@langferdir.is
Heimasíða: www.apollo.is
Opnunartímar alla virka daga frá 10:00-17:00

apollo
**www.apollo.is • 5 100 300**

# Má bjóða þér í bíó?

Það eina sem þú þarft að gera er að sækja um Snilldarkort SPRON fyrir 6. febrúar 2006 og þú færð 2 miða á myndina **Fun with Dick and Jane.**

## Leynist Jim Carrey í þér?

Allar stelpur og strákar sem eiga snilldarkort geta sent inn grettumynd af sjálfum sér á snilld.is og átt möguleika á að vinna árskort í bíó.




**Frumsýnd 27. janúar í Smárabíó**






★★★★ VELJIÐ HÉR AÐ NEÐAN KVIKMYNDAHÚS OG SÝNINGARTÍMA SEM YKKUR HENTAR ★★★★

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | |
|---|---|
| THE FOG | kl. 8, 10.10 B.I. 16 ÁRA |
| BROKEBACK MOUNTAIN | kl. 5, 8 og 10.45 B.I. 12 ÁRA |
| SÝND Í Í LÚXUS | kl. 5, 8, og 10.45 |
| MEMOIRS OF GEISHA | kl. 5 og 10 |
| CHEAPER BY TE DOZEN 2 | kl. 4 og 6 |
| HOSTEL | kl. 8 og 10.10 B.I. 16 ÁRA |
| LITTLE TRIP TO HEAVEN | kl. 6 og 8 B.I. 14 ÁRA |
| DRAUMALANDIÐ | kl. 4 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

BROKEBACK MOUNTAIN kl. 6 og 9 B.I. 12 ÁRA
MEMOIRS OF GEISHA kl. 6 og 9
BROTHERS GRIMM kl. 5.30, 8 og 10.30 B.I. 12 ÁRA
LITTLE TRIP TO HEAVEN kl. 6, 8 og 10 B.I. 14 ÁRA

Borgarbíó SÍMI 462 3500

JUST FRIENDS kl. 6
CHEAPER BY THE DOZEN 2 kl. 6, og 8
THE FOG kl. 8 og 10 B.I. 16 ÁRA
HOSTEL kl. 10 B.I. 16 ÁRA

400 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

Dolby SDDS THX BÍÓ.IS – allt á einum stað





# FRÉTTIR AF FÓLKI

Talsmenn samtaka samkynhneigðra í Bandaríkjunum segja að fordómar gagnvart samkynhneigðum hafi aukist mikið með þættinum American Idol. Vilja þeir funda sem allra fyrst með forsvarsmönnum þáttarins. Í fyrsta þætti nýjustu þáttaraðarinnar sagði Simon Cowell einum karlkynskeppandanum að raka af sér hárið og fara í kjól auk þess sem Randy Jackson spurði einn strák í áheyrnarprófinu hvort hann væri stelpa. Hvorugur keppendanna komst áfram.



Rokkarinn Jon Bon Jovi hefur beðið söngkonuna Madonnu afsökunar eftir að hann sakaði hana um að misnota sakleysi barna sinna með því að fara með þau á eins margar kvikmyndafrumsýningar og hægt er, til þess eins að fá myndir af þeim í blöðin. Jovi segir að ummælin hafi ekki átt rétt á sér því hann þekki Madonnu ekki neitt.



Hjartaknúsarinn George Clooney á um þessar mundir í ástarsambandi við Teri Hatcher úr þáttunum Desperate Housewifes. Nýverið sást til þeirra snæða kvöldverð á uppáhaldsveitingastað Clooneys, Casa Vega, auk þess sem þau hafa farið á nokkur stefnumót. Clooney hefur verið einhleypur síðan hann hætti með sjónvarpskonunni Lisu Snowdon á síðasta ári.



Kvikmyndin The Da Vinci Code með Tom Hanks í aðalhlutverki verður opnunarmynd kvikmyndahátíðarinnar í Cannes sem hefst þann 17. maí. Tveimur dögum síðar verður hún frumsýnd í kvikmyndahúsum víða um heim. Leikstjóri myndarinnar, Ron Howard, vann óskarinn árið 2002 fyrir myndina A beautiful mind.










## HYDROXYCUT

Eitt vinsælasta fitubrennsluefni heims. Nú nýtt og endurbætt. Eykur fitubrennslu og minnkar matarlyst.

## L'ORÉAL PERFECT SLIM PLÁSTRAR OG GEL

Plástrarnir eru 6 sinnum öflugri en samanburðarvara í rannsóknum og mjög öflugir gegn fitusöfnun. Bæði plástrarnir og gelið virka einnig vel gegn appelsínuhúð þannig að húðin verður sýnilega mýkri og sléttari – strax eftir fyrstu notkun.




## ÁLFABAKKI

| | |
|---|---|
| PRIDE & PREJUDICE | KL. 5:20-8-10:40 |
| PRIDE & PREJUDICE VIP | KL. 8-10:40 |
| OLIVER TWIST | KL. 5-8-10:40 B.I. 12 |
| JARHEAD | KL. 8-10:40 B.I. 16 |
| RUMOR HAS IT | KL. 3:50-6-8:10 |
| DOMINO | KL. 10:40 B.I. 16 |
| CRONICLES OF NARNIA | KL. 5 |
| CRONICLES OF NARNIA VIP | KL. 5 |
| KING KONG | KL. 6-9:30 B.I. 12 |
| LITLI KJÚLLINN ísl. tal | KL. 3:50 |

## KEFLAVÍK

| | |
|---|---|
| HOSTEL | KL. 10:20 |
| RUMOR HAS IT | KL. 8-10 B.I. 14 |
| BROTHERS GRIMM | KL. 8 |

## AKUREYRI

| | |
|---|---|
| DOMINO | KL. 8-10 B.I. 16 |
| JARHEAD | KL. 8-10:15 B.I. 16 |

## KRINGLAN

| | |
|---|---|
| OLIVER TWIST | KL. 6-9 B.I. 12 |
| DOMINO | KL. 6 B.I. 16 |
| CRONICLES OF NARNIA | KL. 6-9 |
| KING KONG | KL. 8:15 B.I. 12 |

## HÁSKÓLABÍÓ

| | |
|---|---|
| PRIDE & PREJUDICE | KL. 5:30-8:05-10:40 |
| OLIVER TWIST | KL. 5:30-8-10:30 B.I. 12 |
| CRONICLES OF NARNIA | KL. 5:30 |
| KING KONG | KL. 9 B.I. 12 |
| RUMOR HAS IT | KL. 8:15-10:15 |
| HARRY POTTER OG ELDB. | KL. 6 B.I. 10 |
| BABÚSKA - LE POUPÉES RUSSES | KL. 5:30 B.I. 12 |
| TALAÐ FYRIR DAUFUM EYRUM - CAUSE TOUJOURS | KL. 8 |
| SANKTI ANGE - SAINT ANGE | KL. 10 |

SAMBÍÓIN
Háskólabíó


# FRÉTTIR AF FÓLKI



Jim Carrey var plataður til að leika í endurgerð myndarinnar Fun with Dick and Jane af leikkonunni Teu Leoni. „Ég hata oftast endurgerðir en ég var plataður til að gera þessa. Mér fannst þetta gott tækifæri til að skemmta mér með afar góðri leikkonu. Ég dái Teu, það er fjör í henni, hún er til í allt og mér finnst frábært að parið í myndinni lætur allar reglur róa Mér fannst það skemmtilegasti hluti myndarinnar," sagði Jim Carrey. Upprunalega myndin var gerð árið 1977 og þá léku George Segal og Jane Fonda aðalskötuhjúin.



Leikkonan Rachel Weisz er ósköp sátt við að þurfa ekki að nota gervióléttupúða í næsta hlutverki því nú er hún sjálf barnshafandi og komin fimm mánuði á leið. Rachel mun leika í myndinni The Lady from Shanghai sem leikstýrt er af Wong Kar-Wai. „Þetta er frábært því konan sem ég leik á von á barni svo ég þarf ekki að fela kúluna! Þegar ég lék í The Constant Gardener var ég alltaf með gervimaga en nú þarf ég þess ekki," sagði hún.




Miðgarður
Þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness



# Pantaðu viðtal

*Ágæti borgarbúi*

*Pantaðu viðtal við borgarstjóra í Miðgarði, þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness. Bókaðu tíma í síma 411 1400. Komdu og ræddu þín mál við borgarstjóra. Heitt kaffi á könnunni.*

*Með bestu kveðju*

Viðtalstími föstudaginn 27. janúar kl. 10–12

Miðgarður
Þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness | Langarima 21 | Sími 411 1400

Nánari upplýsingar á: www.reykjavik.is

Borgarstjórinn í Reykjavík

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu



# Áttu eitthvað gott til að koma mér af stað?

GOTT FÓLK McCANN · 30352






15%

**SORBITOL**

Þarftu að koma einhverju frá þér?
Öflug hreinsun.

Lyf & heilsa
*Við hlustum!*



## Helena frá í 1-2 vikur

Helena Sverrisdóttir, leikmaður kvennaliðs Hauka í körfubolta, mun verða frá keppni næstu tíu dagana eða svo á meðan hún jafnar sig á meiðslum á ökkla. Helena sneri sig í upphafi leiksins gegn ÍS á laugardag og án lykilmannsins síns biðu Haukar lægri hlut í leiknum. Hún gæti þó náð að spila toppslaginn gegn Keflavík á laugardaginn.

# sport

sport@frettabladid.is

FÓTBOLTAMAÐURINN BJARKI GUNNLAUGSSON: SPILAÐI SINN FYRSTA LEIK Í HÁLFT ÁR Á LAUGARDAG

## Mun spila með KR ef ég verð heill



„Ég er mjög stífur,“ sagði Bjarki Gunnlaugsson og hló þegar Fréttablaðið spurði hann um líðan sína eftir að hafa leikið sinn fyrsta alvöru leik í rúmt hálft ár á laugardag þegar KR burstaði Leikni, 5-1, á Reykjavíkurmótinu. Bjarki lék síðari hálfleikinn í leiknum og kunni sér einskis meins, en hann hefur átt við þrálát meiðsli að stríða undanfarin ár og lítið getað beitt sér síðustu sumur.

Hann stefnir ótrauður að því að spila af fullum krafti næsta sumar og bætir við að ef það takist muni hann spila með KR. „Ef ég verð í lagi verð ég með KR. Ég trúi ekki á svona rómantík eins og er að eiga sér stað uppi á Skaga,“ sagði Bjarki og hló en eins og kunnugt er skrifaði bróðir hans Arnar nýlega undir samning við sitt uppeldisfélag ÍA, rétt eins og Þórður Guðjónsson, annar gamall leikmaður ÍA, hafði gert skömmu áður. Bjarki mun því ekki verða hluti af þeirri smölun „gamalla kempa“ sem er að eiga sér stað þar. „Skaginn togaði auðvitað en mér líst mjög vel á það sem er að gerast hjá KR og vildi taka þátt í þessu,“ segir hann.

Bjarki æfir á fullu með liðinu og er undir sama álagi og aðrir leikmenn. „Við æfum eins og skepnur, miklu meira en ég gerði nokkurn tíma þegar ég var atvinnumaður. En þótt að æfingarnar séu miklar er þetta gert af skynsemi og það er aldrei farið yfir strikið,“ segir Bjarki sem sannarlega talar af reynslu enda verið atvinnumaður í Hollandi Þýskalandi, Noregi og Englandi. „Það sem er að gerast hjá KR er eitthvað sem er algjörlega nýtt á þessu landi en ég held að þetta sé það sem koma skal í íslenskum fótbolta.“

## > Kristján Örn skoraði



Knattspyrnumaðurinn Kristján Örn Sigurðsson skoraði sitt fyrsta mark fyrir Brann í 1-1 jafntefli gegn svissneska liðinu Luzern í æfingaleik sem fram fór á Spáni. Kristján Örn er búinn að vera í herbúðum Brann í rúmt ár og hann sagði við norska fjölmiðla að það hefði verið kominn tími á eitt mark. Ólafur Örn Bjarnason lék einnig með Brann í leiknum en þetta var hans fyrsti leikur með liðinu í nokkurn tíma enda hefur hann verið frá vegna meiðsla.



GUNNAR HEIÐAR Í uppáhaldi hjá stuðningsmönnum Wolves.

Stuðningsmenn Wolves:

## Vilja kaupa Gunnar Heiðar

FÓTBOLTI Stuðningsmannafélag Wolves í ensku 1. deildinni hefur hafið fjársöfnun til þess að félagið geti keypt landsliðsmanninn Gunnar Heiðar Þorvaldsson áður en félagsskiptaglugginn í Englandi lokast eftir viku. Stuðningsmennirnir ætla að safna 300 þúsund pundum (um 35 milljónir), sem þeir segja nóg til að fá forráðamenn Halmstad til að selja Eyjamanninn, og gera það með því að láta hvern áhorfanda í leiknum gegn Man. Utd í bikarkeppninni á sunnudag gefa 12 pund.

„Við erum að sjálfsögðu mjög ánægðir með svona aðstoð en allir leikmenn verða að vera samþykktir af stjóra liðsins,“ sagði Jez Moxey, fjármálastjóri Wolves við staðarblað bæjarins.

- vig

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JANÚAR

21 22 23 **24** 25 26 27

**Þriðjudagur**

■ ■ SJÓNVARP

☐ 18.00 **Íþróttaspjallið** á Sýn.

☐ 18.12 **Sportið** á Sýn. Farið verður yfir íþróttaviðburði dagsins.

☐ 18.30 **Bestu bikarmörkin** á Sýn. Mörk Arsenal í bikarkeppninni í gegnum tíðina verða sýnd.

☐ 19.30 **Enski deildabikarinn** á Sýn. Bein útsending frá síðari viðureign **Arsenal** og **Wigan**.

# Raunhæft að stefna að sjöunda til áttunda sæti á EM í Sviss

**Geir Sveinsson, fyrrverandi landsliðsfyrirliði og sérfræðingur Fréttablaðsins um EM í Sviss, er ekki jafn bjartsýnn fyrir EM og margir landar hans. Hann segir ekki raunhæft að fara fram á verðlaunasæti.**

HANDBOLTI „Eitt er hvað manni finnst því alltaf þegar lagt er af stað í slíkt mót finnst manni vera möguleiki á öllu. Ef ég á aftur á móti að vera raunsær þá tel ég hverfandi líkur á því að við verðum fyrir ofan sjöunda eða áttunda sætið. Ég tel raunhæft að stefna að sjöunda til áttunda sætinu,“ segir Geir Sveinsson sem verður sérfræðingur Fréttablaðsins meðan á EM stendur og mun segja sína skoðun á liðinu á tæpitungulaust. Geir deilir ekki bjartsýni fjölmargra landa sinna sem hafa gríðarlega trú á liðinu þó hann telji Ísland vera í hagstæðum riðli.

„Mitt mat er að við erum í næstveikasta riðlinum. Allir tala um hvað þetta sé erfiður riðill og hann er það þar sem liðin eru svipuð að styrkleika. Ég tel Serbana besta, svo erum við og Danir og ég tel Ungverjana vera veikasta. Ég tel eðlilegt að liðið fari áfram úr riðlinum en ástæðan fyrir því að ég spái okkur ekki betra gengi er sú að ég tel svo mörg önnur lið vera gríðarlega sterk um þessar mundir og nægir þar að nefna Frakkland, Spánn, Króatíu, Þýskaland og Serbíu,“ segir Geir en hvernig metur hann veikleika og styrkleika íslenska liðsins?

„Vinstri skyttan er vandamál og ég hefði viljað bíða fram á síðustu stundu eftir Loga Geirssyni sem mér skilst að sé kominn á fullt á nýjan leik. Ég get ekki séð að Garcia verði leikfær enda ekkert farinn að æfa að viti. Arnór stendur því eftir og hann á framtíðina fyrir sér en er ekki kominn í þann klassa að geta borið uppi þessa stöðu í heilu móti,“ segir Geir en hann er ekki ánægður með hversu lítið Viggó prófaði aðra leikmenn í stöðunni í síðustu leikjum.



VANNÝTT TÆKIFÆRI Geir Sveinsson segir að Viggó Sigurðsson landsliðsþjálfari hefði mátt prófa fleiri sóknar- og varnarafbrigði í síðustu leikjum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

„Guðjón Valur var ekkert notaður þar og það kom mér verulega á óvart því maður hefði viljað sjá hvernig hann plumaði sig. Svo hefði ég líka viljað sjá Snorra fara í þessa stöðu þegar Ólafur var á miðjunni en það var ekki gert og mér finnst það ákveðin sóun því æfingarnar eru búnar og alvaran er fram undan.“

Flestir handboltaspekingar eru sammála um að varnarleikurinn sé Akkilesarhæll landsliðsins og Geir er sammála þeirri gagnrýni.

„Mér finnst framfarirnar í varnarleiknum ekki vera nægilega miklar. Mér finnst Viggó bíta of mikið í sig einhverja eina útfærslu. Hann gerði það í Túnis með 3/3 vörninni og svo lenti hann upp við vegg að hafa ekki aðra vörn í bakhöndinni þegar 3/3 vörnin klikkaði. Hann hefur hangið á 5/1 vörninni en svo gerðist það undir lokin gegn Frökkum að hann fór í 6/0. Hann sagði að það ætti að vera leynivopn en ég skildi ekki þá pælingu og það litla sem ég sá af 6/0 vörninni heillaði mig ekki. Ég óttast að þá að fara í stórmót með eingöngu 5/1 og með ekki betri varaáætlun eigi eftir að koma okkur í koll. Mér líst ágætlega á markvörsluna en Birkir varði vel í fyrri hálfleik í fyrri leiknum gegn Frökkum og í seinni leiknum taka þeir 18 bolta og eru með 50% markvörslu. Samt kvartaði Viggó yfir markvörslu. Ég lít frekar á vörnina sem veikleika en markvörsluna,“ sagði Geir sem er hrifinn af sóknarleik íslenska liðsins.

„Styrkur Viggós er sókn og hraðaupphlaup og þar eru oft skemmtilegir hlutir á ferðinni. Annars skil ég ekki þessa pælingu með Óla á miðjunni. Ég sá hann ekki skila því sem til var ætlast í þeirri stöðu. Ég tel að Snorri eigi að vera á miðjunni,“ sagði Geir sem telur liðið ekki mæta til leiks eins tilbúið og það hefði getað gert.

„Ég hefði viljað sjá fleiri úrræði og fleiri möguleika nýtta í þessum leikjum gegn Frökkum. Viggó segir að mennirnir hafi verið þreyttir og þeir verða því að fá frí og því gefst ekki mikill tími til æfinga fram að móti. Annars túlka ég þessi tæknimistök þannig að andstæðingurinn bauð ekki upp á annað og því sé ástæðan ekki bara þreyta. Við mættum þarna ofjörlum okkar og engin skömm að tapa fyrir slíku liði. Eins og staðan er á liðinu í dag yrði ég mjög ánægður ef við spilum um sjöunda til áttunda sætið,“ sagði Geir Sveinsson.

henry@frettabladid.is


KIA Picanto
1,0 • 5 dyra • 5 gíra • verð 1.088.000



KIA Picanto, lipur, fallegur og nútímalegur smábíll. Rúmgóður og ríkulega útbúinn. Það sakar ekki að verðið á sér ekki hliðstæðu.

11.289 kr. á mánuði*

KIA Rio
1,6 • 5 dyra • 5 gíra • verð 1.498.000



KIA Rio, glæsilegur fólksbíll úr smiðju KIA. Rio er búinn aksturstölvu, átta öryggisloftpúðum, ABS hemlalæsivörn, álfelgum og öflugri en sparneytinni 1,6 lítra, 112 hestafla CVVT bensínvél.

15.582 kr. á mánuði*

KIA Cerato
2,0 • 4 dyra • 5 gíra • verð 1.648.000



KIA Cerato, rúmgóður og kraftmikill, 2,0 lítra, 144 hestöfl. Ríkulegur staðalbúnaður, öryggisloftpúðar, aksturstölva, álfelgur o.fl.

17.067 kr. á mánuði*

*miðað við SP-bílasamning til 84 mán. og 30% innborgun

KIA MOTORS

HVITA HUSID / SÍA - 4663

KIA umboðið á Íslandi er í eigu Heklu hf. Laugavegi 172 • Reykjavík • sími 590 5700

Kobe Bryant skoraði 81 stig fyrir LA Lakers gegn Toronto í NBA-deildinni:

# Hef aldrei séð neitt þessu líkt

**KÖRFUBOLTI** Kobe Bryant skráði sig í sögubækur NBA-deildarinnar í fyrrinótt þegar hann skoraði 81 stig fyrir lið sitt LA Lakers í 122-104 sigurleik gegn Toronto. Um er að ræða næstmesta skor í einum leik í sögu deildarinnar; aðeins Wilt Chamberlain hefur skorað meira, eða 100 stig í einum leik fyrir 43 árum.

„Ég hef orðið vitni að mörgum ótrúlegum leikjum með magnaðri einstaklingsframmistöðu en ég hef aldrei séð neitt þessu líkt. Það var eins og hann væri ekki af þessum heimi,“ sagði Phil Jackson, þjálfari Lakers, eftir leikinn. Þess má geta að besti leikmaður sögunnar að flestra mati, Micheal Jordan, skoraði mest „aðeins“ 69 stig á sínum ferli. Kobe tók alls 46 skot utan af velli í leiknum og hitti úr 28 þeirra, þar af 7 af 13 utan þriggja-stiga línunnar. Þá hitti hann úr 18 af 20 vítaskotum sínum. „Ég veit ekki hvað skal segja, þetta bara gerðist,“ sagði Kobe eftir leikinn. „Ég væri að ljúga ef ég segði ykkur að svona leikur væri eitthvað sem ég vissi að ég gæti. Ekki í mínum villtustu draumum átti ég nokkurn tíma von á að skora 81 stig í einum leik,“ bætti Kobe við. Hann er nú kominn með 36 stig að meðaltali í leik í vetur og 45,5 að meðaltali í síðustu 10 leikjum.

Áhorfendur í Stable Center höllinni í LA hylltu hetjuna sína lengi eftir leikinn og kölluðu eftir því að Kobe yrði valinn verðmætasti leikmaður deildarinnar. Kobe skoraði 26 stig í fyrri hálfleik en fór í gang svo um munaði í upphafi þriðja leikhluta þegar Toronto var 18 stigum yfir. „Það var sama hvað reyndum, mann á mann, svæðisvörn eða tvöfalda dekkun – honum héldu engin bönd,“ sagði Sam Mitchell, þjálfari Toronto, en í fyrri leik liðanna á leiktíðinni skoraði Kobe aðeins 11 stig, það minnsta sem af er tímabilinu. - vig



**ÓTRÚLEGUR** Kobe Bryant sést hér í faðmi fjölskyldu sinnar eftir leikinn í fyrradag en þá skráði hann sig í sögubækurnar svo um munaði. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

**FLEST STIG Í EINUM LEIK**

| | |
|---|---|
| Wilt Chamberlain, 3/2/62 | 100 |
| Kobe Bryant, 1/22/06 | 81 |
| Wilt Chamberlain, 12/8/61 | 78 |
| Wilt Chamberlain, 11/16/62 | 73 |
| Wilt Chamberlain, 1/13/62 | 73 |
| David Thompson, 4/9/78 | 73 |
| Wilt Chamberlain, 11/3/62 | 72 |
| David Robinson, 4/24/94 | 71 |
| Elgin Baylor, 11/15/60 | 71 |
| Wilt Chamberlain, 3/10/63 | 70 |
| Michael Jordan, 3/28/90 | 69 |



**Í HAM** Kobe Bryant hefur skorað 45,5 stig að meðaltali í leik síðan hann kom úr tveggja leikja banni fyrir um það bil mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY










## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„Sometimes I got so bored of trying to touch her breast that I would try to touch her between her legs. It was like trying to borrow a dollar, getting turned down, and asking for 50 grand instead.“**

**Svar:**
Rob í myndinni High Fidelity árið 2000.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR GÍGJA GUNNARSSON: SÁ FLOTT SVIÐ OG GLÆSILEGA ÚTSENDINGU HJÁ RÍKISSTOFNUN

# Af hverju þessar vinsældir söngvakeppna?

Söngvakeppnir eru jafn vinsælar og spurningakeppnir hér á landi. Fjölskyldan getur sameinast fyrir framan sjónvarpið og hlustað á misgóða söngvara, dæmt þá lélegu til dauða en hafið hina góðu upp til skýjanna. Vinsældir Idolsins eru ágæt sönnun þess hversu vinsæll söngurinn en sú keppni hefur heldur betur fengið samkeppni um samræðurnar á kaffistofum landsins því Eurovision – forkeppni RÚV er hafin.

Það er pínulítið merkilegt hvað þessi sérevrópska keppni nýtur mikilla vinsælda hér á landi. Meðal gárunganna er sagt að hún sé eingöngu góð ástæða fyrir því að halda enn eitt teitið því áhuginn á keppninni sem slíkri er afar takmarkaður. Árangur okkar Íslendinga hefur heldur ekki verið til að hrópa húrra fyrir. Hæst höfum við komist í annað sætið þegar Selma Björns tapaði fyrir sænskri sílíkonbombu. Þótt sá árangur sé mörgum enn í fersku minni gleyma því væntanlega fæstir þegar þjóðarsálin var særð er nauðasköllóttur Daníel Ágúst var sendur stigalaus heim. Reyndar er það svo að lögin í þessari rúmlega hálfrar aldar gömlu söngvakeppni hafa versnað með árunum og eru upp til hópa afspyrnuslæm. Þau myndu aldrei, aldrei ná einhverjum vinsældum ef ekki væri fyrir Eurovision.

Ríkissjónvarpinu tókst á laugardaginn að búa til stemningu fyrir þátt sem allir vissu að yrði smekkfullur af „lélegum“ lögum. Meira að segja stóri bróðir minn pantaði pitsu og bauð heim vinum en hann verður seint sakaður um að vera einn dyggasti stuðningsmaður Eurovision. Útsendingin var stórgóð og ákaflega vel heppnuð, starfsfólki sjónvarpsstöðvarinnar til mikils sóma. Loksins, loksins var sviðið í takt við tímann en ekki einhver „korný“ nostalgía. Fjölskyldur landsins eiga eftir að sitja næstu þrjú kvöld og dæma tónlistarfólk þessa lands miskunnarlaust því ekki viljum við sjá Iceland: 0 points í Grikklandi á þessu ári.



**SVIÐIÐ** Loksins, loksins var sviðið hjá RÚV ekki einhver „korný“ nostalgía heldur starfsfólki sjónvarpsstöðvarinnar til sóma.



▶ **20.40** *Spenna*
VERONICA MARS



▶ **22.15** *Drama*
OVER THERE



▶ **21.30** *Spenna*
REUNION



▶ **20.00** *Lífstíll*
BORGIN MÍN



▶ **19.30** *Fótbolti*
ARSENAL – WIGAN

## SJÓNVARPIÐ

**17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Allt um dýrin (22:25) **18.25** Tommi togvagn (14:26)

**18.30 Gló magnaða (35:52)**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
**20.30 Íslensku tónlistarverðlaunin 2005** Kynntar verða tilnefningar til verðlaunanna.
▶ **20.40 Veronica Mars (17:22)** Bandarísk spennuþáttaröð um unga konu sem tekur til við að fletta ofan af glæpamönnum eftir að besta vinkona hennar er myrt og pabbi hennar missir vinnuna.
**21.25 Nærmynd – Baltasar Kormákur** Þáttur um Baltasar Kormák kvikmyndaleikstjóra.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Njósnadeildin (4:10)** Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

**23.20** Allir litir hafsins eru kaldir (2:3) **0.05** Kastljós **1.05** Dagskrárlok

## STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Martha **10.20** My Sweet Fat Valentina **11.10** Grey's Anatomy (9:9)

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi 2005 **13.05** The Guardian **13.50** LAX **14.35** Extreme Makeover – Home Edition **16.00** Shin Chan **16.20** Töframaðurinn **16.40** He Man **17.05** Töfrastígvélin **17.15** Bold and the Beautiful **17.40** Neighbours **18.05** The Simpsons 12

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**19.35 Strákarnir**
**20.05 Fear Factor (23:31)**
**21.30 Numbers (9:13)** (Tölur) Nýr bandarískur sakamálaþáttur um stærðfræðisnilling sem vinnur með bróður sínum, sem er yfirmaður hjá FBI, við að leysa snúin sakamál. Bönnuð börnum.
▶ **22.15 Over There (13:13)** (Á vígaslóð) Glænýir, umtalaðir bandarískir spennu- og dramaþættir sem gerast meðal bandarískra hermanna í yfirstandandi stríði í Írak. Í þessum lokaþætti fyrstu þáttaraðar fær herflokkurinn það verkefni að vernda hóp fólks. Bönnuð börnum.

**23.00** Crossing Jordan **23.45** Nip/Tuck **0.30** Inspector Lynley Mysteries (B.börnum) **1.15** Lockdown (Str. b. börnum) **3.00** Jeepers Creepers 2 (Str. b. börnum) **4.40** Numbers (B. börnum) **5.20** Fréttir og Ísland í dag **6.25** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SIRKUS

**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Fashion Television (2:4)**
**19.30 My Name is Earl (2:24)**
**20.00 Friends 6 (12:24)**
**20.30 Idol extra 2005/2006**
**21.00 American Dad (9:13)**
▶ **21.30 Reunion (2:13)** (1987) Spennuþættir sem fjalla um 6 ungmenni og 20 ár í lífi þeirra; allt frá útskriftinni 1986 fram að endurfundunum 20 árum síðar. Hver þáttur fjallar um eitt ár í lífi þeirra. En á þessum 20 árum koma upp tvær mikilvægar spurningar: Hver vinanna verður fyrstur til að deyja? Og hver vinanna varð valdur að dauða hans?
**22.20 HEX (17:19)** Yfirnáttúrulegir þættir sem gerast í skóla einum í Englandi.

**23.05** Smallville (6:22) **23.50** Friends 6 (12:24) (e) **0.15** Idol extra 2005/2006

## SKJÁREINN

**17.55** Cheers – 10. þáttaröð **18.20** The O.C. (e)

**19.20 Fasteignasjónvarpið**
**19.30 All of Us (e)**
▶ **20.00 Borgin mín** Fjölmargir Íslendingar dveljast langdvölum erlendis við nám, leik eða störf og því margir sem eiga sér sína uppáhaldsborg þar sem þeir þekkja hvern krók og kima. Að þessu sinn verður það söngkonan Védís Hervör Árnadóttir söngkona sem leiðir áhorfendur í allan sannleika um borgina sína, London.
**20.30 How Clean is Your House**
**21.00 Innlit/útlit** Innlit/útlit er á dagskrá Skjás eins sjöunda árið í röð.
**22.00 Judging Amy** Bandarískir þættir um lögmanninn Amy sem gerist dómari.
**22.50 Sex and the City**

**23.20** Jay Leno **0.05** The Handler (e) **0.50** Cheers – 10. þáttaröð (e) **1.15** Fasteignasjónvarpið (e) **1.25** Óstöðvandi tónlist

## SÝN
besta sætið

**18.00** Íþróttaspjallið **18.12** Sportið

**18.30 Bestu bikarmörkin** (Arsenal Ultimate Goal Collection Bikarveisla að hætti Arsenal en félagið hefur níu sinnum sigrað í keppninni (FA Cup).
▶ **19.30 Enski deildabikarinn** (Arsenal – Wigan) Bein útsending frá síðari leik Arsenal og Wigan í undanúrslitum enska deildabikarsins.
**21.30 World Supercross GP 2005-06** (Bank One Ballpark) Nýjustu fréttir frá heimsmeistaramótinu í Supercrossi. H
**22.30 Ensku mörkin** Mörkin og marktækifærin úr enska boltanum, næstefstu deild.

**23.00** Enski deildabikarinn

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Edward Scissorhands (Bönnuð börnum) **8.00** Kissed by an Angel **10.00** Mona Lisa Smile **12.00** Drumline **14.00** Kissed by an Angel **16.00** Mona Lisa Smile **18.00** Drumline **20.00 Edward Scissorhands** (Eddi klippikrumla) Bönnuð börnum. **22.00 Hi-Life** (Lifað hátt) Jimmy er skuldum vafinn og lýgur að kærustunni sinni í þeirri von að verða sér úti um peninga. Hún bítur á agnið og brátt eru allir farnir að safna peningum fyrir fársjúka systur Jimmys. Bönnuð börnum. **0.00** Men With Brooms **2.00** Deeply (Bönnuð börnum) **4.00** Hi-Life (Bönnuð börnum)

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! Entertainment Specials **13.00** E! News **13.30** Fashion Police **14.00** Jackie Collins Presents **15.00** Jackie Collins Presents **16.00** What Hollywood Taught Us About Sex **18.00** Kill Reality **19.00** E! News **19.30** Girls of the Playboy Mansion **20.00** The E! True Hollywood Story **22.00** Girls of the Playboy Mansion **22.30** Girls of the Playboy Mansion **23.00** Celebrity Soup **23.30** Wild On Tara **0.00** E! News **0.30** Gastineau Girls **1.00** Celebrity Soup **1.30** Wild On Tara **2.00** The E! True Hollywood Story

## AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

## ENSKI BOLTINN

**14.00** Birmingham – Portsmouth frá 21.01 **16.00** Bolton – Man. City frá 21.01 **18.00** Everton – Arsenal frá 21.01

**20.00 Að leikslokum (e)**
**21.00 Man. Utd. – Liverpool frá 22.01**

**23.00** Þrumuskot (e) **0.00** Tottenham – Aston Villa frá 21.01 **2.00** Dagskrárlok


ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

LOKAÞÁTTUR

OVER THERE
Ekki missa af lokaþættinum í kvöld kl. 22:15



# VIÐ MÆLUM MEÐ...

Arsenal – Wigan **Sýn kl. 19.30**

## *Undanúrslit í enska deildabikarnum*



*Arsenal og Wigan eigast við í kvöld.*

Síðari viðureignir í undanúrslitum ensku deildabikarkeppninni verða háðar í kvöld og annað kvöld. Sú fyrri verður háð á Highbury í Lundúnum og verður þar með síðasta deildabikarviðureignin á þeim sögufræga leikfvngi, sem verður lokað í sumar. Arsenal tekur þá á móti Wigan Athletics og þótt undarlegt megi virðast þá á hið sigursæla heimalið á brattan að sækja eftir að hafa þurft að sætta sig við 1-0 tap á JJB leikvangi Wigans. Það má því búast við því að Arséne Wengers noti alla sína sterkustu leikmenn sem hann á tiltæka til þess að freista þess að ná í úrslitaleikinn í deildabikarnum, nokkuð sem Arsenal hefur ekki tekist í alllangan tíma enda hefur Wenger lagt litla áherslu á þá keppni.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**6.58** Ísland í bítið. Samsent með Stöð 2 **9.10** Allt og sumt

**12.25** Fréttaviðtalið. **13.05** Bílaþátturinn e. **14.10** Hrafnaþing **15.10** Síðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar **17.59** Á kassanum. Illugi Jökulsson.

**18.30** Fréttir Stöðvar 2 **19.00** Ísland í dag **19.30** Allt og sumt e. **21.30** Á kassanum e. **22.00** Síðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar e.

**0.00** Hrafnaþing Ingva Hrafns e.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.30** Morguntónar **7.05** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.40** Þjóðbrók **9.50** Morgunleikfimi **10.13** Sáðmenn söngvanna **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttayfirlit **12.03** Hádegisútvarp **13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan **14.30** Miðdegistónar **15.03** Tekst, ef tveir vilja **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Vitinn **19.30** Laufskálinn **20.05** Kvöldtónar **20.25** Brautryðjandi íslenskrar menningar **21.05** Til í allt **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Lóðrétt eða lárétt **23.10** Til allra átta **0.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.05** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið

**18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Gettu Betur **21.00** Konsert **22.00** Fréttir **22.10** Rokkland

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík síðdegis. **7.00** Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**8.00** Arnþrúður Karlsdóttir **10.00** Rósa Ingólfsdóttir **11.00** Bláhornið **12.25** Meinhornið **14.00** Kjartan Gunnar Kjartansson

**15.00** Hildur Helga **17.00** Gústaf Nielsson **18.00** Meinhornið **19.00** Bláhornið **20.00** Arnþrúður Karlsdóttir **22.00** Rósa Ingólfsdóttir

**23.00** Kjartan G. Kjartansson **0.00** Hildur Helga **2.00** Gústaf Nielsson **3.00** Rósa Ingólfsdóttir **4.00** Kjartan G. Kjartansson 5.00 Arnþrúður Karlsdóttir

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying



**07.00** *Spjall*

ÍSLAND Í BÍTIÐ

## NFS

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin fyrir hádegi

**12.00** Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttafréttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða/Hádegið-fréttaviðtal. **13.00** Íþróttir/lífsstíll **14.00** Hrafnaþing/Miklabraut **15.00** Fréttavaktin eftir hádegi **18.00** Kvöldfréttir/Íslandi í dag/íþróttir

**20.00** **Fréttir**
**20.10** **Kompás (e)** Íslenskur fréttaskýringarþáttur í umsjá Jóhannesar Kr. Kristjánssonar.
**21.00** **Fréttir**
**21.10** **48 Hours** (48 stundir)(48 Hours 2005-2006) Bandarískur fréttaskýringaþáttur.
**22.00** **Fréttir** Fréttir og veður
**22.30** **Hrafnaþing/Miklabraut** Hrafnaþing er í umsjá Ingva Hrafns Jónssonar og Miklabraut í umsjá Sigurðar G. Tómassonar.

**23.15** Kvöldfréttir/Íslandi í dag/íþróttir **0.15** Fréttavaktin fyrir hádegi **3.15** Fréttavaktin eftir hádegi **6.15** Hrafnaþing/Miklabraut

## ERLENDAR STÖÐVAR

**EUROSPORT**

**12.00** Tennis: Grand Slam Tournament Australian Open **13.45** Football: African Cup of Nations Egypt **15.15** Football: African Cup of Nations Egypt **17.15** Football: African Cup of Nations Egypt **18.00** Football: African Cup of Nations Egypt **20.00** Boxing **22.00** Football: African Cup of Nations Egypt **23.00** Olympic Games: Mission to Torino **23.30** All Sports: Casa Italia: Road to Torino 2006 **23.45** Olympic Games: Olympic Torch Relay **0.00** Tennis: Grand Slam Tournament Australian Open **2.00** Tennis: Grand Slam Tournament Australian Open

**BBC PRIME**

**12.00** Keeping up Appearances **12.30** The Good Life **13.00** Ballykissangel **14.00** Balamory **14.20** Andy Pandy **14.25** Tweenies **14.45** Fimbles **15.05** Captain Abercromby **15.20** The Make Shift **15.35** Jeopardy **16.00** Cash in the Attic **16.30** Ready Steady Cook **17.15** The Weakest Link **18.00** Doctors **18.30** EastEnders **19.00** Space **20.00** Trouble At the Top **20.40** Days that Shook the World **21.30** The Vicar of Dibley **22.00** Human Instinct **22.50** Holby City **23.50** Table 12 **0.00** Doris Lessing: a Part of Me **1.00** Great Romances of the 20th Century **1.30** Great Romances of the 20th Century **2.00** Rough Science

**NATIONAL GEOGRAPHIC**

**12.00** Seconds from Disaster **13.00** Tuna Cowboys **14.00** Megastructures **15.00** Body Attack **16.00** Seconds from Disaster **17.00** Seconds from Disaster **18.00** San Francisco Earthquake **19.00** Mosquito Hell **20.00** Megastructures **21.00** Body Attack **22.00** Seconds from Disaster **23.00** Seconds from Disaster **0.00** Body Attack **1.00** Megastructures

**ANIMAL PLANET**

**12.00** Amazing Animal Videos **12.30** Monkey Business **13.00** Big Cat Diary **13.30** The Snake Buster **14.00** The Life of Birds **15.00** Miami Animal Police **16.00** Pet Rescue **16.30** Wildlife SOS **17.00** Amazing Animal Videos **17.30** The Planet's Funniest Animals **18.00** The Snake Buster **18.30** Monkey Business **19.00** Supernatural **19.30** Big Cat Diary **20.00** Maneaters **20.30** Predator's Prey **21.00** Animal Cops Houston **22.00** Supernatural **22.30** Monkey Business **23.00** Emergency Vets **23.30** Hi-Tech Vets **0.00** Pet Rescue **0.30** Wildlife SOS **1.00** Maneaters **1.30** Predator's Prey **2.00** The Snake Buster

**DISCOVERY**

**12.00** American Chopper **13.00** Rides **14.00** Extreme Engineering **15.00** Extreme Machines **16.00** Scrapheap Challenge **17.00** Birth of a Sports Car **18.00** American Chopper **19.00** Mythbusters **20.00** Building the Winter Games **21.00** Brainiac **22.00** Firehouse USA **23.00** Mythbusters **0.00** Forensic Detectives **1.00** FBI Files **2.00** Dambusters




## FJÓRIR SPURÐIR SJÓNVARPIÐ EFNIR TIL FORKEPPNI Í ÁR

# Hvernig fannst þér fyrsta forkeppni Eurovision?



**Mikilvæg keppni**
Mér leist bara rosalega vel á þetta. Ég er himinlifandi yfir því að það sé haldin svona keppni, þetta er mjög mikilvægt fyrir tónlistarlífið og landann. Ég átti mér þrjú uppáhaldslög. Lagið sem Matti söng fannst mér æðislegt, Friðrik Ómar var svo alveg stórglæsilegur og með ekta Eurovision-lag og í þriðja lagi var það Regína Ósk en eftir á að hyggja fannst mér hún standa upp úr.

*Sessý söngkona.*



**Regína stóð upp úr**
Mér finnst bara fínt að gera svona lagað og mér þótti spurningaþátturinn skemmtilegur. Lögin voru ekkert öll frábær en mér finnst þetta fínt framtak. Mér fannst Regína standa upp úr, flutningurinn var góður hjá henni. Ég er bara voðalega jákvæð en ég vona samt að lögin verði ekki verri.

*Andrea Jónsdóttir útvarpskona.*



**Gefum þessu séns**
Sko, ég held þetta verði allt í lagi, við skulum gefa þessu séns. Það eru náttúrulega tveir þættir eftir en mér fannst eins og ýmsir tæknilegir hlutir væru ekki alveg í toppstandi. Fannst eins og söngvararnir heyrðu ekkert ofsalega vel og þeir voru stundum ekki alveg hreinir. Flottust fannst mér lögin sem Friðrik Ómars og Regína Ósk sungu. Ég hlakka bara til að sjá meira.

*Bergþór Pálsson söngvari.*



**Ágætis alþýðuskemmtun**
Ég sá þarna lagasyrpuna í lokin. Þetta var sérstakt, ég veit ekki hvað ég á að segja um þetta. Ég er ekki viss um við hverju ég á að búast í næstu þáttum og ég veit hreinlega ekki hvort ég horfi á þá. Sennilega er þetta ágætis alþýðuskemmtun, ekki beinlínis efni fyrir mig persónulega en það er fínt ef þjóðin fílar þetta.

*Þorsteinn J. Vilhjálmsson sjónvarpsmaður.*



## HRÓSIÐ

*...fær Stefán Karl Stefánsson fyrir að fara með Regnbogabörn til Ameríku.*



**LÁRÉTT**
**2** knattleiksknött **6** skyldir **8** síðan **9** þangað til **11** mjöður **12** sjávarspendýr **14** fátækrahverfi **16** smáorð **17** for **18** almætti **20** lík **21** nabbi.
**LÓÐRÉTT**
**1** höfuð **3** mannþvaga **4** klögun **5** bergtegund **7** glaður **10** gerast **13** stjaka **15** rænuleysi **16** siða **19** tveir eins.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2** pökk, **6** aá, **8** svo, **9** uns, **11** öl, **12** sækýr, **14** gettó, **16** að, **17** aur, **18** guð, **20** ná, **21** arða. **LÓÐRÉTT: 1** haus, **3** ös, **4** kvörtun, **5** kol, **7** ánægður, **10** ske, **13** ýta, **15** óráð, **16** aga, **19** ðð.






GEFUR VEGGJAKROTI NÝTT LÍF Þórdís Classen gerir veggjakroti hátt undir höfði í nýrri bók sem mun bráðlega líta dagsins ljós.

## ÞÓRDÍS CLASSEN: KYNNIR ÍSLENSKA GÖTULIST

# Öðruvísi landkynning

Þórdís Classen, annar eigandi fataverslunarinnar Ósóma, hefur undanfarin fimm ár unnið að því að gera bók um íslenskt veggjakrot og götulist. Afraksturinn hefur nú loksins litið dagsins ljós og er það bókin Icepick – Icelandic Street Art sem útleggst Ísnál – íslensk götulist. Bókin kemur út í byrjun sumars en hægt er að kíkja á „demo"-útgáfu í versluninni Ósóma.

Þórdís var stödd á vinnustofu sinni þegar Fréttablaðið hafði hana uppi en verslunareigandinn var á þönum og hafði varla tíma til að spjalla um þetta höfundarverk sitt. Það eru nokkur ár síðan Þórdís fékk fyrst áhuga á þessari fordæmdu menningu sem að margra mati er ekkert annað en hrein skemmdarfíkn. „Þetta byrjaði allt á því að ég ljósmyndaði verk sem mér fannst skemmtileg þegar ég var yngri," segir Þórdís. „Þegar ég var í grafískri hönnun í Listaháskólanum var skissa að þessari bók útskriftarverkefni mitt og ég fór til Parísar og tók þar myndir í hana af veggja- og götulist," útskýrir hún en sú útgáfa kom út í tíu eintökum.

Icepick verður í öllu stærra upplagi og kemur bókin út í Bandaríkjunum, Japan og víðast hvar í Evrópu. „Þetta er öðruvísi landkynning en Gullfoss og lundi," segir hún. Bolir Ósóma hafa einnig verið vinsælir meðal útlendinga og er það þá helst kindin fræga sem hefur vakið athygli. „Bókin er svona hliðarverkefni með versluninni," bætir Þórdís við.

Úti í hinum stóra heimi er veggjakrot mjög stór hluti af listaflórunni og undanfarið hefur borið sífellt meira á því hér á landi. Þeir sem ganga upp og niður Laugaveginn reka oft augun í veggjakrot en mörgum finnst þetta vera sjónmengun af versta tagi. Þórdís tekur undir það að einhverju leyti. „Það er hlaupin aukin harka í þetta því það er markvisst verið að skemma eignir annarra með það fyrir augum að skapa sér nafn innan þessa geira," segir Þórdís en tekur skýrt fram að hún einbeiti sér ekki að þessum skemmdarvörgum. „Ég vil varpa ljósi á skemmtilegar hugmyndir og listamenn sem nota veggina sem striga með það fyrir augum að fegra en ekki skemma."

**freyrgigja@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Þingkonan **Katrín Júlíusdóttir** hefur hugsað sérlega vel um heilsuna upp á síðkastið og nýtir hverja frímínútu í hreyfingu. Þegar Bláfjöll opnuðu var hún mætt fyrst manna til að renna sér niður brekkurnar og njóta útiverunnar. Á bloggsíðu sinni hrósar hún heilbrigðum unglingum sem taka skíðaiðkun fram yfir skemmtanalíf. „Það vakti þó athygli mína í þessari skíðaferð í Bláfjöllin hversu mikið af unglingum þar voru saman komnir á föstudagskvöldi - en fólk undir tvítugu var mikill meirihluti gesta. Það geislaði af þeim hreystin og gleðin yfir langþráðri opnun á svæðinu. Þetta fékk mig til að hugsa hversu oft maður heyrir neikvæðar fréttir af unglingum. Af hverju er ekki fjallað um allan þann fjölda unglinga sem streymir í fjöllin til að iðka afar góða og heilbrigða útiveru og það á föstudagskvöldi?!" segir Katrín sem má ekkert vera að því að fara á Ölstofuna þessa dagana eftir að hún datt í heilsubrunninn.



Spurningakeppni framhaldsskólanna, Gettu betur, er í fullum gangi og senn skýrist hvaða sextán lið munu etja kappi í sjónvarpinu. Eins og kunnugt er leystu þau **Sigmar Guðmundsson** og **Anna Katrín Jónsdóttir** þá **Loga Bergmann Eiðsson** og **Stefán Pálsson** af hólmi í hlutverkum spyrils og dómara. Nokkur kurr hefur þó verið meðal sumra unnenda keppninnar, sem finnst Anna spyrja of þungra spurninga og hafa horfið frá ýmsum góðum siðum. **Stefán Pálsson** er mikill reynslubanki og hefur verið ötull við að koma með nytsamlegar ábendingar á víðlesinni heimasíðu sinni um hvað megi betur fara. Fáir þykja marktækari í þessum efnum en Stefán, sem er í augum margra hálfguð í Gettu betur-fræðunum, en athygli vekur að hann kýs að koma athugasemdum sínum á framfæri með þessum hætti, í í stað þess að senda Önnu og félögum persónulegt sendibréf, tölvupóst eða bara slá á þráðinn. Segja sumir þetta einfaldlega vera það sem menntskælingar kalla „diss".






# Þættirnir eru brautryðjendaverk

Þeir voru ófáir sjónvarpsáhorfendurnir sem sátu límdir fyrir framan skjáinn á sunnudagskvöld þegar annar þáttur sakamálaflokksins, Allir litir hafsins eru kaldir, var sýndur. Ekki virðast öll kurl komin til grafar því Margrét húshjálp fann barnslík í frystikistu hins myrta Júlíusar. Þættirnir hafa fengið prýðilega dóma og hefur frammistaða Þórunnar Lárusdóttur vakið athygli.

Leikkonan fer með hlutverk Millu sem er systir dópistans Jóa sem kemur heim frá frægðarlífi sínu í Danmörku til að veita henni stuðning á þessum síðustu og verstu tímum. Þórunn var í bíltúr með móður sinni þegar Fréttablaðið náði tali af henni. „Ég er alveg ofboðslega ánægð með þetta framtak þeirra Önnu og Ólafs Rögnvaldsbarna því það er erfitt að gera svona verkefni í dag," segir Þórunn og telur systkinin vera brautryðjendur á þessu sviði.



ÞÓRUNN OG HILMIR SNÆR Þættirnir Allir litir hafsins eru kaldir hafa slegið í gegn.

Þættirnir þykja mjög vel gerðir enda telur Þórunn okkur Íslendinga eiga mjög fært tæknifólk sem fái ekki úr nógu miklu að moða. „Mér finnst eins og það skorti vilja stjórnvalda en svo vantar líka alltaf peninga," bætir leikkonan við. Rúmt ár er liðið frá því tökum lauk og þó að Þórunn segi að vissulega hefði verið gaman að sjá þættina fyrr sé ekkert síðra að sjá þá núna. „Mér líður bara eins og venjulegum áhorfanda."

Þótt persóna Þórunnar virðist í fljótu bragði ekki vera mikil fjölskyldukona er Þórunn sjálf nú að koma sér upp sinni fjölskyldu því hún á von á sínu fyrsta barni með kærasta sínum, Snorra Petersen. „Við erum auðvitað mjög spennt yfir þessu og hamingjusöm," segir Þórunn.

-fgg

# Hive Lite

NÚNA FÆRÐU 8Mb TENGINGU, 4GB NIÐURHAL, OG ÞRÁÐLAUST INTERNET Á AÐEINS

**3.990**

Á MÁNUÐI?*

*M.v. 12 mánaða samning.

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**









**BAKÞANKAR**


KRISTÍNAR HELGU GUNNARSDÓTTUR


## *Nottla geggt*

Fór í bæinn í gær í kreisí veðri. Fengum á okkur fokking haglél. Við bara sjitt. Við nottla bara GARRG. Er mar sikk eða er mar klikk að vera úti í svona ógesslu vesenveðri? Sossem varidda kúl þegar mar var mættur. Aþþí útsölurnar voru geggt spennó. Frekar fáir keflingar í bænum, en samt stuð. So fórum við eikkað í búðir. Kíkti á geggt kúl skonna. Hefuru séðá? Það var alve búið að hakka þá helling. Skiluru? Eila voru þeir nebblea ekki on sale. Ég fær mér þá bara seinna ef ég vill. É mun öggla gera þa á morgun. Mér hlakkar geggt til. Snúlli er alve GARRG í dag. Erviður. Akkurru? Það var lamið hann um helgina. Got to pepp me up. Hafðu góða helgi. Lov jú, gæs.

**NÝSLENSKAN** á blogginu væri hreinasta skemmtiefni ef hún væri ekki líka talsvert áhyggjuefni. Mögnuð og fjölskrúðug lýsingarorðaflóra íslenskunnar virðist vera að víkja fyrir sjitt, garrg og alve bara. Margir hafa viðrað áhyggjur sínar af ástkæra og ylhýra undanfarna daga. Aðrir segja þó að íslenskan sé sjálfstæð lífvera sem eigi að fá að lifa sínu lífi óáreitt á vörum landsmanna. Þeir hinir sömu vilja meina að öll afskipti af tungumálinu séu óeðlilegt inngrip í þróunarferli. Málið sér um sig sjálft og hvað með það þótt okkar fornízlenska verði ekki töluð hér eftir hundrað ár? (So?)

**GOTT** og vel. Ef íslenskan er lífvera þá þarf hún næringu og umönnun eins og allar lifandi verur. Samfélag sem fóstrar þessa lífveru þarf að skapa henni þroskandi umhverfi til að vaxa og dafna í. Til eru þær lifandi verur sem rétt draga fram lífið – búa við kröpp kjör og þröngan kost, skortir bætiefni, verða orkulausar og dröslast af veikum mætti í gegnum daginn. Svo eru til verur sem búa við svo mikið áreiti annarra að þær glata sjálfum sér. Eins má finna verur sem lenda tímabundið í ræsinu en ná sér upp úr því með innri styrk og hjálp góðra manna. Því er þannig farið með lífverur að þær þurfa á öðrum að halda.

**EF** íslenskan er lífvera þá ber þjóðinni skylda til að styðja hana á fætur, þurrka framan úr henni slefið, snýta henni duglega og fylgja svo þessum ástvini sínum í meðferð – fyrirgefa henni ruglið, taka þátt í meðferðinni og hjálpa henni svo að taka einn dag í einu um ókomna tíð. Það er nottla geggt næs.





HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 4053

**KIA Sportage** er öflugur og ríkulega búinn sportjeppi með handvirkri læsingu milli fram- og afturhjóla. Af staðalbúnaði má nefna stöðugleikastýringu (ESP), ABS hemlalæsivörn, hraðastilli (Cruise Control), hita í speglum og sætum, 16" álfelgur og 8 öryggisloftpúða.

**Sportage 2,7 24V 175 hestöfl, sjálfskiptur, bensín**
**verð aðeins 2.695.000 kr.**

*KIA umboðið er eini viðurkenndi sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi.*
*3 ára ábyrgð.*

**KIA Sportage** er sigurvegari í sínum flokki, samkvæmt glænýrri gæðakönnun hins virta alþjóðlega rannsóknarfyrirtækis JD Power. Könnunin náði til 115 þúsund bíleigenda í Bandaríkjunum.

KIA
KIA MOTORS

HEKLA **KIA umboðið** á Íslandi er í eigu Heklu hf.

Laugavegi 172 • Reykjavík • sími 590 5700






ALLT AÐ 75% LÁNS HLUTFALL

**ATVINNUHÚSNÆÐISLÁN**

Þú velur húsnæðið sem hentar þér – okkar markmið er að veita framúrskarandi þjónustu á sanngjörnum kjörum. Komdu til okkar í **Lágmúla 6**, hringdu í **540 5000** eða sendu okkur póst á **frjalsi@frjalsi.is**.

FRJÁLSI
FJÁRFESTINGARBANKINN